**DAÐI RAFNSSON**

*Býður skipti á bleikum bíl*

bílar ferðir

allt Í MIÐJU BLAÐSINS



**ARNAR STEINN ÞORSTEINSSON**

*Þýddi Guðberg Bergsson yfir á kínversku*

Sneri frá Kína með BA-próf og japanska kærustu.

VIÐTAL 28









# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

12. ágúst 2006 — 214. tölublað — 6. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 550 5000


## LAUGARDAGUR

### Græddi vel á Miami Vice



Sævar Karl Ólason klæðskeri segist hafa selt vel af tvíhnepptum jakkafötum þegar vinsældir sjónvarpsþáttanna Miami Vice voru sem mestar hérlendis. Hann segir þættina hafa aukið fjölbreytni í fatavali karla.

LÍFSSTÍLL 36

### Alltaf bongóblíða

Fiskidagurinn mikli er haldinn hátíðlegur í dag á Dalvík og að sögn Úlfars Eysteinssonar, yfirkokks dagsins, verður boðið upp á alls kyns kræsingar úr hafinu.

TÍMAMÓT 24

### Samþykkt af sænska kónginum



Þórunn Harðardóttir er einn af yngstu ræðismönnum landsins. Hún var sett í starfið eftir að Karl Gústaf Svíakonungur samþykkti hana.

FÓLK 58

### Molde vill Marel



Norska úrvalsdeildarliðið Molde hefur sent Breiðabliki tilboð í framherjann og landsliðsmanninn Marel Baldvinsson, sem er markahæstur leikmanna í Landsbankadeild karla. Marel útilokar ekki að fara til Noregs en vill klára tímabilið með Breiðabliki.

ÍÞRÓTTIR 54

## VEÐRIÐ Í DAG




**VÆTAN NÁLGAST-** Í dag verður vaxandi suðaustanátt um sunnan- og vestanvert landið, 5-10 m/s síðdegis. Rigning eftir hádegi á vesturhluta landsins en bjart framan af degi austan til. Rigning þar í nótt. Hiti 10-18 stig.

VEÐUR 4








**F-15 HERÞOTURNAR FLJÚGA BROTT** Síðustu þrjár F-15 þoturnar, sem séð hafa um loftvarnir Íslands um árabil, eru farnar af landi brott fyrir fullt og allt. Þoturnar hófu sig á loft frá Keflavíkurflugvelli fyrir hádegi í gær. Vélin sem sést á myndinni var sú síðasta til að fara. **Sjá síðu 2.**

MYND/BALDUR SVEINSSON

# Til skoðunar að heimila hvalveiðar

**Sjávarútvegsráðuneytið kannar möguleika á því að hefja hvalveiðar í atvinnuskyni. Íslendingar eru ekki lengur skuldbundnir til þess að banna hvalveiðar. Málið verður líklega rætt innan ríkisstjórnarinnar á næstunni.**

**HVALVEIÐAR** Sjávarútvegsráðuneytið er að kanna möguleikann á því að heimila á ný hvalveiðar í atvinnuskyni. Heimildir Fréttablaðsins herma að málið sé komið á rekspöl. Engin ákvörðun hefur þó enn verið tekin. Meiri líkur eru á því að mjög takmarkaðar atvinnuveiðar á hrefnu verði leyfðar í haust en á stórhvölum. Ef veiði á stórhvölum yrði leyfð yrði aðeins um örfá dýr að ræða.

Stefán Ásmundsson, skrifstofustjóri í sjávarútvegsráðuneytinu, segir að starfsmenn ráðuneytisins velti fyrir sér ýmsum möguleikum en ekki sé búið að taka neina ákvörðun um að hefja hvalveiðar. Málið hefur ekki verið rætt innan ríkisstjórnarinnar, en samkvæmt heimildum blaðsins er hugsanlegt að það komi inn á borð hennar á næstunni.

Árið 2002 þegar Íslendingar gengu í Alþjóðahvalveiðiráðið, eftir að hafa gengið úr því tíu árum áður, skuldbundu þeir sig til þess að hefja ekki hvalveiðar í atvinnuskyni fyrr en árið 2006.

Stefán segir að nú séu Íslendingar ekki lengur skuldbundnir til þess að banna hvalveiðar.

„Við höfum þjóðréttarlegan rétt til þess að hefja hvalveiðar en það er ekki þar með sagt að við byrjum veiðar um leið og við megum það. Takmörkunin var annars vegar fólgin í því að við myndum ekki byrja veiðar fyrir 1. janúar 2006 og hins vegar ekki á meðan það væri framgangur í viðræðum um endurskoðun stjórnkerfis hvalveiðiráðsins. Þeim framgangi lauk á ársfundinum fyrir rúmu ári síðan.“

Hvalveiðar voru stundaðar við Ísland allt til ársins 1989, þegar hvalveiðibann tók gildi. Árið 2003 hófust hrefnuveiðar í vísindaskyni við strendur landsins og í ár var kvótinn fimmtíu dýr. Veiðitímabilinu lýkur á mánudaginn og að sögn Gunnars Bergmann, framkvæmdastjóra Félags hrefnuveiðimanna, höfðu í gær veiðst 45 hrefnur. Hann segir að sér lítist vel á það að heimila veiðar í atvinnuskyni á ný.

„Ég fagna því ef það verður reyndin. Í sumar höfum við veitt tæplega fimmtíu dýr og mikil eftirspurn er eftir kjötinu. Markaðurinn er því sannarlega fyrir hendi.“

Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra vildi ekki tjá sig um málið. **- th/sþs**

Jónína Bjartmarz:

# Útilokar ekki hátekjuskatt

**STJÓRNMÁL** Jónína Bjartmarz umhverfisráðherra útilokar ekki að taka verði upp hátekjuskatt að nýju til að sporna gegn vaxandi misskiptingu tekna í samfélaginu, auk þess sem endurskoða verði skattlagningu á fyrirtæki og fjármagnstekjur. Það er spurning hvort ekki megi auka álögur á fyrirtæki og fjármagnseigendur en lækka þær á venjulegt launafólk. Þá vil ég ekki útiloka að við tökum á einhvern hátt upp annað skattþrep og hátekjuskatt á tekjur sem ná þeim fjárhæðum sem venjulegt fólk á erfitt með að skilja sem launatekjur,“ segir hún.

Á flokksþingi Framsóknarflokksins um næstu helgi verður kosið milli Jónínu og Guðna Ágústssonar í embætti varaformanns flokksins og segist Jónína taka niðurstöðunni hver sem hún verði.

Sjá síðu 10 /- ssal






Ný ályktun öryggisráðs SÞ um vopnahlé í Líbanon:

# Rice bjartsýn á málamiðlun

**SAMEINUÐU ÞJÓÐIRNAR, AP** Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, og aðrir háttsettir fulltrúar aðildarríkja öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna kepptust í gær við að koma saman nýrri ályktun sem ætlað er að stuðla að því að átökum Ísraelshers og Hizbollah-liða í Líbanon linni. Vonir stóðu til að samkomulag tækist í gærkvöld að bandarískum tíma, í nótt að íslenskum tíma.

Þrátt fyrir þetta ákvað Ehud Olmert, forsætisráðherra Ísraels, að fela hernum að hefja stóraukinn landhernað í Suður-Líbanon. Olmert lýsti sig óánægðan með þau drög að vopnahlésáætlun sem til umræðu voru hjá Sameinuðu þjóðunum, að því er talsmaður ísraelska utanríkisráðuneytisins, Mark Regev, greindi frá.

Rice sagði að þessi yfirlýsing Olmerts breytti engu um að unnið væri áfram af kappi að pólitískri lausn deilunnar. „Við stefnum að því að bera nýja tillögu undir atkvæði (í öryggisráðinu) í dag,“ sagði hún síðdegis.



CONDOLEEZZA RICE

Ísraelskir stjórnarerindrekar sögðu óánægju þeirra sprottna af málamiðlun sem miðaði að því að taka aukið tillit til athugasemda Líbanonsstjórnar varðandi friðargæslulið sem sent yrði í nafni SÞ til Suður-Líbanons og hefði það hlutverk að hjálpa til við að skipuleggja brottför Ísraelshers þaðan. **- aa**



## SPURNING DAGSINS

*Einar, eru það ekki bara músaveiðar næst?*

„Því ræður löggjafinn og þá mun ég gæta þess mjög vel að vera vel lesinn í þeim lögum.“

Í reglugerð um veiðikort og hæfnispróf veiðimanna segir að allir sem stunda veiðar á villtum dýrum, öðrum en rottum og músum, skuli afla sér veiðikorts. Lundaveiðimanninum Einari K. Guðfinnssyni sjávarútvegsráðherra var ekki kunnugt um reglugerðina og hefur veitt lunda í mörg ár veiðikortslaus.

Allar flugvélar varnarliðsins eru farnar af landinu nema tvær björgunarþyrlur:

# Síðustu F-15 þoturnar farnar

**VARNARLIÐIÐ** Síðustu þrjár F-15 þotur varnarliðsins í Keflavík fóru af landi brott í gærmorgun.

Tvær björgunarþyrlur eru einu flugvélar varnarliðsins sem á eftir að flytja burt og verður það líklegast gert einhvern tímann í september, að sögn Friðþórs Eydal, upplýsingafulltrúa varnarliðsins.

F-15 þoturnar hafa verið nokkurs konar tákngervingar varna Bandaríkjanna á Íslandi í umræðunni um varnarmálin og hefur mikil áhersla verið lögð á veru þeirra hér sem sýnilegra varna á Íslandi.

Í maí árið 2003 tilkynnti sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi íslenskum stjórnvöldum að kalla ætti þoturnar burt en þau fyrirmæli voru dregin til baka nokkrum dögum síðar. Í mars síðastliðnum tilkynntu svo bandarísk stjórnvöld að þoturnar yrðu kallaðar heim.

Flutningar á bílum og öðrum tækjum sem geta nýst annars staðar standa einnig yfir jöfnum höndum að sögn Friðþórs og er öllu öðru komið í lóg hér.

Rétt tæplega sex hundruð manns af starfsfólki varnarliðsins eru enn eftir á Íslandi og er gert ráð fyrir að allir verði farnir í lok september. „Fólkið er að fara bara smátt og smátt. Hraði brottflutninganna fer eftir því sem fólkið er tilbúið til ferðar og störf eru til reiðu handa því,“ segir Friðþór. **- sdg**



**ÞYRLA VARNARLIÐSINS** Þyrlurnar fara væntanlega í september. MYND/BALDUR SVEINSSON

Sofnaði undir stýri og velti bíl:

# Stálheppin að enda ekki í gili

**LÖGREGLUMÁL** Litlu mátti muna að alvarlegt slys yrði þegar erlendur ferðamaður sofnaði undir stýri og velti bíl sínum skammt frá Húsafelli síðdegis í gær.

Þegar ökumaðurinn dottaði undir stýri kippti konan hans, sem sat í farþegasætinu, í hann. Við það hrökk maðurinn við, ók þvert yfir veginn og út af. Bíllinn fór tvær og hálfa veltu og staðnæmdist á hvolfi rétt við stærðarinnar gil. Að sögn lögreglunnar í Borgarnesi var fólkið stálheppið að ekki fór mjög illa, en það slapp án teljandi meiðsla. Bíllinn ku vera gerónýtur. **- sh**

# Barist um sætin á þingi Framsóknar

**Fleiri en eitt framboð hafa borist til allra þriggja æðstu embætta Framsóknarflokksins, sem kosið verður í á flokksþinginu 19. ágúst. Barátta var um sæti á þinginu, að sögn formanns framsóknarfélagsins í syðra Reykjavíkurkjördæmi.**

**STJÓRNMÁL** Kosið verður í öll embætti æðstu stjórnar Framsóknarflokksins á flokksþinginu 19. ágúst og fyrir liggur að nýr formaður og nýr ritari flokksins munu taka við taumunum.

Þrír sækjast eftir formennsku í flokknum. Siv Friðleifsdóttir, heilbrigðisráðherra og núverandi ritari flokksins, tilkynnti um framboð sitt í fyrradag en áður hafði Jón Sigurðsson iðnaðar- og viðskiptaráðherra stigið fram. Þriðji frambjóðandinn er athafnamaðurinn Haukur Haraldsson, sem þykir eiga litla möguleika.

Núverandi varaformaður flokksins, Guðni Ágústsson, sækist áfram eftir embættinu, en Jónína Bjartmarz umhverfisráðherra gerir það einnig.

Þá sækjast þingmaðurinn Birkir Jón Jónsson og fyrrum formaður Sambands ungra framsóknarmanna, Haukur Logi Karlsson, eftir ritaraembættinu.

Að sögn Sigurðar Eyþórssonar, framkvæmdastjóra flokksins, á 171 aðalmaður úr miðstjórn flokksins sæti á flokksþinginu, auk fulltrúa frá flokksfélögum um allt land. Öll félög eiga rétt á einum fulltrúa á flokksþingið fyrir hverja fimmtán skráða félaga. „Ef þau fullnýta sinn kvóta geta þetta orðið allt að níu hundruð manns,“ segir Sigurður.

Stærsta framsóknarfélagið er úr syðra Reykjavíkurkjördæmi og eiga sjötíu fulltrúar þess sæti á þinginu. Stærsta kjördæmið er hins vegar Norðvesturkjördæmi, þaðan kemur 181 fulltrúi, en á svæðinu eru hins vegar 26 flokksfélög.



**LISTARNIR SKOÐAÐIR** Erill var á skrifstofu Framsóknarflokksins við Hverfisgötu í gær. Hér sjást Ragna Ívarsdóttir, Sigurður Eyþórsson framkvæmdastjóri og Einar Gunnar Einarsson skoða hluta kjörbréfanna sem framsóknarfélög víða af landinu skiluðu síðdegis.

Fulltrúar félaganna á flokksþingið eru valdir á fundum félaganna og oft er slegist um þau sæti sem í boði eru. Formaður félagsins í Reykjavíkurkjördæmi suður, Ingólfur Sveinsson, segir það hafa verið raunina hjá þeim í ár. „Það var barátta. Þeir sem vildu vera aðalmenn fyrir félagið voru 171 talsins og við höfum sjötíu sæti.“

Frestur félaga til að skila kjörbréfum með nöfnum aðalmanna rann út síðdegis í gær.

Á þinginu er fyrst kosið um formann, þá varaformann og síðast ritara. Heimilt er að rita nafn hvaða flokksbundins framsóknarmanns sem er á kjörseðilinn.

**stigur@frettabladid.is**



**UNDIRBÚNINGUR** Emil Þór og Klara leggja lokahönd á undirbúning Hinsegin daga. Hátíðin var sett í gær og leggur skrúðganga af stað frá Rauðarárstíg klukkan tvö í dag.

Hinsegin dagar hefjast:

# Hýrir skrýðast

**HÁTÍÐ** Opnunarhátíð Hinsegin daga fór fram í gærkvöldi. Hátíðin er haldin hér á landi í áttunda sinn. Hátíðin, sem nefnist Gay Pride á ensku, er ein af stærstu útihátíðum borgarinnar á hverju ári.

Skrúðganga leggur af stað frá Rauðarárstíg klukkan tvö í dag og heldur eftir Laugaveginum niður í Lækjargötu. Í fyrra voru þátttakendur í skrúðgöngunni rúmlega fjörutíu þúsund.

Heimir Már Pétursson, framkvæmdastjóri hátíðarinnar, segist vona að jafn margir ef ekki fleiri taki þátt í hátíðinni í ár, en hún hefur farið stækkandi með hverju ári síðan hún var haldin fyrst. **- sþs**

Suðaustur-Kína:

# Yfir 100 manns farast í fellibyl

**KÍNA, AP** Minnst 104 manns fórust þegar fellibylurinn Saomai reið yfir suðausturhluta Kína á fimmtudag og föstudag. Nær tvö hundruð manns er saknað.

Fellibylurinn er einn sá sterkasti í hálfa öld og telja yfirvöld að hann hafi lagt yfir fimmtíu þúsund heimili í rúst. Yfir 1,6 milljónum manns var gert að yfirgefa heimili sín áður en stormurinn kom að landi seint á fimmtudag en tugum þúsunda báta var lagt við höfn. Fjölmargir þeirra eru gjörónýtir eftir veðurofsann.

Mest fóru vindhviðurnar upp í 75 metra á sekúndu. **- smk**



**SLAGORÐ MÓTMÆLENDA** Meðal þess sem úðað hafði verið var „Jörðin er ekki að deyja, Alcoa er að myrða hana,“ skrifað á ensku. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

Andstæðingar Alcoa:

# Úðuðu slagorð á húsnæði Alcoa

**MÓTMÆLI** Andstæðingar virkjanaframkvæmda og álvers Alcoa á Reyðarfirði úðuðu í gær málningu á höfuðstöðvar Alcoa og Bechtel, sem staðsettar eru við Suðurlandsbraut í Reykjavík.

„Þetta voru bara slagorð gegn Alcoa,“ segir Erna Indriðadóttir, talsmaður Alcoa á Íslandi. „Það hefur verið krassað og skotið úti um allan bæ. Ef fólk kýs að koma skoðunum sínum á framfæri á þennan hátt, þá þau um það. Íslandsvinir stóðu vel að sínum aðgerðum fyrir austan. En svo er eins og aðgerðir sumra snúist mest um að ergja lögregluna.“ **- sgj**

Veiðimálayfirvöld í Noregi:

# Bjarndýraveiðar heimilaðar

**NOREGUR, AP** Norsk veiðimálayfirvöld heimiluðu í gær í fyrsta sinn veiðar á skógarbjörnum í Finnmörku, nyrst í landinu.

Skógarbirnir eru friðaðir í Noregi, en vegna þess hve mjög þeim hefur fjölgað þar nyrðra á síðustu árum var ákveðið að heimila að þrír birnir yrðu felldir í haust.

Um fimmtíu birnir eru nú taldir lifa í Finnmörku en norska Stórþingið ályktaði árið 2004 að heildarfjöldi skógarbjarna í landinu ætti ekki að fara yfir 150 dýr. **- aa**

Vísitala neysluverðs hækkar:

# Verðbólga mælist 8,1%

**VÍSITALA** Vísitala neysluverðs nú í ágúst er 264 stig og hækkaði um 0,34 prósent frá því í júlí.

Vísitala neysluverðs án húsnæðis er 243,7 stig og hækkaði um 0,28 prósent frá júlí. Þá hækkaði verð á dagvörum um 0,9 prósent og viðhaldsliður húsnæðis hækkaði um 3,5 prósent.

Síðustu tólf mánuði hefur vísitalan hækkað um 8,6 prósent en vísitala neysluverðs án húsnæðis hefur hækkað um 7,1 prósent. Undanfarna þrjá mánuði hefur vísitala neysluverðs hækkað um tvö prósent, sem jafngildir 8,1 prósents verðbólgu á ári. **- hs**

## SVÍÞJÓÐ

**Ritstjóri DN segir af sér** Ritstjóri sænska dagblaðsins Dagens Nyheter, Jan Wifstrand, tilkynnti í gær að hann væri á förum frá blaðinu. Hann tók við sem ritstjóri árið 2003 og sagðist þá aðeins ætla að gegna starfinu í þrjú til fimm ár. Óljóst er hver muni taka við af honum.

Fjórir í gæsluvarðhaldi eftir smygltilraun í Leifsstöð:

# Par tekið með tvö kíló af kókaíni

**FÍKNIEFNI** Par um tvítugt var handtekið í Flugstöð Leifs Eiríkssonar, rétt fyrir miðnætti á miðvikudagskvöldið, með um tvö kíló af kókaíni í fórum sínum.

Tollgæslan á Keflavíkurflugvelli stöðvaði parið, sem var að koma frá London, við hefðbundið eftirlit og við leit fundust um tvö kíló af kókaíni.

Í framhaldi voru tveir menn um tvítugt sem biðu eftir parinu handteknir í móttökusal flugstöðvarinnar. DV hefur eftir vitnum að lögreglumenn hafi þust inn í flugstöðvarbygginguna og handtekið hina grunuðu. Um samvinnu lögregluembættanna í Keflavík og Reykjavík var að ræða. Ekki fékkst uppgefið hvort lögregla hefði haft vitneskju um komu parsins fyrir fram. Fólkið hefur ekki komið við sögu lögreglunnar áður.

Fjórmenningarnir sitja enn í gæsluvarðhaldi vegna málsins og hefur einn maður til viðbótar verið handtekinn, grunaður um aðild. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins stendur yfir umfangsmikil leit lögreglu að fleiri einstaklingum sem taldir eru tengjast málinu.

Ef efnið reynist hreint hefði það dugað í efni að andvirði um fjörutíu til sextíu milljónir króna. **- æþe**







ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS ICE 33715 06/2006

FLUG OG GISTING Í 2 NÆTUR FRÁ 39.900 KR.*

Finnbogi Rútur, sendifulltrúi, segir frá París í nýjum haust- og vetrarbæklingi Icelandair, Mín borg. Við bjóðum úrval pakkaferða, helgarferða til 19 áfangastaða austan hafs og vestan, golfferða og sérferða. Kynnið ykkur málið og takið síðan ákvörðun. Ævintýrin liggja í loftinu.

+ Bókaðu á www.icelandair.is

Safnaðu Vildarpunktum

VISA Punktarnir upp í | MasterCard Ferðaávísun gildir

WWW.ICELANDAIR.IS

*Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting á mann í tvíbýli á Holiday Inn République, morgunverður og þjónustugjald. Ferðatímabil: 9.-11. desember 2006 / 20.-22. janúar 2007.
Handhafar Vildarkorta VISA og Icelandair geta nýtt 10.000 Vildarpunkta sem 6.000 króna greiðslu upp í flugfargjald með áætlunarflugi Icelandair. Þetta flug gefur 3.600 - 9.000 Vildarpunkta.

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 11.8.2006

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 70,77 | 71,11 |
| Sterlingspund | 134,22 | 134,88 |
| Evra | 90,40 | 90,90 |
| Dönsk króna | 12,115 | 12,185 |
| Norsk króna | 11,371 | 11,437 |
| Sænsk króna | 9,825 | 9,883 |
| Japanskt jen | 0,6099 | 0,6135 |
| SDR | 105,09 | 105,71 |

*Gengisvísitala krónunnar*
125,1323

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Hert eftirlit með farþegum á leið til Bandaríkjanna á Keflavíkurflugvelli:

# Engan vökva í handfarangri

**EFTIRLIT** Á Keflavíkurflugvelli er enn strangt eftirlit með farþegum á leið til Bandaríkjanna. Leitað er í handfarangri allra farþega, en blátt bann við handfarangri er ekki í gildi. Stranglega bannað er að ferðast með vökva í handfarangri á leið til Bandaríkjanna, en enn er heimilt að ferðast með rafeindabúnað til dægrastyttingar.

Farþegum gefst kostur á að koma vökva sem þeir kaupa í fríhöfninni með í flugið, með því að afhenda vökvann vopnaleitarmönnum sem koma honum fyrir ásamt almennum farangri í lest flugvélarinnar. Leitin fer fram á sérstöku svæði í suðurhluta flugstöðvarinnar. „Þessar ráðstafanir falla ekki inn í venjubundna vinnuferla og því þurfum við að kalla út átján manns aukalega til að koma í veg fyrir tafir,“ segir Jóhann R. Benediktsson, sýslumaður á Keflavíkurflugvelli. Að sögn Jóhanns er alls óvíst hversu lengi eftirlitið verður með þessum hætti.



**JÓHANN R. BENEDIKTSSON** Segir ekki ljóst hversu lengi hert eftirlit með farþegum til Bandaríkjanna verði í gildi.

Fríhöfn á jarðhæð í suðurhluta Leifsstöðvar hefur verið lokað vegna þessa. „Þegar fólkið er þangað komið er það búið að fara í síðustu vopnaleitina og því var ákveðið að loka versluninni,“ segir Höskuldur Ásgeirsson, framkvæmdastjóri Fríhafnarinnar.

Enn eru engar sérstakar öryggisráðstafanir vegna flugs til Englands. Þó skal bent á að farþegar sem millilenda í Bretlandi á leið frá Íslandi geta átt von á því að vera stöðvaðir með handfarangur. **- æþe**

Þriggja bíla árekstur:

# Velti, fótbrotnaði og olli slysi

**LÖGREGLA** Tveir voru fluttir á slysadeild Landspítalans í Fossvogi eftir umferðarslys á Vesturlandsvegi, skammt frá Beitistöðum, um klukkan þrjú í gær.

Jeppi fór út af veginum og fór nokkrar veltur. Ökumaðurinn, sem var einn í bílnum, var fluttur á spítala og að sögn lögreglunnar í Borgarnesi er hann líklega fótbrotinn. Jeppinn skemmdist nokkuð.

Jeppi sem var í samfloti með hinum hægði þá á sér og við það ók fólksbíll aftan á hann. Ökumaður fólksbílsins meiddist lítillega og var fluttur á slysadeild, en bíll hans er töluvert skemmdur. **- sh**

Tveir struku sama daginn:

# Strokufangi gengur laus

**LÖGREGLA** Lögreglan í Reykjavík lýsir eftir Hilmari Ragnarssyni, 43 ára gömlum fanga af Litla-Hrauni sem strauk af læknastofu í Lágmúla á þriðjudaginn. Hilmar er dökkhærður og grannvaxinn og var klæddur í dökka úlpu, dökkar buxur og ljósa skó. Þeir sem geta gefið upplýsingar um ferðir hans eru beðnir að hafa upplýsingar við lögregluna í Reykjavík.



**HILMAR RAGNARSSON**

Á þriðjudaginn strauk einnig annar fangi þar sem hann var á leið til tannlæknis. Sá fannst þó síðar um kvöldið á Akranesi. Lögregla segir það algjöra tilviljun að báðir hafi strokið sama dag. **- sh**

Erlend kona á bílaleigubíl:

# Hlaut meiðsl á höfði í bílveltu

**LÖGREGLA** Erlend kona á fertugsaldri slasaðist á höfði þegar hún velti bíl sínum á Landvegi norðan við Búrfell um tvöleytið í gær. Konan, sem var á ferð ásamt eiginmanni sínum, ók bílaleigubíl og missti stjórn á honum með fyrrgreindum afleiðingum. Eiginmaðurinn slasaðist minna.

Konan var flutt rakleiðis með sjúkrabíl á slysadeild í Reykjavík til skoðunar. Meiðsl hennar eru ekki meiriháttar. Bíllinn endaði á hvolfi og að sögn lögreglunnar á Hvolsvelli er hann ónýtur. **- sh**

## ÍTALÍA

**40 handteknir** Ítalska lögreglan handtók fjörutíu manns eftir að lögreglan í Bretlandi kom í veg fyrir fyrirhuguð hryðjuverk í flugvélum sem áttu að fljúga frá Bretlandi til Bandaríkjanna.

# Höfuðpaur tengist al-Kaída

**Breska lögreglan hefur birt nöfn 19 manna sem handteknir voru grunaðir um að hafa skipulagt stórfelld hryðjuverk. Pakistönsk yfirvöld segja skýr tengsl vera við al-Kaída. Flugsamgöngur eru enn í lamasessi.**

**LUNDÚNIR, AP** Breska lögreglan birti í gær nöfn nítján þeirra tuttugu og fjögurra sem hún handtók í tengslum við hryðjuverk sem yfirvöld segjast hafa afstýrt á fimmtudag. Fólkið er allt á aldrinum 17 til 35 ára og eru flestir breskir ríkisborgarar af pakistönskum uppruna.

Sjö manns hafa jafnframt verið handteknir í Pakistan í tengslum við málið og af þeim eru tveir breskir ríkisborgarar, að sögn yfirvalda þar í landi.

Í yfirlýsingu frá utanríkisráðuneyti Pakistans í gær kom fram að Rashid Rauf, einn Bretanna tveggja sem handteknir voru í Pakistan, væri höfuðpaurinn í glæpahringnum og sagði Aftab Khan Sherpao innanríkisráðherra Rauf hafa tengsl við al-Kaída hryðjuverkanetið.

„Við deildum upplýsingum sem hann gaf okkur með breskum yfirvöldum, sem leiddi svo til frekari handtaka í Bretlandi,“ sagði innanríkisráðherrann.

Rannsókn málsins er afar víðtæk og tekur til þó nokkurra landa, að sögn rannsóknaraðila.

Hinar meintu hryðjuverkaárásir hefðu valdið „fjöldamorði á óhugsandi mælikvarða,“ kom fram í máli ráðamanna á fimmtudag.

Talið er að fólkið hafi ætlað sér að smygla sprengiefni í fljótandi formi um borð í flugvélar, setja sprengjurnar saman í háloftunum og kveikja í þeim með aðstoð rafeindatækja á borð við myndavélar, að sögn tveggja hátt settra bandarískra lögreglumanna, sem ekki komu fram undir nafni vegna þess hve málið er viðkvæmt.

Þeir sögðu jafnframt að ætlunin hefði verið að sprengja í loft upp allt að tíu bandarískar vélar frá flugfélögunum Continental, United og American Airlines. Vélarnar hefðu væntanlega verið á leið til stórra bandarískra borga á borð við New York, Washington og Los Angeles.



**BARNAMATUR GERÐUR UPPTÆKUR** Öryggisgæsla hefur verið hert til muna á öllum helstu flugvöllum hins vestræna heims. Þessir ungu foreldrar í Denver í Bandaríkjunum virtust þó eiga erfitt með að trúa því að þeim væri bannað að taka barnamat með sér í flugið.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fólkið á að hafa ætlað að prufukeyra smygl sprengiefnanna um borð í vélarnar á fimmtudag, en hin raunverulega árás átti síðan að fara fram örfáum dögum síðar.

Flugumferð var enn ekki komin í samt lag víða um heim í gær og fóru eingöngu um sjötíu prósent flugs meira eða minna eftir áætlun um fjölfarnasta völl Evrópu, Heathrow-flugvöll í Bretlandi.

Allur handfarangur er enn bannaður í millilandaflugi og á Heathrow voru farþegum réttir glærir plastpokar undir það sem leyft er um borð - vegabréf, lífsnauðsynleg lyf, dömubindi og bleyjur. **smk@frettabladid.is**

Hljóðfæraleikarar Bolshoi-ballettsins í klemmu:

# Tónlistarmenn ferðast með lest

**RÚSSLAND** Nýjar reglur um handfarangur í flugvélum neyða tónlistarmenn eins frægasta balletts Rússlands, Bolshoi-ballettsins, til að ferðast með lest frá Rússlandi til Bretlands vegna fyrirhugaðrar sýningar á Svanavatninu í Konunglega óperuhúsinu í London næstkomandi laugardag.

Samkvæmt frétt Aftenposten spila margir tónlistarmannanna á ævaforn rússnesk hljóðfæri sem þeim er bannað samkvæmt samningum að skilja við sig. Eftir að yfirvöld komu í veg fyrir meint hryðjuverk í flugvélum á fimmtudag er hins vegar allur handfarangur bannaður í háloftunum og því verða listamennirnir að ferðast með lest til Bretlands. **- smk**






## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**RIGNING VÍÐA** Þegar líður á daginn fer að rigna á vesturhluta landsins. Nákvæmar tímasetningar eru dálítið snúnar, þar sem spám ber ekki alveg saman. Ég geri þó ráð fyrir að smá væta verði nú fyrir hádegi en að aðal rigningin komi um þrjú leytið eða svo og síðan sigli úrkomusvæðið yfir landið. Það þýðir að víða verður væta í kvöld og nótt og framan af morgundeginum en síðan styttir upp.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG** Suðaustan 5-10 m/s, hvassast síðdegis. Rigning eftir hádegi. Milt.




*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 20°C rigning | London | 19°C skúrir | Alicante | 31°C heiðskírt |
| Billund | 21°C rigning | París | 21°C skúrir | Mallorca | 29°C hálfskýjað |
| Osló | 23°C skúrir | Frankfurt | 20°C skúrir | Algarve | 31°C heiðskírt |
| Stokkhólmur | 25°C léttskýjað | Friedrichshafen | 15°C skúrir | Krít | 30°C heiðskírt |
| Gautaborg | 20°C skúrir | Berlín | 21°C rigning | Las Palmas | 26°C heiðskírt |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# Ótrúlegt verð
## á skólavörum

1+1=2

1 kr/stk
aðeins 2 stk.
á mann




strokleður

1
+0
1

1 kr/stk
aðeins 2 stk.
á mann

reglustika

2+2=4



Vinsælu Extreme Zombie skólavörurnar



Flottar trölla skólavörur



Mikið úrval af pennaveskjum



Vandaðar skólatöskur í úrvali

Gildir til 13. ágúst eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



## KJÖRKASSINN

*Óttast þú hryðjuverk í ferðalögum erlendis?*

| | |
|---|---|
| Já | 29% |
| Nei | 71% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Mun formannskosning efla Framsóknarflokkinn?*

Segðu skoðun þína á visir.is

vísir

Útflutningur dilkakjöts til Bandaríkjanna í uppnámi þar sem lítið kjöt er til:

# Selja helmingi minna af kjöti

**ÚTFLUTNINGUR** Útflutningur Norðlenska á dilkakjöti til Bandaríkjanna verður helmingi minni í ár en í fyrra vegna aukinnar neyslu innanlands og lágs gengis Bandaríkjadals. Norðlenska er eini aðilinn sem flytur út lambakjöt til Bandaríkjanna og því er fyrirséð að ekki verði hægt að fullnægja eftirspurn þar, en mikið hefur verið lagt í uppbyggingu markaðarins undanfarin ár.

„Það má líkja þessu við uppskerubrest, það er minna til útflutnings vegna aukinnar neyslu innanlands og menn eru lengi að auka framleiðsluna,“ segir Sigmundur Ófeigsson, framkvæmdastjóri Norðlenska. „Landbúnaðarráðuneytið ákvað að útflutningskvóðin yrði tíu prósent í ár en hún var átján prósent í fyrra, svo við munum flytja alls út um 160 tonn miðað við 370 árið 2005.“ Bændur fá hærra verð fyrir kjöt selt á innanlandsmarkaði en á útflutningsmarkaði.

Meiri áhersla verður lögð á útflutning á markaði Norðlenska í Færeyjum og Bretlandi, sem eru hagstæðari en Bandaríkjamarkaður vegna lágs gengis Bandaríkjadals. „Við töpuðum á útflutningi til Bandaríkjanna í fyrra en högnuðumst í hitteðfyrra þegar dollarinn var sterkari. Eins og ástandið er núna jafngildir þetta því að þessi viðskipti við Bandaríkjamarkað væru á fjórutíu prósenta afslætti,“ segir Sigmundur. **- rsg**



**SLÁTRUN HJÁ NORÐLENSKA** Aukin neysla innanlands veldur því að minna er flutt af kjöti.

Öryrkjar fái lífeyrisgreiðslur:

# 745 öryrkjar fá engan lífeyri

**KJARAMÁL** Öryrkjabandalag Íslands fer fram á að fallið verði frá þeirri ákvörðun lífeyrissjóða að skerða eða fella niður lífeyrisgreiðslur til öryrkja 1. nóvember.

Þetta kemur fram í erindi sem ÖBÍ sendi stjórnum þeirra fjórtán lífeyrissjóða sem hlut eiga að máli. Að öðrum kosti fer ÖBÍ fram á að framkæmdinni verði frestað á meðan eðlilegur tími gefst til að skoða þau álitamál sem uppi eru.

Í bréfi sem ÖBÍ hefur borist frá Greiðslustofu lífeyrissjóðanna kemur fram að lífeyrissjóðstekjur 745 öryrkja, sem höfðu heildartekjur undir einni milljón króna árið 2005, falli niður að fullu. **- hs**










# Ófremdarástand í dagvistun barna

**Dagforeldrum fer fækkandi og segja dagmæður að ófremdarástand ríki í dagvistarmálum í Vesturbæ Reykjavíkur. Foreldrar þurfa að leita í önnur hverfi.**

**DAGVISTUN** Anna G. Ólafsdóttir, upplýsingafulltrúi á þjónustu- og rekstrarsviði Reykjavíkurborgar segir að dagmæðrum hafi farið fækkandi undanfarin ár.

„Áramótin 2004 og 2005 voru þær 164, áramótin 2005-2006 162 og í maí í vor voru dagmæður 156,“ segir Anna, en í sumar eru skráðar 153 dagmæður í vinnu. „Eins og staðan er núna er ekkert sem bendir til þess að ástandið sé mjög slæmt núna. En maður hefur helst áhyggjur af Vesturbænum, jafnvel þó einn leikskóli hafi bæst við, Leikgarður Félagsstofnunar stúdenta. Barnafjöldinn í Vesturbænum er ekki eins mikill og annars staðar en það er bara ekki mikið um dagmæður þar,“ segir Anna, en fjórir dagforeldrar eru skráðir í hverfi 107 í Vesturbænum miðað við 23 í hverfi 109.

„Við auglýstum námskeið fyrir dagforeldra í fyrra og enginn sótti um úr Vesturbænum, en töluvert margir komu frá Árbæ og Breiðholti,“ segir Anna.

Rósa Sigrún Crozier, dagmóðir í hverfi 107, segir að hún hafi verið með um þrjátíu börn á biðlista á tímabili. „Mér líst ekkert vel á stöðuna, ég held að fólk verði í stökustu vandræðum,“ segir Rósa.

„Þetta er ofsalega erfið vinna og það er ástæðan fyrir því að margar hætta í þessu,“ segir Rósa og telur að það hafi áhrif að niðurgreiðslur Reykjavíkurborgar til dagmæðra séu of lágar. „Ég er búin að vera í þessu í yfir tuttugu ár og mér finnst alltaf vera sama tuggan í gangi, það er verið að bjóða frían leikskóla en samt geta þeir ekki annað börnunum sem eru að koma frá dagmæðrum.“

Dagbjört Guðmundsdóttir, dagmóðir í 101, tekur undir þetta og segir að síðustu tvö ár hafi verið ófremdarástand í dagvistun. „Foreldrar hringja hingað til mín sem hafa þurft að segja starfi sínu lausu. Svo er maður að rukka einstæða móður og mann með milljón á mánuði um það sama, það þarf breytingar við,“ segir Dagbjört. „Við erum ekkert hátt skrifaðar í samfélaginu og það þarf pólítískt breytt viðhorf gagnvart þessari stétt.“

Eva Hrönn Steindórsdóttir er meðal þeirra foreldra sem eru áhyggjufullir yfir haustinu. „Það eru bara engin laus pláss í 101 og 107 og langir biðlistar. Ég verð að leita út fyrir 107, maður hefur heyrt að það sé laust í Hafnarfirði og Breiðholti,“ segir Eva Hrönn. Hún er að hefja mastersnám í Háskóla Íslands í haust og sex mánaða barn hennar er á biðlista á Efrihlíð sem er á vegum Félagsstofnunar stúdenta. „Maður fær mjög óljós svör þar, veit ekki einu sinni númer hvað maður er á biðlista,“ segir Eva Hrönn. Hún telur víst að hún lendi í vandræðum í haust og muni þurfa að leita til vina og vandamanna.

**rosag@frettabladid.is**



**DAGVISTUN** Fjöldi foreldra í Vesturbæ Reykjavíkur hefur enn ekki fundið dagvistun fyrir börn sín.

Sænskir unglingar illa upplýstir um líffræði:

# Trúa mýtu um meyjarhaftið

**SVÍÞJÓÐ** Meirihluti sænskra unglinga trúir enn bábiljum um meyjarhaftið, samkvæmt nýrri sænskri rannsókn sem gerð var við háskólann í Umeå, þar sem tvö hundruð framhaldsskólanemar voru spurðir: „Hvað er meyjarhaftið?“.

„Langflestir trúa að það sé haft sem rifnar við fyrstu kynmök, og þá blæði og að það sé sárt,“ sagði Carola Eriksson, önnur tveggja sérfræðinga sem stóðu að rannsókninni.

Sannleikurinn er hins vegar sá að meyjarhaftið er ekki haft, heldur slímhimna sem teygist með aldrinum. „Það blæðir ekki hjá áttatíu prósentum (kvenna) við fyrstu samfarir. Kringumstæðurnar valda blæðingum frá þeim fáu sem blæðir, þar sem máli skiptir hvort maður vill samfarirnar eða ekki, hvort maður er nægilega örvaður, hvort maður er taugaóstyrkur og hvort maður er búinn að taka út kynþroskann. Þetta hefur ekki með neitt haft sem rifnar að gera,“ sagði Eriksson.

Hún bætti við að mýtan um meyjarhaftið væri frá þeim tíma þegar ungar telpur voru giftar fullorðnum mönnum, og þá var ekki spurt um langanir stúlkunnar á brúðkaupsnóttina.

Fjallað var um rannsóknina á fréttavef sænska blaðsins Dagens Nyheter. **- smk**



**UNGLINGSSTÚLKUR** Líklegt er að þessar stúlkur þekki ekki sannleikann um meyjarhaftið, samkvæmt nýrri sænskri rannsókn.
NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES





| Mán. til mið. | Fimmtudagur | Föstudagur | Laugardagur | Sunnudagur |
|---|---|---|---|---|
| 10.00 - 18.30 | 10.00 - 21.00 | 10.00 - 19.00 | 10.00 - 18.00 | 13.00 - 17.00 |

www.kringlan.is / upplýsingasími 588 7788 / skrifstofa 568 9200

**Nýtt kortatímabil**

Kringlan



## VEISTU SVARIÐ?

1 Hvaða dansflokkur er á leið hingað til lands með strippsýningu?

2 Í hvaða sundlaug hafa hættulegar flísar valdið slysum?

3 Hvaða ráðherra var staðinn að ólöglegum lundaveiðum?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 58

Kæra Samskipa til samkeppnisyfirvalda vegna Eimskips síðla árs 2002:

# Eimskip hafði fengið viðvörun

**VIÐSKIPTI** Meðal efnis í kæru Samskipa til samkeppnisyfirvalda í ágúst 2002 var að Eimskip stundaði undirboð og að verðskrár fyrirtækisins væru óskýrar. Nú hillir undir lok rannsóknar yfirvalda og greindi Fréttablaðið frá því í gær að fyrstu niðurstöður gerðu ráð fyrir að Eimskip greiddi einn milljarð króna í sekt. Félagið hefur niðurstöðurnar til skoðunar og á eftir að koma að athugasemdum.

Í erindi Samskipa til Samkeppnisstofnunar (sem nú heitir Samkeppniseftirlit) árið 2002 var Eimskip ítrekað sagt hafa boðið viðskiptavinum keppinauta sinna lægra verð fyrir flutninga en sambærilegum viðskiptavinum félagsins stóð til boða. Þá kom fram í erindi lögmanns Samskipa að Samkeppnisráð hefði áður beint þeim fyrirmælum til Eimskips að gæta þess í hvívetna að samningar fyrirtækisins, eða aðrar athafnir sem varða viðskiptavini þess, fælu ekki í sér mismunun sem kynni að skaða samkeppnisskilyrði þeirra.

„Við teljum að þeir hafi brotið samkeppnislögin,“ sagði Ólafur Ólafsson, þá forstjóri Samskipa, í viðtali við Fréttablaðið. „Það þarf að vera einhver sýnileiki á verðlagningu flutningamarkaðarins, en verðskrárnar eru alveg úr takti við hin raunverulegu verð. Samkvæmt könnun sem við gerðum meðal okkar viðskiptavina er þetta eitt helsta umkvörtunarefnið.“ **- óká**



**UPPSKIPUN Í SUNDAHÖFN** Nú hillir undir lok rannsóknar á meintum brotum Eimskips á samkeppnislögum frá 2002.

Bæjarhátíð á Seyðisfirði:

# Norskir dagar í tíunda sinn

**HÁTÍÐ** Norskir dagar á Seyðisfirði hefjast í dag. Þetta er í tíunda sinn sem þeir eru haldnir á staðnum.

Boðið verður upp á ýmsa afþreyingu á staðnum til 26. ágúst en nú eru einnig hundrað ár frá því sæsíminn var tekinn í notkun og símasamband við útlönd komst á.

Í tengslum við Norska daga og afmæli sæsímans verður slegið upp bæjarhátíð þar sem bækur og myndir frá Noregi verða til sýnis, ásamt tónleikahaldi og kvikmyndahátíð. Við þau hús í bænum þar sem norska fánanum verður flaggað verður boðið upp á kaffi og spjall. **- hs**









Reglulegt eftirlit í Kópavogi:

# Fimm teknir með fíkniefni

**LÖGREGLUMÁL** Fimm menn voru handteknir í Kópavogi á þriðjudagskvöld og aðfaranótt miðvikudags vegna þriggja fíkniefnamála. Öll málin komu upp við reglubundið umferðareftirlit.

Mennirnir fimm voru á aldrinum 18 til 20 ára og höfðu kannabisefni og e-töflur í fórum sínum. Talið er að um neysluskammta hafi verið að ræða í öllum tilvikum.

Mennirnir voru færðir til yfirheyrslu á lögreglustöðina í Kópavogi en sleppt að því loknu. Mál þeirra fara nú til ákæruvaldsins. **- sh**

Þingflokkur fundar á Húsavík:

# Farið yfir stöðu mála

**STJÓRNMÁL** Þingflokkur Sjálfstæðisflokksins fundaði á Húsavík á fimmtudag þar sem farið var yfir stöðu mála, að sögn Arnbjargar Sveinsdóttur, þingflokksformanns Sjálfstæðisflokksins.

„Þetta var hefðbundinn sumarfundur en það er alltaf einn slíkur fundur haldinn yfir sumarið einhvers staðar úti á landi. Menn voru bara almennt að ræða málin.“ Arnbjörg vildi ekki gefa upp hvaða mál hefðu verið efst á baugi en sagði að mætingin hefði verið fantagóð. **- sdg**



**VETTVANGUR GLÆPSINS** Á þessum göngustíg var ráðist á tvítuga stúlku á leið til vinnu. Svo virðist sem árásarmaðurinn hafi falið sig í gróðrinum og beðið færis. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

# Með bitsár á hálsinum

**Tvítug stúlka varð fyrir óhugnanlegri líkamsárás á illa upplýstum göngustíg í Breiðholtinu. Árásarmaðurinn réðst aftan að stúlkunni, reyndi að nauðga henni og beit hana í hálsinn.**

**LÍKAMSÁRÁS** Rétt liðlega tvítug stúlka varð fyrir hrottafenginni árás á myrkvuðum göngustíg milli neðra Breiðholts og Fellahverfis um fjögurleytið aðfaranótt fimmtudags.

Árásarmaðurinn réðst aftan að stúlkunni þar sem hún gekk, dró sjal sem stúlkan klæddist yfir höfuð hennar og skellti henni niður á jörðina. Að sögn lögreglu reyndi maðurinn þá að afklæða stúlkuna og koma fram vilja sínum.

Stúlkan veitti hetjulega mótspyrnu en í miðjum átökunum beit árásarmaðurinn stúlkuna í hálsinn svo að ljótt bitsár er eftir. Þá er stúlkan með áverka á baki eftir hné árásarmannsins og lemstruð á sál og líkama, að sögn aðstandenda.

Áður en maðurinn hafði sig á brott rændi hann stúlkuna. Hann tók veski hennar, sem innihélt um fimm þúsund krónur í peningum, og farsíma. Stúlkan komst við illan leik á Select-bensínstöðina við Æsufell, þar sem afgreiðslufólk gerði lögreglu viðvart.

Svo virðist sem árásarmaðurinn hafi hreiðrað um sig í rjóðri og beðið færis, en svæðið þar sem göngustígurinn liggur er mjög gróið og illa upplýst.

Að sögn kunnugra var þetta einungis fjórða ferð stúlkunnar um göngustíginn, en hún hafði nýverið tekið íbúð á leigu í nágrenninu. Stúlkan var á leið til vinnu, en hún er bakaranemi í Breiðholtsbakaríi við Völvufell.

„Hún var svo ánægð með nýju íbúðina og að hún gæti gengið í vinnuna og svo gerist eitthvað svona hræðilegt,“ segir Petrína Bergvinsdóttir, samstarfskona stúlkunnar í Breiðholtsbakaríi. Hún segir samstarfsfólk stúlkunnar felmtri slegið yfir atburðinum. „Við erum auðvitað allar í sjokki yfir þessu. Ég þarf sjálf að ganga í vinnuna og ég hef alltaf með mér regnhlíf hvernig sem viðrar, fyrir barefli ef eitthvað skyldi gerast. Miðað við það sem ég hef séð á gangi mínum í gegnum Elliðaárdalinn var bara tímaspursmál hvenær eitthvað svona myndi gerast,“ segir Petrína.

Enn hefur enginn verið handtekinn í tengslum við árásina og að sögn lögreglu er fátt um vísbendingar og enginn grunaður um verknaðinn. Árásarmaðurinn gengur því enn laus.

aegir@frettabladid.is




# SKÓLA TILBOÐ

## Laugardagar eru nammidagar

Þeir sem versla hjá Office 1 á Laugardögum í ágúst fá Hrís súkkulaði frá Freyju og Svala



TASKA FYLGIR

Office1 **169.900.-**

## HP Compaq nx7400 - Core Duo 15,4"

Vörunúmer: okey252ea

- Örgjörvi: Intel Core Duo T2400 • (1.83-GHz, 667-MHz FSB, 2-MB L2 cache)
- Skjár: 15,4" WXGA 1280x800 • Minni: 1024MB DDR RAM SMART
- Harður Diskur: 100GB 5400rpm • Drif: DVD+/-RW (DVD skrifari)
- Skjákort: Intel Graphics Media Accelerator 950, allt að 128-MB
- Netkort: 10/100/1000 mbit netstýring og • 802.11b/g WLAN (Þráðlaust netkort)
- Bluetooth • Mótald: 56K mótald • Tengi: PCCARD I/II, VGA, lás, VGA,
- Firewire, Mic in, Line out, RJ-11, RJ-45, S-Video
- TV-out, 3 USB 2.0, tengi fyrir Travel rafhlöðu, docking
- Rafhlaða: 6-Cell LiIon rafhlaða
- Rafhlöðuending: Allt að 3,5klst. (allt að 8,5 eða 13,5 klst. ef bætt er við HP Travel rafhlöðunum)
- Mús/lyklaborð: Touchpad með scroll zone og íslenskt lyklaborð
- Stýrikerfi: Microsoft Windows XP Professional
- Þyngd: 2.72kg • Ummál: 36 x 357 x 260 mm
- Taska frá Case Logic fylgir með
- **Ábyrgð: 3ja ára HP ábyrgð með HP Carepack (gildir í ...**

## AIRIS Fartölva

Vörunúmer: N930

- Örgjörvi: Intel Pentium M 740 1,73 GHz 2MB cache
- Skjár: 15,4 SXGA Widescreen (1280x800)
- Vinnsluminni: 512 MB DDR2-SDRAM, 533 MHz
- Harður diskur: 75 GB (5400 RPM)
- Skjákort: Mobile Intel 915 Express
- Drif: DVD+/-RW (+R duallayer)
- Netkort:
  - -Netkort Broadcom 10/100
  - -Intel pro þráðlaust 802.11 b/g (54 Mbps)
- Rafhlaða: 6 cell Lithium-Ion
- Rafhlöðuending: Allt að 3,5 tímar
- Tengi: 4x USB2.0, 1x Firewire(1394), Jack og Mic, 1x VGA, 1x SVHS, 1x RJ11, 1x RJ45
- Annað: Minniskortalesari fyrir 4 gerðir minniskorta
- Stýrikerfi: Microsoft Windows XP pro
- Fartölvutaska
- **2 ára ábyrgð**



FYLGIR!

FYLGIR!

FYLGIR!

**Vinnsluminni:** 512 MB DDR2-SDRAM, 533 MHz

**Harður diskur:** 75 GB (5400 RPM)

**Ábyrgð** Tveggja ára ábyrgð.

GLÆNÝ VARA

Office1 **119.900.-**



## Skólaleikur Office 1

Allir sem versla í Office 1 geta unnið til glæsilegra vinninga. Geymið kassakvittunina. Vinningar aðeins afhentir gegn framvísun hennar.

***1. verðlaun:***
Glæsileg AIRIS fartölva, stafræn myndavél frá AIRIS, Photosmart fjölnotatæki frá HP og CRUSER skór frá Skór.is

***2. verðlaun:***
Glæsileg AIRIS fartölva og vefmyndavél frá AIRIS. CRUSER skór frá Skór.is

***3. verðlaun:***
5 heppnir viðskiptavinir fá endurgreitt allt það sem þeir versluðu í Office 1 í ágúst (gegn kassakvittun) og MP3 spilara sem er einnig útvarp, minnislykill og diktafónn. Einnig CRUSER skór frá Skór.is

***Sá sem hreppir fyrstu verðlaun vinnur einnig glæsileg verðlaun fyrir skólann sinn:***
Skjávarpi frá HP og rafdrifið sýningartjald frá SMIT. Fartölva fyrir nemendafélagið frá AIRIS og stafræna AIRIS myndavél.

## Aukaleikur Office 1 og Skór.is

Í anddyri verslana Office 1 í Skeifunni, Smáralind, Akureyri, Egilsstöðum, Ísafirði og Vestmannaeyjum er glær kassi með CRUSER skóm. Þeir sem geta giskað á réttan fjölda dökkra reita á skónum geta unnið CRUSER skó.
(Hálfur reitur telst heill reitur)



## Munið!!!

Office1 Krónutilboð

Munið krónutilboð á völdum vörum.
*5 stk. á mann á meðan birgðir endast*

Aðeins **1kr.**

# Office 1 Superstore

# Það á enginn neitt í pólitík



**Jónína Bjartmarz umhverfisráðherra segist leggja áherslu á mikla varfærni í umgengni við náttúruna og vill ná víðtækri sátt um hvaða landsvæði verði friðlýst og hvaða auðlindir eigi að nýta. Hún útilokar ekki að tekið verði upp annað skattþrep til að sporna við vaxandi misskiptingu tekna í samfélaginu. Jónína býður sig fram til embættis varaformanns Framsóknarflokksins á flokksþinginu um aðra helgi.**



JÓNÍNA BJARTMARZ „Með brotthvarfi Halldórs eru kaflaskil í sögu flokksins og margir telja eðlilegt að við þessi kaflaskil sé alveg skipt um forystu. Þeir sem þar eru hafa haft til þess fimm ár að axla þá ábyrgð og koma sínum málum fram, og því eðlilegt að nýtt fólk komi til starfa núna.“ FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Eg held því fram að Framsóknarflokkurinn sé umhverfisvænni flokkur en margir aðrir og það hefur hann sýnt með stefnumótun í þessu ráðuneyti, sem ég stýri,“ segir Jónína Bjartmarz, sem tók við embætti umhverfisráðherra í sumar. „Í fjölmörgum málum sem snerta umhverfismál og náttúruvernd hefur Framsóknarflokkurinn í raun verið í fararbroddi þótt ekki vilji allir viðurkenna það,“ bætir hún við.

Hún er ósátt við að Framsóknarflokkurinn sé bendlaður við sérstaka stóriðjustefnu og segir þann áróður runninn undan rifjum stjórnarandstöðunnar. „Stóriðjustefnan er sú mynd sem stjórnarandstaðan hefur leitast við að draga upp af flokknum og það er vissulega kenning sumra í flokknum að þetta sé ástæða þess fylgistaps sem flokkurinn hefur orðið fyrir. Mér finnst þetta ekki sanngjarnt og ekki rökrétt heldur, því frá því lögum var breytt 2003 eru breytingar á tilhögun orkumála gerðar í meðförum Alþingis, það er þingið allt sem kemur að þessum ákvörðunum eins og ákvörðuninni um virkjun Kárahnjúka.“

**Búum við fyrirmyndarþjóðfélag**

Jónína hefur ekki sérstakar áhyggjur af stöðu flokksins og lítur björtum augum fram á veginn. „Það er eins í pólitík og í lífi fólks að það ber ekki allt upp á sama dag og ef við lítum yfir lengra tímabil er ljóst að það skiptast á gleði og sorg, vörn og sókn og sigrar og ósigrar, og Framsóknarflokkurinn hefur áður séð það svartara í skoðanakönnunum og kosningum.“

Hún segir einhverja flokksmenn kenna stjórnarsamstarfinu við Sjálfstæðisflokkinn um að félagshyggjuhlið Framsóknarflokksins hafi ekki verið nógu sýnileg og enn aðrir kenna því um að sjálfstæðismenn fái einir þakkirnar fyrir þann mikla árangur sem náðst hafi á sviði efnahagsmála og þjóðmálaumbóta almennt. „Stjórnarsamstarfið hefur hins vegar verið gott, árangurinn er mikill, við búum við vaxandi velmegun, auknar ráðstöfunartekjur og við búum á margan hátt við fyrirmyndarþjóðfélag á Íslandi. Framsóknarflokkurinn á ekki hvað síst þátt í því og kannski mestan ef við lítum yfir áratugina.“

**Útilokar ekki annað skattþrep**

Vaxandi misskipting tekna í samfélaginu hefur verið áberandi umræðuefni síðustu vikurnar, í kjölfar þess að álagningarskrár voru lagðar fram. Jónína tekur undir það að misskiptingin hafi aukist en bendir jafnframt á aukna velmegun og aukinn kaupmátt sem allir hafi sannarlega fundið fyrir. „Ég velti því samt fyrir mér hvernig við eigum að jafna þessa misskiptingu og skattkerfið er ein leið. Spurning hvort ekki megi auka álögur á fyrirtæki og fjármagnseigendur en lækka þær á venjulegt launafólk. Þá vil ég ekki útiloka að við tökum á einhvern hátt upp annað skattþrep og hátekjuskatt á tekjur sem ná þeim fjárhæðum sem venjulegt fólk á erfitt með að skilja sem launatekjur.“

Gamli hátekjuskatturinn var hins vegar nýverið afnuminn en um það segir Jónína að hafi verið full samstaða, fyrst og fremst á þeim forsendum að hann bitnaði ekki mest á hátekjufólki sem slíku heldur á ungu fólki sem átti ekki annarra kosta völ en að vinna mikið vegna þungrar greiðslubyrði af húsnæðis- og námslánum og leikskólagjöldum barna sinna. „Slíkur skattur kom gjörsamlega í bakið á þessu fólki, þannig að það þurfti svo sannarlega að gera breytingar á honum,“ segir hún.

**Eðlilegt að skipta um forystu**

Framboð Jónínu til embættis varaformanns Framsóknarflokksins beinist að hennar sögn ekki gegn einum né neinum heldur býður hún sig fram sem valkost á eigin forsendum og vegna þess að hún vill taka þátt í nýrri sókn flokksins. „Það á enginn neitt í pólitík. Menn eiga ekki þingsæti, ekki ráðherrastóla og menn eiga ekki forystusæti í stjórnmálaflokkum. Við sækjum umboð okkar til kjósenda með reglulegu millibili.“

Hún lítur þannig á að framsóknarmenn standi nú frammi fyrir því að vega og meta hvernig til hafi tekist hjá þeirri forystu sem hefur setið síðastliðin fimm ár. „Ég er einn valkostur og er í raun að segja að nú sé ég tilbúin að taka á mig meiri vinnu, axla meiri ábyrgð, vegna þess að ég lít fyrst og fremst á þetta sem starfsheiti og vinnustöðu, ekki sem heiðurssæti. Með brotthvarfi Halldórs eru kaflaskil í sögu flokksins og margir telja eðlilegt að við þessi kaflaskil sé alveg skipt um forystu. Þeir sem þar eru hafa haft til þess fimm ár að axla þá ábyrgð og koma sínum málum fram, og því eðlilegt að nýtt fólk komi til starfa núna.“

**Hættir ekki nái hún ekki kjöri**

Jónína segir það vissulega hafa komið sér á óvart að Guðni Ágústsson skyldi ekki gefa kost á sér til formennsku í flokknum en segist treysta sér að vinna hvort heldur sem er með Guðna eða Jóni Sigurðssyni og í rauninni með öllum í flokknum. Niðurstaða varaformannskjörsins breyti engu þar um, hver sem hún verði. „Ég get að minnsta kosti sagt að nái ég ekki kjöri þá hætti ég ekki í pólitík eins og Guðni hefur sagt, en ég held reyndar að hann hafi sagt þetta í geðshræringu augnabliksins. Ég gef að minnsta kosti engar slíkar yfirlýsingar. Ég mun eftir sem áður vinna með þeirri forystu sem kosin verður, annað hvort í forystusveitinni eða með henni í að byggja upp fylgi Framsóknarflokksins. Þær fyrirætlanir mínar munu ekkert breytast né metnaður minn fyrir hönd flokksins.“

**Pólitíkin óvægnari**

Tiltölulega stutt er síðan Jónína hóf bein afskipti af stjórnmálum og hún er reyndar þeirrar skoðunar að menn eigi ekki að gera stjórnmál að ævistarfi. „Ég ætla ekki að vera í pólitíkinni fram á grafarbakkann, það er ekki markmið mitt. Mér finnst að störf í stjórnmálum eigi ekki að vera ævistörf, það er eðlilegt að menn komi og fari, afli sér lífsreynslu og starfsreynslu áður en menn fara í pólitík og eigi sér líf eftir hana.“

> *„Ég get að minnsta kosti sagt að nái ég ekki kjöri þá hætti ég ekki í pólitík eins og Guðni hefur sagt, en ég held reyndar að hann hafi sagt þetta í geðshræringu augnabliksins...“*

Hún hefur hins vegar áhyggjur af því að hin pólitíska umræða sé að verða óvægnari og persónulegri. „Það hefur færst í vöxt að vegið sé að fólki úr launsátri á bloggsíðum og þetta er áhyggjuefni gagnvart lýðræðisþróuninni því þetta hefur meiri áhrif á konur en karla, þær veigra sér frekar við því að eiga það á hættu að standa frammi fyrir persónulegum árásum. Þetta er líka áhyggjuefni í ljósi þess markmiðs að konur og karlar starfi hlið við hlið á öllum sviðum samfélagsins og getur orðið til þess að erfiðara og erfiðara verður að fá fólk til starfa í pólitík. Þetta hefur aukist og tilfinning mín er sú að þetta hefur orðið til þess að ákveðið fólk hefur hætt í pólitíkinni og fundið sér annan starfsvettvang, ákveður að setja fjölskyldu sína og önnur áhugamál hærra á forgangslistann og yfirgefa vettvang stjórnmálanna. Þetta er ekki góð þróun,“ segir Jónína.



FRÉTTAVIÐTAL
SIGURÐUR ÞÓR SALVARSSON
ssal@frettabladid.is






„AKRÓPÓLÍS, BÉKRÓPÓLÍS,
ÉG HEF SÉÐ ÞAÐ ALLT."

NJÓTTU ÞESS AÐ LIGGJA ÁHYGGJULAUS YFIR SKÓLABÓKUNUM.

NAMUS EST LIFSTILUM
NÁM ER LÍFSSTÍLL

WWW.KBNAMSMENN.IS

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 5.374 **+0,44%** **Fjöldi viðskipta:** 231 **Velta:** 9.040 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Bakkavör** | +4,08% | **Flaga** | -1,86% |
| **Marel** | +1,28% | **Avion** | -0,93% |
| **Glitnir** | +1,15% | **FL Group** | -0,65% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 65,00 +1,09% ... Alfesca 4,23 +0,48% ... Atlantic Petroleum 555,00 +0,00% ... Atorka 5,85 +0,00% ... Avion 32,00 -0,93% ... Bakkavör 51,00 4,08% ... Dagsbrún 5,44 +0,00% ... FL Group 15,40 -0,65% ... Glitnir 17,60 +1,15% ... KB banki 703,00 -0,43% ... Landsbankinn 21,00 +0,96% ... Marel 79,00 +1,28% ... Mosaic Fashions 17,00 +0,00% ... Straumur-Burðarás 15,90 +0,00% ... Össur 110,00 +0,00%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn...*

**Farið að lengja eftir niðurstöðu**

Einhverja hluthafa í Actavis virðist farið að lengja eftir niðurstöðu í yfirtöku á króatíska lyfjafyrirtækinu Pliva. Skyldi engan undra þar sem ekki væri um lítinn bita að ræða sem vel gæti haft áhrif á gengi grúppunnar ef yfirtakan gengi í gegn. „Fyrirgefðu Róbert. Þegar við komum hérna saman eftir fyrsta ársfjórðung varstu nokkuð ánægður með stöðuna og taldir þetta eiginlega bara formsatriði að klára þetta. Ég veit þetta er viðkvæmt mál en hvernig meturðu stöðuna eiginlega?“ spurði áhyggjufullur hluthafi utan úr sal á kynningarfundi Actavis á glæsilegu ársfjórðungsuppgjöri í gær. Þessu svaraði Róbert með brosi á vör. Sagðist meta stöðuna svo að niðurstaðan réðist nú fyrst og fremst af því hvort stjórnendur Barr væru nógu óskynsamir að borga of mikið fyrir Pliva.



**Staða Actavis að mörgu leyti sterkari**

Þessa sýn útskýrði Róbert svo að Actavis væri að mörgu leyti í sterkari stöðu en Barr þótt vissulega væri um langt og kappsfullt ferli að ræða og ljóst að yfirtakan væri ekki í hendi. Bæði félög hefðu þegar fjármagnað kaupin en Actavis hefði hins vegar það tromp á hendi að það stýrði tuttugu prósentum í félaginu. Þar að auki ætti rekstur Actavis og Pliva betur saman en rekstur Barr og Pliva. Eðli málsins samkvæmt ætti því Actavis að geta borgað meira fyrir félagið en Barr þar sem verðið væri ekkert nema afleiðing af hagnaði og framtíðarsjóðstreymi. Eina spurningin sem eftir stæði væri þá hvort Barrmenn væru tilbúnir til að borga of mikið fyrir félagið, þar sem Actavis-menn myndu ekki greiða meira fyrir það en þeir teldu skynsamlegt.

## MARKAÐSPUNKTAR

Hagvöxtur í Frakklandi reyndist mun meiri á öðrum ársfjórðungi en búist var við, 1,2 prósent í stað 0,7 prósenta sem spáð var. Greiningardeild Kaupþings banka segir hagvöxt þar ekki hafa verið meiri í fimm ár, en undir hann ýta útflutningur og einkaneysla sem rakin er heimsmeistarakeppninnar í fótbolta.

Heildarvelta á skuldabréfamarkaði í gær nam 5,5 milljörðum króna. Mest voru viðskipti með flokkinn HFF 14 fyrir 1,5 milljarða króna og lækkaði krafa flokksins um 6 prósentustig.

Seðlabanki Japans ákvað í gær að halda stýrivöxtum óbreyttum að sinni, í 0,25 prósentum. Þar hefur hagkerfið kólnað meira en menn væntu og vilja menn því aðeins bíða og sjá.

# Exista eykur hlut sinn í Bakkavör

Fjármálaþjónustufyrirtækið Exista hefur aukið við hlut sinn í Bakkavör Group um 4,1 prósent og fer nú með 30,8 prósenta hlut. Viðskiptin fóru fram á genginu 51 sem var nokkru hærra en þáverandi markaðsgengi og nemur heildarvirði kaupanna tæpum 4,5 milljörðum króna.

Exista er eftir sem áður langstærsti hluthafinn í Bakkavör. Miðað við markaðsvirði Bakkavarar í gær þá er allur hlutur Exista metinn á 33,5 milljarða króna.

Þá eiga dótturfélög Exista, þar á meðal VÍS, minni háttar eignarhlut í Bakkavör. - eþa

# Eyrir er stærsti hluthafinn í Marel

Eyrir Invest tilkynnti í gær að það hefði aukið hlut sinn í Marel og er þar með orðinn stærsti hluthafinn með ríflega þriðjungshlut. Landsbankinn seldi hlut til Eyris og verður þar með næststærsti eigandinn. Stjórn Marels leggur það til við hluthafafund í næstu viku að hún fái heimild til að hækka hlutafé félagsins en við það lækkar hlutur Eyris niður í 26 prósent og Landsbankans í 25 prósent.

Samþykki hluthafar þrjár tillögur um hlutafjáraukningu og nýti stjórn þær að fullu hækkar hlutaféð um 70 prósent.

Í fyrsta lagi er óskað eftir að hlutaféð verði hækkað um rúmar 52 milljónir hluta að nafnverði sem nýtt verður til greiðslu vegna kaupa á Scanvægt. Viðskiptagengið á þessum bréfum er 72 krónur á hlut en síðasta markaðsgengi var 79.



**HÖRÐUR ARNARSON** Hörður er forstjóri Marels.

Þá mun stjórn óska eftir heimild til að hækka hlutafé félagsins um sextíu milljónir hluta að nafnvirði sem verða seldir fjárfestum í útboði. Í þriðja lagi fer stjórn fram á heimild til að hækka hlutafé um aðrar sextíu milljónir króna að nafnverði til að fjármagna ytri vöxt eða nota sem greiðslu fyrir hluti í öðrum félögum. - eþa

# Verðbólgan mælist 8,6 prósent á ársgrundvelli

**Hækkun vísitölu neysluverðs í júlí var undir spám greiningaraðila. Sérfræðingar telja verðbólguna ná hámarki í níu prósentum.**

Vísitala neysluverðs hækkaði um 0,34 prósent í júlí. Verðbólga mælist nú 8,6 prósent á ársgrundvelli og jókst um 0,2 prósent frá fyrri mánuði. Undanfarna þrjá mánuði hefur vísitalan hækkað um tvö prósent sem jafngildir 8,1 prósents verðbólgu á ári.

Aukningin var talsvert undir meðaltalsspá greiningaraðila; Glitnir taldi útlit fyrir 0,5 prósenta hækkun vísitölu neysluverðs og spáði því 8,7 prósenta tólf mánaða verðbólgu. Landsbankinn var aðeins hóflegri, spáði 8,5 prósenta verðbólgu, með hækkun upp á 0,3 prósent milli mánaða. KB banki var svo þar mitt á milli og spáði 0,4 prósenta hækkun verðbólguvísitölunnar.

Dagvöruverð hækkaði um tæpt prósent í júlí og hefur hækkað um rúm tólf prósent síðastliðið ár. Þá hækkaði viðhald á eigin húsnæði um 3,5 prósent. Verð á eigin húsnæði lækkaði hins vegar um 0,1 prósent í mánuðinum. Segir í Morgunkornum Glitnis að lækkunin stafi af um eins prósents verðlækkun einbýlis á höfuðborgarsvæðinu auk 1,2 prósenta almennrar verðlækkunar á landsbyggðinni. Þá urðu sumarútsölur til þess að verð á skóm og fatnaði lækkaði um 3,4 prósent í júlí.




**ÚTSÖLURNAR ÞRÆDDAR** Verðbólga mælist nú 8,6 prósent á ársgrundvelli. Heldur hefur hægst á verðbólgunni; fasteignaverð lækkaði í júlí auk þess sem talsverð lækkun varð á skóm og fatnaði. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Þóra Helgadóttir, sérfræðingur greiningardeildar KB banka, segist telja að verðbólga sé nálægt því að ná hámarki. Mesta athygli, að mati Þóru, vekur lækkun fasteignaverðs og talsverð hækkun þjónustuverðs. „Fasteignaliðurinn hefur verið nokkuð leiðandi í vísitölunni og gæti því orðið ákveðið akkeri. Það þarf einhverjar óvæntar hækkanir til að við sjáum verðbólguna fara mikið yfir níu prósent. Það er ýmislegt sem bendir til þess að hægja muni á hækkunum.“

Greiningardeild Glitnis vekur athygli á því í Morgunkornum að verðbólgan sé langt yfir markmiðum Seðlabankans, 2,5 prósentum, og spáir 0,5 til 0,75 prósenta hækkun stýrivaxta á vaxtafundi bankans í næstu viku. jsk@frettabladid.is




# Aktiv Kapital tapar

Norska fjármálafyrirtækið Aktiv Kapital tapaði þremur milljörðum króna á öðrum ársfjórðungi og margfaldast tap á milli ára.

Lækkaði gengi félagsins um fimm prósent en FL Group á yfir tíu prósenta hlut í norska félaginu sem metinn er á 4,7 milljarða króna.

Aktiv Kapital kaupir lánasöfn, sem komin eru í vanskil, sér um innheimta viðskiptakrafna og umsýslu reikninga. Tapið skýrist að meginhluta af niðurfærslu lánasafna félagsins í Finnlandi að upphæð 4,8 milljarðar króna. - eþa

# 2,5 milljarða hagnaður Íbúðalánasjóðs

**Sjóðurinn græðir á verðbólguþróun.**

Hagnaður Íbúðalánsjóðs nam rúmum 2,5 milljörðum króna á fyrri helmingi árs og jókst um tæpa tvo milljarða króna sé miðað við sama tímabil í fyrra. Útlán sjóðsins námu rúmum 387,5 milljörðum króna á fyrstu sex mánuðum árs.

Í tilkynningu frá sjóðnum segir að stærstur hluti hagnaðar helgist af verðbólguþróun og jákvæðum mun verðtryggðra eigna umfram skuldir. Þá segir að uppgreiðslur lána sjóðsins hafi lækkað umtalsvert á tímabilinu; þær námu rúmum 25 milljörðum króna en voru rúmir 128 milljarðar allt árið 2005. Útlán Íbúðalánasjóðs námu 5,1 milljarði króna í júlí og jukust um rúmlega átján prósent milli mánaða, samkvæmt nýbirtri mánaðarskýrslu sjóðsins.



**HÖFUÐSTÖÐVAR ÍBÚÐALÁNASJÓÐS** Forsvarsmenn Íbúðalánasjóðs þakka aukinn hagnað verðbólguþróun og jákvæðum mun verðtryggðra eigna umfram skuldir.

Fram kemur í Morgunkornum Glitnis að aukningu í útlánum Íbúðalánasjóðs megi skýra með auknu aðhaldi í útlánastefnu bankanna. Íbúðalán bankanna hafi dregist verulega saman undanfarin misseri og lántakendur leiti aftur til Íbúðalánasjóðs. - jsk

# Ert þú örugglega þú?



Skilríki sem gefin eru út af opinberum aðilum eru: Vegabréf, ökuskírteini og nafnskírteini.

***Að gefnu tilefni er nauðsynlegt að taka fram að debet- og kreditkort eru ekki löggilt skilríki.**

Með lögum er nú skylda að framvísa **persónuskilríkjum*** og svara tilteknum spurningum þegar stofnað er til nýrra viðskipta hjá fjármálafyrirtækjum. Með því að hafa ávallt handbær skilríki, sem gefin eru út af **opinberum aðilum**, getur þú staðfest hvenær sem þörf er á að það sért örugglega þú sem átt viðskiptin.

Stjórnvöld hafa sett ströng lög gegn því alþjóðlega vandamáli sem stafar af peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Lögin gera fjármálafyrirtækjum skylt að afla glöggra upplýsinga um viðskiptavini.

**Kynning á helstu atriðum laganna er að finna í SBV- bæklingi sem liggur frammi í afgreiðslu fjármálafyrirtækja. Nánari upplýsingar er að finna á www.sbv.is**

Það er von SBV að viðskiptavinir sýni því skilning að ný lög hafa gengið í gildi og taki vel breyttum verklagsreglum fjármálafyrirtækja!



sbv Samtök banka og verðbréfafyrirtækja
*Bankers' and Securities Dealers' Association of Iceland*

INNFORM / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

# BYKO ÚTSALAN

**70% afsláttur**



**536**
1.788

Vnr.41100169
**Kökudiskur**
SUN kökudiskur, stál.
28 cm.

**60% afsláttur**



**1.912**
4.780

Vnr.41100130/4
**Matar- og kaffistell**
Matar- og kaffistell,
hvítt, 30 stk.

**60% afsláttur**




Vnr.17310700
**Flísar**
PRO-ARC gólf- og
veggflísar 20x20 cm,
hvítar.

**1.716** kr./m²
4.290

**25-60% afsláttur**
*af öllum flísum*

**25-70% afsláttur**
*af öllum ljósum*

**50% afsláttur**



**998**
1.995

Vnr. 68570876
**Klaufhamar**
LUX Klaufhamar með stálskafti, 16 oz.

**60% afsláttur**



**2.135**
5.337

Vnr.13162000
**Baðfittingssett**
Baðfittingssett, 6 hlutir.

Vnr. 74859043
**Bora/Bitasett**
BOSCH Bora- og
bitasett,með skrúfum
og töppum, 200 stk.

**50% afsláttur**



**1.475**
2.950

| Breiddin-Verslun opið virka daga: 8-19 laug: 9-18 sun: 10-17 - Sími: 515 4200 | Timburverslun-Breidd opið virka daga: 8-18 laug: 9-18 sun: 10-17 - Sími: 515 4100 | Lagnadeild-Breidd opið virka daga: 8-18 laug: 9-16 - Sími: 515 4040
| LM BYKO opið virka daga: 8-19 laug: 9-18 sun: 10-17 - Sími: 515 4020 | Akranes opið virka daga: 8-18 laug: 10-16 - Sími: 433 4100 | Akureyri, Óðinsnesi 2, opið virka daga: 8-18, föstudaga 8-18:30 laug: 10-16 - Sími: 460 4800 |

# *Allt að* 70% afsláttur



70% afsláttur

**846**

2.821

...2220004-5

## Útiljós

**EFFETRE útiveggljós.
IP44, 60W, 27 cm.
Grátt eða svart.**



**995**

1.990

50% afsláttur

Vnr.93460010/21

## Regngalli

**Regngalli PVC/Nylon,
margir litir, stærðir M-XXL.**




65% afsláttur

**5.597**

15.990

Vnr. 74869951

## Rafhlöðuborvél

**BOSCH rafhlöðuborvél,
PSR 2000, 12V, 2 rafhlöður,
hleðslutæki fylgir.**




50% afsláttur

**Sadolin Verdensfarver málning**



# 25-40% afsláttur

*af öllum handklæðaofnum*

**BYKO**

**GÆÐI Á LÆGRA VERÐI**

Hringbraut opið virka daga: 8-19 laug: 9-18 sun: 10-17 - Sími: 562 9400 | Hafnarfjörður opið virka daga: 8-18 laug: 9-16 - Sími: 555 4411
Reyðarfjörður opið virka daga: 8-18 laug: 10-14 - Sími: 470 4200 | Suðurnes opið virka daga: 8-18 laug: 9-16 - Sími: 421 7000 | Selfoss opið virka daga: 8-18 laug: 9-16 - Sími: 480 4600

# skoðun

SJÓNARMIÐ
ÞORSTEINN PÁLSSON

Enn ein gestaskýrslan:

## Tveir snöggir blettir

Íslendingar hafa jafnan látið sig nokkru varða hvað útlendingar segja um land og þjóð. Sennilega er tilfinningin sú að við séum einhvers virði svo lengi sem aðrir hafa fyrir því að hafa álit á landinu eða því sem hér er gert.

Gagnrýni utan að er að öllu jöfnu holl þó að ástæðulaust sé að gleypa allt hrátt þó að það komi frá útlöndum. Að sama skapi má ekki loka augunum fyrir athugasemdum sem þannig eru til komnar.

Efnahags- og framfarastofnunin, OECD, hefur langa reynslu af skýrslugerð um þjóðarbúskap Íslands eins og annarra aðildarríkja. Að baki þeim er allgóð þekking á innviðum íslenskrar þjóðfélagsgerðar.

Í nýrri skýrslu OECD sem birt var í vikunni er vikið að tveimur snöggum blettum. Annar snýr að verðmyndun á raforku. Hinn lýtur að árangri í skólastarfi. Báðar þessar athugasemdir eru gildar og kalla á viðbrögð.

Orkufyrirtækin eru öll í eigu skattborgaranna. Í því ljósi er það allrar athygli vert að alþjóðastofnun eins og OECD skuli taka það sérstaklega fram að hún geti ekki metið þjóðhagslega hagkvæmni orkusölu þeirra til stóriðju vegna skorts á gegnsæi.

Ef orkufyrirtækin væru einkarekin eru mestar líkur til að ýmsir teldu þetta vera hneyksli. En með því að fyrirtækin eru í eigu skattborgaranna flokkast þessi athugasemd að réttu lagi fremur undir háðung.

Hér skiptir mestu máli að verðmeta með sérstökum og opnum hætti réttinn til orkunýtingar. Það myndi auðvelda hagkvæmnimatið og að öllum líkindum draga úr árekstrum milli virkjanaákefðar og náttúruverndarhollustu.

Þriggja ára gömul raforkulög byggja á gamalli hugmyndafræði. Hér þarf nýja hugsun. Iðnaðarráðherra þarf að svara því kalli. Hann hefur reynt létta leið í því efni. Hún var hins vegar of einföld og dugar ekki.

Virkjanir hafa vissulega mikla efnahagslega þýðingu. En menntunarfjárfestingin ræður á hinn bóginn mestu um efnahag framtíðarinnar.

Að því virtu er ærin ástæða til að leggja við hlustir þegar OECD bendir á tvær mjög svo athyglisverðar staðreyndir á því sviði:

Í fyrsta lagi að við verjum meiri fjármunum en flestar aðrar þjóðir til menntamála. Og í annan stað að árangur skólastarfsins er þrátt fyrir það rétt í meðallagi.

Menntamálaráðherra svarar því til að auknum fjármunum hafi verið varið til skólastarfsins á allra síðustu árum. Árangurinn eigi því eftir að skila sér. Ekki skal dregið í efa að sitthvað er til í þeirri röksemdafærslu.

En þessar athugasemdir OECD gætu líka gefið tilefni til annars konar viðbragða. Þannig gæti menntamálaráðherra notað þessa skýru framsetningu erlendra skoðunarmanna til þess að gera ákveðnar kröfur til skólanna og stjórnenda þeirra.

Þeim mætti til að mynda setja ákveðin og jafnvel tímasett mörk um aukinn árangur. Hér þarf einnig að huga að kennaramenntuninni sjálfri, eins og rektor Kennaraháskólans hefur nýlega vakið athygli á.

Auk heldur er hald í þessum athugasemdum til þess að knýja á um skjóta framkvæmd á nýjum og ferskum hugmyndum um grundvallarbreytingar á framhaldsskólanum sem ráðherrann hefur sjálfur átt frumkvæði að.

Það er einfaldlega réttmætt að spyrja: Hvenær skilar fjárfestingin sér?






## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Vantar fleiri Sæluvikur

Fréttavefurinn Skagafjörður.com stóð fyrir könnun þar sem Skagfirðingar voru spurðir að því hvað hefði verið best við nýafstaðinn júlímánuð. Af niðurstöðunum má hæglega álykta sem svo að lífið hafi verið heldur lítilfjörlegt í Skagafirðinum þann mánuðinn því tæpum 39 prósentum svarenda þótti best að hann væri liðinn. Zinedine Zidane kryddaði þó aðeins tilveruna því tæpum 29 prósentum þótti það mesta gleðiefni mánaðarins þegar hann skallaði Marco Materazzi.

Eins og margir vita er Sæluvika árlega á vordögum í Skagafirði. Í fyrra kastaði Húnvetningur einn fram vísu um Skagfirðinga og sæluvikuna þeirra og svo virðist sem hann hafi vitað hvað hann söng:

*Ein gleðivika um götu og torg*
*græðir tæpast mein,*
*ef fullar eru af fýlu og sorg*
*fimmtíu og ein.*

### Gefur nágrannanum heilræði í fjölmiðlum

Nokkuð undarlegar nágrannadeilur á Ísafirði hafa komist í vestfirska fjölmiðla. Þar deila þeir Ingi Þór Stefánsson sem á húsnæðið þar sem veitingastaðurinn Langi Mangi er rekinn og svo Erlingur Tryggvason sem býr í næsta húsi við Langa Manga. Sá síðarnefndi hefur löngum kvartað yfir hávaða frá Langa Manga en Ingi Þór, sem býr fyrir ofan veitingastaðinn og því við hlið Erlings, skilur ekkert í þeim kvörtunum þar sem hann og börn hans sofi vært hvað sem gangi á fyrir neðan. Bendir hann á í opnu bréfi til Erlings að þetta sé í miðbæ Ísafjarðar, sem reyndar sé engin stórborg en miðbær sé þetta þó með tilheyrandi mannlífi. Hvetur hann svo nágranna sinn til að taka til á eigin stað og njóta lífsins.

Svona er þjóðfélagið orðið, meira að segja nágrannar úti á landi eru farnir að eiga samskipti sín á milli í fjölmiðlum.



### Rándýrar veiðar

Umfjöllun Fréttablaðsins um lundaveiðar Einars K. Guðfinnssonar sjávarútvegsráðherra hafa heldur betur dregið dilk á eftir sér og ekki er útséð með að hann verði kærður fyrir þær þar sem hann hafði ekki gilt veiðikort. Þá eru þessar lundaveiðar orðnar rándýrar veiðar.

jse@frettabladid.is

# Er framtíðinni lokið?

Í DAG
VÆNTINGAR TIL FRAMTÍÐAR



SVERRIR JAKOBSSON

*Mannkynið hefur gert nóg af því að hylla sjálft sig. Við þurfum aftur að fara að huga að því hvernig við getum bætt okkur sjálf. Við þurfum aftur að hefja upp augun til himins.*

Framtíðin rennur aldrei upp því þegar að því kemur þá er hún orðin samtíð. Að því leyti er framtíðin ekki áþreifanlegt fyrirbæri. Hennar tími er aldrei kominn. Samt er framtíðin líka ávallt til staðar, í þeim væntingum sem fólk gerir sér til síðari tíma, að þeir muni skera sig úr, að áföngum verði náð og að lífið verði kannski eilítið betra en í samtímanum.

Mannkynið hefur ávallt litið fullt væntinga til framtíðar. Trúuðum veitir framtíðin fyrirheit um betra líf í návist guðdómsins eða endurfæðingu til æðra tilverustigs. Á 19. og 20. öld horfðu vísindamenn til himins í öðrum tilgangi. Þá dreymdi ekki lengur um himnaguðinn heldur ferðir til annarra stjarna og jafnvel kynni af Mars- eða mánabúum. Á 19. öld voru ritaðar skáldsögur um framtíð þar sem öllu misrétti hefði verið eytt, vinnutími yrði lítill sem enginn, hægt yrði að nota greiðslukort í stað peninga og að fólk myndi geta keypt sér lífsnauðsynjar í risavöxnum verslunarmiðstöðvum. Draumurinn um betri framtíð á jörðu tók við af draumnum um framhaldslíf. Síðan hætti fólk að dreyma.

Sú kynslóð sem nú byggir Vesturlönd virðist að þessu leyti ólík fyrri kynslóðum. Fólk er meira eða minna hætt að líta til himins fullt væntinga. Þar eru engir Marsbúar, engin ónumin lönd. Framfaradraumar eru brostnir því að sögunni er lokið og við höfum það harla gott. Fólk er orðið hávaxið, heilsugott og langlíft; nú er á hvers manns færi að eignast tæki og öðlast þægindi sem ekki einu sinni auðmenn gat dreymt um á fyrri tímum. Kynslóð eftir kynslóð hefur verið sagt að fólk hafi aldrei haft það betra uns við erum farin að trúa því sjálf. Draumurinn er úti og orðinn að veruleika.

Þetta væntingaleysi til framtíðarinnar endurspeglast í ýmsu því sem einkennir samtímann öðru fremur. Taumlausri neysluhyggju, svo dæmi sé tekið. Til hvers að byggja til framtíðar þegar áfangastaðurinn er núið? Núna á að njóta lífsins í botn og veita sér allt sem hugurinn girnist. Við erum komin þangað sem við ætluðum okkur að vera og ætlum ekki að hreyfa okkur þaðan.

Og þess vegna erum við nútímafólkið líka svolítið hrædd. Hrædd um að missa lífsgæðin og frelsið sem fylgir þeim. Hrædd vegna þess að öll tólin og þægindin sem við teljum okkur þurfa til að lifa góðu lífi muni kannski spilla umhverfinu og grafa undan lífsskilyrðum komandi kynslóða. Hrædd vegna þess að kannski þurfum við að fórna lífsgæðunum til að lifa af. Hrædd út af innflytjendunum sem koma til okkar og vilja eiga þátt í lífsgæðum okkar. Það þarf að standa vörð um velferðina, jafnvel með því að fórna hluta af henni. Í framtíðinni bíður ekkert nema niðurskurður og sparnaður. Það þarf líka að verja frelsið, jafnvel með því að fórna hluta af því. Lögregluríkið er handan við hornið.

Óttinn við breytta tíma nær ekki endilega til allra heimshorna. Kínverja og Indverja dreymir um að jafna metin við Evrópu hvað snertir auð og velferð. Suður-Ameríkumenn dreymir um jöfnuð og frelsi sem þeir hafa aldrei notið. Arabaheiminn dreymir um framtíð sem er öðruvísi en samtíminn, hvort sem halda skal afturábak eða áfram. Bandaríkjamenn eru ekki tilbúnir til að gefa samtímann upp á bátinn og hefja með reglulegu millibili nýtt stríð til að tryggja að 21. öldin verði „ný amerísk öld“.

Gallinn við líf „í núinu“ er að það getur ekki varað að eilífu. Fyrr eða síðar munu breytingar eiga sér stað á lífsskilyrðum okkar, jafnvel róttækar breytingar. Þær þurfa ekki að valda neinum kvíða nema þeim sem trúa því að núna sé tíminn til að njóta, allir draumar hafi ræst sem geti það eða eigi að rætast. Þeim sem trúa ekki á möguleika mannsins til að bæta sig. Fyrir hina, sem hafna því að nútíminn sé takmark í sjálfu sér og að sagan sé komin á enda, hljóta breyttir tímar jafnframt að vera spennandi tímar. Mannkynið hefur gert nóg af því að hylla sjálft sig. Við þurfum aftur að fara að huga að því hvernig við getum bætt okkur sjálf. Við þurfum aftur að hefja upp augun til himins.


MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

Sögurnar, tölurnar, fólkið.



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000



FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Björgvin Guðmundsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871


HVER Á KLINK??
ÞÚ
FÆRÐ ÞETTA BARA GEFINS ÞEGAR ÞÚ VERSLAR HJÁ OKKUR
1000 POKAR VERÐA GEFNIR UM HELGINA EINN Á MANN!!!
ALLTAF ÓDÝRARI
MUNIÐ
SKIPTIBÆKURNAR ERU HJÁ OKKUR!!!
TAKMARKAÐ MAGN
verð áður: 9.790
990 KR. STK.
verð áður: 4.490
990 KR. STK.
459 KR. STK.
JEVA SKÓLATASKA
SKÓLATÖSKUR
JANSPORT SKÓLATASKA
HJÁ OKKUR ERU NÆG BÍLASTÆÐI OG GOTT AÐGENGI
SKEIFUNNI 11
SÍMI 533 1010
OPIÐ VIRKA DAGA 10 -18
LAUGARDAGA 10 -16
SUNNUDAGA 13 -17
GRIFFILL

# Nú færðu AGA Gasol hylkin hjá ÍSAGA, BYKO og Atlantsolíu*




Þú sérð innihaldið!



AGA Gasol®

Afgreiðsla ÍSAGA, Breiðhöfða 11, er opin virka daga frá kl. 8 til 17.

ÍSA-321 – IDEA grafísk hönnun

Alla daga frá kl. 10 til 22

800 5555

Heimsendingarþjónusta

**AGA Gasol** hylkin eru léttari, ryðga ekki og þú sérð innihaldið. Þú getur valið á milli tveggja hylkjastærða – 5 og 10 kílóa – allt eftir því hvað hentar þér.

Komdu til okkar að Breiðhöfða 11, heimsæktu umboðsmann okkar eða verslaðu **AGA Gasol** hylki og áfyllingar hjá BYKO eða Atlantsolíu*, nýjum samstarfsaðilum ÍSAGA.

Þú færð allar nánari upplýsingar um **AGA Gasol** hylkin, þrýstiminnkara, slöngur og sérlausnir hjá umboðsmönnum okkar og í þjónustuveri ÍSAGA í síma 577 3000.

Linde Gas AGA

BYKO

ATLANTSOLIA

* Kópavogsbraut 115, Kópavogi

Umboðsmenn ÍSAGA ehf.:

*SELFOSS*: Vélaverkstæði Þóris, s. 482 3548

*SAUÐÁRKRÓKUR*: Byggingavörudeild Kaupfélags Skagfirðinga, s. 455 4626

*REYÐARFJÖRÐUR*: Heildverslunin Stjarnan, s. 474 1114

*ÍSAFJÖRÐUR*: Þröstur Marsellíusson hf., s. 456 3349

*AKUREYRI*: Sandblástur og málmhúðun hf., s. 460 1515


MAÐUR VIKUNNAR

# Heiðarlega löggan sem vill breyta rétt

**ÓSKAR BJARTMARZ**
YFIRLÖGREGLUÞJÓNN

Óskar Bjartmarz, yfirlögregluþjónn á Egilsstöðum, komst í hann krappann í vikunni þegar það kom í hans hlut að verja aðgerðir lögreglunnar, sem þótti ganga full vasklega fram í aðgerðum sínum gegn mótmælendum við Kárahnjúka. Mótmælendur vönduðu Óskari og hans mönnum ekki kveðjurnar í fjölmiðlum og sökuðu lögregluna um að hafa beitt friðsamlega mótmælendur ofbeldi og einn úr hópi Íslandsvina fullyrti að Óskar hefði ekið á sig við fjölskyldubúðir nálægt Kárahnjúkavirkjun.

Óskar hefur vísað öllum ásökunum á bug og sagði manninn sem var ekið var á hafa sýnt ógnandi hegðun. Í viðtali við Fréttablaðið um síðastu helgi neitaði Óskar því að mótmælendur hefðu verið beittir harðræði og sagði aðgerðir lögreglu hafa verið réttmætar. Óskari rann þó eitthvað í skap öllum atganginum og á myndbroti sem sýnt var í Sjónvarpinu sást hann stugga við myndatökumanni Sjónvarpsins þar sem verið var að mynda mótmælendur og lögreglumenn á lóð lögreglustöðvarinnar á Egilsstöðum. Óskar viðurkenndi síðar að þar hafi hann gengið of langt og baðst afsökunnar á framkomu sinni. Í framhaldinu mætti hann í Kastljós Sjónvarpsins og skýrði sína hlið á málinu.



Fyrrum samstarfsfélagi í lögreglunni Óskars segir hann traustan og samviskusaman félaga og vinnufélaga sem vilji gera rétt. Óskar þykir fastur fyrir, öflugur og maður stórra verka. Þá er hann saður varkár og athugull og að hann gæti þess að vera ætíð með allt á hreinu í leik og starfi. Vinir Óskars líkja honum við klett í hafi og að hann hreinn og beinn í samskiptum, heiðarlegur og sansögull.

Óskar er fæddur í Reykjavík árið 1956 og byrjaði að starfa við löggæslu árið 1975 og hefur starfað innan hennar allar götur síðan ef frá er talið árið 1986-1987. Óskar tók við starfi yfirlögregluþjóns á Egilsstöðum fyrir ári síðan en hann hafði áður starfað þar um nokkurra mánaða skeið árið 1995. Sem barn var Óskar sex sumur í sveit á Hvanná á Jökuldal þannig að segja má að rætur hans megi að einhverju leyti rekja til Austurlands. Af fyrri störfum Óskars má nefna að hann hefur bæði starfað í almennri deild lögreglunnar og einnig í slysarannsóknardeild, þá var hann í afleysingum hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins árið 1982.

Óskar hefur verið ötull í félags- og trúnaðarmálum innan lögreglunnar og unnið mikið starf fyrir lögregluna í gegnum tíðina. Hann er í stjórn Íþróttafélags lögreglunnar í Reykjavík og hefur gegnt starfi formanns Landssambands lögreglumanna.

Óskar ólst upp í hópi sex systkina í Smáíbúðahverfinu í Reykjavík og lét snemma að sér kveða við það að fanga dúfur og byggja dúfna- og kanínukofa. Jónína Bjartmarz umhverfisráðherra er systir Óskars og hún segir hann alltaf hafa verið hugmyndaríkan og framtakssaman og vanda til verka í öllu því sem hann tekur sér fyrir hendur.

Óskar er frændrækinn mjög og er upphafsmaður Bjartmarz-golfmótsins þar sem ættingjar á öllum aldri koma saman og etja kappi á golfvellinum.

Jónína segir að í ljósi þess hversu þéttur bróðir hennar sé á velli sé ekki að undra að hann hafi rekið sig utan í myndatökumann Sjónvarpsins fyrr í vikunni.


# Gleðilegar ræstingar – og farsælan vinnudag!

Á tilboði í ágúst 2006
Öflugar gólfþvottavélar frá TASKI



**499.836 kr.**
TASKI Swingo 750 B
Lítil og nett, en þó afkastamikil vél.
Raunhæf afköst 750m²/klst



**414.943 kr.**
TASKI Swingo 450
Einstakleg lipur vél sem hentar vel þar sem er þröngt.
Raunhæf afköst 450m²/klst

**738.807 kr.**
TASKI Swingo 1250 B
Hentar meðalstórum fyrirtækjum og stofnunum.
Raunhæf afköst 1250m²/klst

TASKI 750 B og 1250 B bjóðast einnig á rekstarleigu.
**Hafðu samband við rágjafa RV og kynntu þér málið**

TUNGLIÐ RV6212A

**Rekstrarvörur**
*- vinna með þér*
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665

# skólastart í nettó

## lækkað verð




























## allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Gildistími frá 12. ágúst til 13. ágúst eða á meðan birgðir endast.

Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi

nettó

# ÚTSÖL

SÍÐASTI DAGUR 13. ÁGÚST

60%

ENN MEIRI AFSLÁTTUR AF VÖLDUM VÖRUM

50%

40%

**Nú fer hver að verða síðastur að gera góð kaup á útsölunni**

**Intersport Húsgagnahöll** SÍMI 585 7220 • Mán. - föstud. 10 -19 • Laugardaga 10 -18 • Sunnudaga 12 -18

ULOK

70%

AFSLÁTTUR

30%

20%

INTERSPORT®

**Intersport Smáralind** SÍMI 585 7240 • Mán. - föstud.11 - 19 • Laugardaga 11 - 18 • Sunnudaga 13 - 18 •

VIÐ LEGGJUM NÖFN OKKAR VIÐ

# GÓÐ MÁLEFNI

Í REYKJAVÍKURMARAÞONI GLITNIS

REYKJAVÍKUR MARAÞON GLITNIS 19. ÁGÚST




## Glitnir heitir á starfsfólk sitt og greiðir 3.000 kr. fyrir hvern kílómetra

Glitnir greiðir 3.000 kr. fyrir hvern kílómetra sem starfsfólk bankans hleypur í Reykjavíkurmaraþoni Glitnis. Féð rennur óskipt til góðgerðarfélags sem starfsmaðurinn velur. Yfir 400 starfsmenn hafa nú þegar skráð sig og þannig lagt nöfn sín við góð málefni.

Þú getur einnig heitið á starfsmenn Glitnis á www.glitnir.is og lagt þitt af mörkum.

**ÞÍN VELGENGNI ER OKKAR VERKEFNI**

GLITNIR

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

**GEORGE SOROS FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1930.**



*„Ég var mannlegur áður en ég varð kaupsýslumaður.“*

***George Soros er fjárfestir og spákaupmaður.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST 12. ÁGÚST 1877

# *Thomas Alva Edison fann upp plötuspilarann*

Thomas Alva Edison fæddist árið 1847 í Bandaríkjunum en hann átti yfir þúsund einkaleyfi þegar yfir lauk. Edison var yngstur sjö systkina og varð heyrnardaufur á unga aldri en sú fötlun átti síðar eftir að verða uppspretta margra hugmynda hans. Skólaganga hans var slitrótt og honum gekk illa vegna heyrnardeyfðar og hætti í skóla tólf ára gamall.



Edison fór þá að vinna við járnbrautirnar þar sem hann kynntist ritsímanum og varð símritari nokkrum árum síðar. Árið 1869 flutti Edison til New York og einbeitti sér nú af fullum krafti að því að bæta og breyta ritsímatækninni. Árið 1871 giftist hann hinni sextán ára gömlu Mary Stilwell en þrátt fyrir velgegngni Edisons áttu þau alltaf í fjárhagsvandræðum.

Ein frumlegasta uppgötvun Edisons var plötuspilarinn sem hann fékk einkaleyfi fyrir árið 1877.

Frægasta uppgötvun hans var þó handan við hornið en hann fann upp ljósaperuna tveimur árum síðar, fljótlega eftir stofnun Edison Electric Light Company. Á síðasta degi ársins kynnti hann uppfinningu sína fyrir heiminum eftir að hafa unnið hörðum höndum að því að koma rafmagnsljósi í notendavænt form. Edison lét sér það ekki nægja heldur bjó hann einnig til dreifikerfi fyrir rafmagnið og var fyrsta rafveitan opnuð árið 1882 í New York. Edison starfaði einnig með Alexander Graham Bell og stofnaði með honum fyrsta símafyrirtæki heimsins árinu áður.

Árið 1884 dó eiginkona hans frá þremur börnum þeirra en Edison kvæntist Minu Miller tveim árum síðar. Hann hélt áfram að starfa við uppfinningar fram á áttræðisaldur og er minnst sem mikils frumkvöðuls á sviði rafmagns.

## MERKISATBURÐIR

**1851** Isaac Merrit Singer fær einkaleyfi fyrir saumavélinni og stofnar fyrirtækið I.M. Singer & Company til þess að markaðssetja vöru sína.

**1898** Hawai verður hluti af Bandaríkjunum.

**1944** Bróðir Johns F. Kennedy, Joseph P. Kennedy, andast í flugslysi í seinni heimsstyrjöldinni.

**1957** Fyrstu stöðumælarnir í Reykjavík voru teknir í notkun og kostaði fimmtán mínútna notkun eina krónu.

**1975** Um þrettán hundruð þátttakendur á kristilegu stúdentamóti fengu matareitrun og um fjórtíu voru fluttir á sjúkrahús í Reykjavík.



**LOFT** Tvö börn leika sér með loftbelg í Lissabon í Portúgal en þaðan flaug fyrsti loftbelgurinn árið 1709. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## ÚTFARIR

13.30 Þorgrímur Eyjólfsson, Fagurgerði, Stokkseyri, verður jarðsunginn frá Stokkseyrarkirkju.

14.00 Ásthildur Teitsdóttir, fyrrverandi húsfreyja á Hjarðarfelli, Snæfellsnesi, verður jarðsungin frá Fáskrúðarbakkakirkju.

14.00 Geir Sigurgeirsson frá Hlíð verður jarðsunginn frá Eyvindarhólakirkju.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir í smáletursdálkinn hér til hliðar má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Þorvarður Guðmundsson**

skipasmíðameistari, Dalbraut 16,

andaðist hinn 7. ágúst. Útförin verður gerð frá Fossvogskirkju mánudaginn 14. ágúst nk. kl. 15.00.

**Súsanna Þorvarðardóttir** **Atli S. Grétarsson**
**Björgvin Þorvarðarson**
**Guðmundur A. Þorvarðarson** **Vilhjálmur J. Guðjónsson**
**Aðalbjörg Þorvarðardóttir** **Sigurður Gíslason**
**Bylgja Þorvarðardóttir** **Sveinn Þorsteinsson**
**og afabörnin.**



*Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Karólínu Aðalsteinsdóttur**

Eiðistorgi 1, Seltjarnarnesi.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Deildar 7A Landspítalans Fossvogi.

**Sveinbjörn Sædal Gíslason**
**Helgi Sveinbjörnsson**
**Ragna Sveinbjörnsdóttir**
**Edda Sveinbjörnsdóttir** **Guðni Þ. Sigurmundarson**
**Valur Sveinbjörnsson** **Benchamat Susi**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Bróðir minn*

**Sigurður Arnaldur Ísleifsson**

Hæðargarði 30,

lést á líknardeild Landakotsspítala, sunnudaginn 30. júlí. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Sigurósk Eyland Jónsdóttir.**



**FRÁ FISKIDEGINUM** Fiskidagurinn á Dalvík er nú haldinn í sjötta sinn og gestum fjölgar ár frá ári enda ekki amalegt að fá glænýtt og gómsætt fiskmeti.

## FISKIDAGURINN MIKLI: ÚLFAR EYSTEINSSON

# Alltaf bongóblíða

„Ég lagði nafn mitt náttúrulega að veði en það er Sjóstangveiðifélagið sem er nú potturinn og pannan í þessu, hann Þorsteinn Már Aðalsteinsson spurði mig hvort ég væri til í að hjálpa þeim og ég hélt það nú, mér fannst þetta svo brjáluð hugmynd að ég vildi taka þátt í þessu,“ segir Úlfar Eysteinsson yfirkokkur dagsins þegar hann er spurður um þátttöku sína í Fiskideginum mikla á Dalvík.

„Núna erum við búin að pakka í álpappír tuttugu og fimm þúsund þorskhnökkum og erum tilbúnir með fimmtán þúsund fiskhamborgara og erum með um sjötíu þúsund fisknagga. Á föstudag þá lögum við eitt og hálft tonn af saltfisksfarsi sem að við ætlum að steikja opinberlega fyrstir af öllum held ég í vöfflujárni og hafa með því súrsæta sósu og þetta er alveg sérdeilis bragðgott,“ segir Úlfar en Húsasmiðjan gaf fimmtíu vöfflujárn til vöfflubakstursins.

Úlfar segir að hugmyndin að vöfflunum hafi komið þegar aðstandendur dagsins sáu fram á að það tæki allt of langan tíma að gera bollur úr saltfiskfarsinu. „Við fórum út í Hrísey og vorum að skoða stóran steikingarpott og á leiðinni til baka þá datt okkur þetta snjallræði í hug, Júlla, Þorsteini og mér, að prófa þetta á vöfflujárni og það svona svínvirkaði,“ segir Úlfar og hlær.

Fiskidagurinn er sannkölluð fjölskylduhátíð og það sem gerir daginn ekki síst sérstakan er að allur matur á hátíðinni er ókeypis. „Menn fá ekki að vera á svæðinu með sölutjöld, það er bara bannað á svæðinu við höfnina þar sem uppákomurnar fara fram,“ segir Úlfar. „Þetta er orðið eitt heljarinnar dúndur, þeir eru með þrjú tjaldstæði hérna og eitt er þegar orðið fullt núna (á fimmtudag) og þessi bær hérna er orðinn eins og gott úthverfi í Reykjavík,“ segir Úlfar og bætir við að aðstandendur búist við að um þrjátíu þúsund manns mæti á hátíðina.

Veðrið hefur jafnan leikið við gesti Fiskidagsins og Úlfar segir að engin breyting verði á því í ár. „Ég segi náttúrulega að það sé mér að þakka því að þeir ætluðu upphaflega að vera með þetta helgina fyrir verslunarmannahelgi en ég var þá upptekinn á vakt á veitingastaðnum mínum og ég sagðist ekki geta komið fyrr en helgina eftir og það hefur verið alveg bongóblíða í öll skiptin“ segir Úlfar og hlær.

**gudrun@frettabladid.is**


MARKAÐURINN

**Sögurnar, tölurnar, fólkið.**

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA




AUGLÝSINGASÍMI
**550 5000**


## AFMÆLI



**Thor Vilhjálmsson** er 81 árs.



**Atli Gíslason** lögmaður er 59 ára.



**Ragnhildur Vigfúsdóttir** er 47 ára.



**Halldóra Geirharðsdóttir** leikkona er 38 ára.



**Guðmundur Friðriksson** er áttræður í dag. Hann verður að heiman.



**Karl V. Matthíasson** er 54 ára.



**Ásdís Rán Gunnarsdóttir** fyrirsæta er 27 ára.

ego dekor
BÆJARLIND 12 - S: 544 4420
WWW.EGODEKOR.IS

OPIÐ UM HELGINA:
lau 10:00-18:00 - sun 13:00-18:00

# ÚTSALAN ER HAFIN
## 10-70% afsláttur



**Romantique hnotu borð**
190x85 og 6 stólar

*Verð áður: 120.000,-*
*Allt settið saman verð nú:* 67.500,-



**Tendence eikarborð**
190x90 og 6 stólar

*Verð áður: 128.000,-*
*-30%*
*Allt settið verð nú:* 89.600,-



**30% AFSLÁTTUR AF ROMI POSTULÍNSMATARSTELLI**



**Tungusófi**
með óhreinindavörðu microfiber áklæði
Fáanlegur í dökkbrúnu og sandgulu

*Verð áður: 128.000,-*
*-30%*
*Verð nú:* 89.600,-



**Leðursófasett Luna**
Einungis selt saman í setti 3+1+1

*Verð áður: 188.000,-*
*Tilboðsverð nú:* 159.800,-



**Madison eikarborð**
180x100 og 6 stólar

*Verð áður: 140.000,-*
*-30%*
*Alllt settið verð nú:* 98.000,-



**Madison sófaborð**
*-30%*

Stærð: 135x70
*Verð nú:* 20.300,-

Stærð: 60x60
*Verð nú:* 13.860,-



**Stóll THEO**
*Verð áður: 12.500,-*
*-30%*
*Verð nú:* 8.750,-

**Stóll ARJAN**
*Verð áður: 13.500,-*
*-30%*
*Verð nú:* 9.450,-

**SOHO leðurstóll**
*Verð áður: 14.500,-*
*-20%*
*Verð nú:* 11.600,-

**Stóll LISA**
*Verð áður: 12.500,-*
*-30%*
*Verð nú:* 8.750,-

**Guðbergur Bergsson**

**f. 1932. Rithöfundur**



**Sumar hátíðir eru svo hátíðlegar að þær verða hundleiðin-legar**


Sumar eru svo alvarlegar að þær verða hlægilegar
Pride
Gay Pride er hátíð sem hefur gaman að sjálfri sér: Leikið og látið, lífið er stutt!
Hommar og lesbíur til hamingju með daginn
Á hverjum hátíðardegi býður Landsbankinn listamanni að deila með okkur hugrenningum sínum. Guðbergur Bergsson á orð dagsins.
Landsbankinn
Banki allra landsmanna í 120 ár
GOTT FÓLK McCANN

# Þýddi Farfugl Guðbergs á kínversku

**Arnar Steinn Þorsteinsson** var einn af bestu hjólabrettaköppum landsins um árabil. Forvitnin rak hann hins vegar til Kína þar sem hann ákvað að leggja fyrir sig kínverskar bókmenntir og menningarfræði. Í samtali við ***Kristján Hjálmarsson*** segir Arnar Steinn frá hræringunum í Kína, öðruvísi siðum og smásögu eftir Guðberg Bergsson sem hann snaraði yfir á kínversku.

Þetta var eitthvað sem mig hafði langað til að gera í mörg ár. Ég hef alltaf verið mikill áhugamaður um tungumál og framandi menningu og ákvað að fara út og sjá hvernig mér litist á. Svo leið mér bara svo vel og fannst þetta svo spennandi að ég fór í fullt BA-nám í kínversku, með áherslu á bókmenntir og menningarfræði,“ segir Arnar Steinn Þorsteinsson, 28 ára Vesturbæingur, sem lauk prófi frá kínverskum háskóla nú í júlí.

Arnar Steinn bjó í borg sem heitir Guang Zhou (borið fram Gvong Djó) í Suður-Kína. Borgin er í Guang-héraði sem er stutt frá Hong Kong og Macau, sem er fyrrverandi portúgölsk nýlenda. Svæðið er kallað Pearl River Delta eða Perluár óshólmar og giskar Arnar Steinn á að á svæðinu hafi búið um tíu milljónir manna. „Það er í raun ekki vitað hvað það búa margir á svæðinu þar sem straumurinn af fólki í atvinnuleit er svo mikill en það fólk er ekki endilega skráð með búsetu þar svo opinberar tölur um íbúafjölda segja eitthvað allt annað.“

### Kínverskan opnaði nýja heim

Arnar Steinn segist lítið sem ekkert hafa vitað um Kína áður en hann fór út. „Upphaflega fór ég út af forvitninni einni saman. Mig langaði í útrás og til að hvíla mig á Íslandi en það sem heillaði mig þegar ég kom til Kína var kúltúrinn, fólkið og þær gífurlegu hræringar sem eiga sér stað í landinu. Guang Zhou er mjög fjölþjóðlegt umhverfi og það hefur færst í aukana síðustu ár. Þegar ég kom út voru um tvö hundruð erlendir nemendur í skólanum en nú eru þeir um þúsund.“

Arnar Steinn segir Kína vera gífurlega frábrugðið Íslandi. „Það er voðalega erfitt að lýsa samfélaginu og mjög misjafnt hvernig menningarsjokki fólk verður fyrir. Fólksfjöldinn þar er til dæmis gríðarlegur og það er eins og það sé 17. júní á hverjum einasta degi. Kínverjar haga sér allt öðruvísi en við og hugsunarhátturinn og siðirnir eru allt aðrir – fólk hagar sér til dæmis allt öðruvísi við matarboðið, það talar á annan hátt við hvert annað, snertist á annan hátt og hefur önnur prinsipp,“ útskýrir Arnar Steinn sem lenti í töluverðum vandræðum til að byrja með og þá ekki síst vegna tungumálaörðugleika. „Þetta var mjög erfitt í upphafi en ég eignaðist strax vini sem hjálpuðu mér mjög mikið – bæði Kínverja og aðra sem kunnu kínversku. Ég kom mér síðan hægt og rólega inn í þetta. Þegar ég var orðinn nokkuð sleipur í kínverskunni, eftir hálft til eitt ár, opnaðist nýr heimur fyrir mér. Ég gat tjáð mig betur og fór að skilja landið betur og af hverju fólkið er eins og það er.“



ARNAR STEINN OG SONOKO Þau kynntust í Kína. Hann frá Íslandi en hún frá Japan. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

### Kína eins og Ameríka

Arnar Steinn segist ekki hafa fundið mikið fyrir ofríki kommúnistastjórnarinnar í Kína enda sé Guang Zhou nokkuð langt frá miðstjórninni í Peking. „Kommúnistaflokkurinn ræður náttúrulega öllu og er líka við völd í sveitar- og borgarstjórnum. Ég myndi samt ekki segja að það væri til kommúnismi í Kína nema það að alræðisstjórnin er við völd og verður það um ófyrirsjáanlegan tíma. Kína er frekar orðin eins og Ameríka, þú þarft að borga fyrir spítalavist og það er dýrt að fara í háskóla. Maður finnur samt ekki mikið fyrir stjórninni í Guang Zhou, maður finnur meira fyrir henni í Peking. Andrúmsloftið í Peking er miklu áþreifanlegra enda er herinn á götum úti,“ segir Arnar Steinn. Hann segir að í eina skiptið sem hann hafi fundið fyrir alræði kommúnistastjórnarinnar hafi verið þegar hún ritskoðaði heimildarmynd sem hann ætlaði að sjá. „Myndin fjallar um fólksflutninga við stóru stíflugerðina. Milljónum manna hefur verið gert að flytja þar sem það á að láta flæða yfir bæi og borgir. Myndin fjallar um þessa fólksflutninga og það var margt af fólki komið saman til að sjá þessa mynd. Allt í einu stendur kvikmyndagerðarmaðurinn upp og segir að stjórnin hafa bannað sýninguna. Áhorfendur urðu mjög hissa yfir þessu og spurðu hvort stjórnin væri ekki hætt að gera svona lagað,“ segir Arnar Steinn.

Arnar Steinn segir að í Kína sé ekki til neinn frjáls, óháður kínverskur fjölmiðill. „Fréttirnar þar eru vægast sagt mjög skondnar. Í Guang Zhou er hægt að sjá sjónvarpsstöðvar frá Hong Kong en ef þar voru fluttar viðkvæmar eða neikvæðar fréttir í garð Kína kom allt í einu upp stillimynd af fallegu fjalli. Ef maður vildi hins vegar sjá fréttina til enda þurfti ég að leita hana uppi á netinu.“

„Internetið er í Kína er gott og ódýrt. Það eru samt ákveðnar síður sem ekki er hægt að komast inn á, til dæmis vefur BBC. Svo eru aðrir einstaka miðlar sem er búið að taka út,“ segir Arnar Steinn sem nýtti sér netið óspart á meðan dvöl hans í Kína stóð.

### Farfuglinn á kínversku

Arnar Steinn segist hafa lagt mikla vinnu á sig strax frá byrjun við að læra málið. „Kínverska er annars mjög gamalt tungumál og er ofboðslega ríkt í málnotkun og orðaforða. Það tekur tíma að vinna sér upp orðaforða og sum orðin eru svo forn að ef maður þekkir ekki menningarlegu tengslin veit maður ekki hina raunverulegu merkingu þeirra.“

Á þeim fimm árum sem Íslendingurinn ungi dvaldi í Kína tókst honum að ná þó nokkru valdi á hinu flókna tungumáli. „Helsta markmið mitt var að geta lesið og skrifað kínversku. Nú er ég eiginlega orðinn allæs á málið þó það komi fyrir að ég rekist á tákn sem ég hef ekki séð áður. Táknin eru samt lógískt uppbyggð þannig að ég skil nokkurn veginn hvað þau

*Ég myndi samt ekki segja að það væri til kommúnismi í Kína nema það að alræðisstjórnin er við völd og verður það um ófyrirsjáanlegan tíma. Kína er frekar orðið eins og Ameríka, þú þarft að borga fyrir spítalavist og það er dýrt að fara í háskóla.*



ÓLÍKIR HEIMAR Arnar Steinn segir margt ólíkt með Kína og Íslandi.

NÚ LOTTARÐU Í FRÍINU MEÐ ÁSKRIFT
Með LOTTÓ Í ÁSKRIFT gætir þú líka unnið einn af 30 stórglæsilegum aukavinningum í áskriftarleiknum.
ÁSKRIFTAR LEIKUR LOTTÓ
lotto.is
ENNEMM / SÍA / NM22639

þýða þó ég geti ekki borið þau fram. Það er líka eitt að geta talað kínversku og að tala góða kínversku. Það tekur gífurlegan tíma að ná almennilegum tökum á málinu og það verður ævistarf mitt,“ segir Arnar Steinn en lokaverkefni hans var þýðing á íslenskri sögu yfir á kínversku. „Ég þýddi smásöguna Farfuglinn eftir Guðberg Bergsson yfir á kínversku og fékk góða einkunn fyrir. Á kínversku heitir sagan Hou Niao. Ég bað að vísu Guðberg ekki um leyfi en ég vona að það sé í lagi. Ég ætla hvort eð er ekki að gefa hana út,“ segir Arnar Steinn hlæjandi.

**Eitt stærsta efnahagssvæði heims**

Á síðustu árum hefur Kína opnast mikið og er sívaxandi efnahagssvæði. Arnar Steinn segir að Guang Zhou sé ein mesta viðskiptaborg Kína. „Guang Zhou er eitt af stærstu efnahagssvæðum heims. Kína er í fjórða sæti yfir stærstu efnaahagssvæði heims en héraðið er inni á topp tíu yfir stærstu efnahagssvæði heims, sem er í raun ógnvænlegt. Það eru allir frændur okkar, Norðmenn, Svíar, Danir, með viðskiptaráð í Kína og mjög margir sem stunda viðskipti þar. Ég rakst hins vegar ekki á marga Íslendinga þar,“ segir Arnar Steinn. „Það eru flestir sem koma þangað til að kaupa textílvörur eða ódýrar rafmagnsvörur. Guang Zhou er mikið framleiðsluhérað og það er mikið um alþjóða viðskipti þar. Viðskiptin eru í raun svo mikil að þegar ég sagðist ekki vera að stunda viðskipti spurði fólk hvort ég væri veikur.“

Arnar Steinn segist ekki hafa haft mikinn áhuga á viðskiptum þegar hann kom til Kína en nú sé áhuginn farinn að kvikna. Hann vil samt ekki láta það uppi hvort hann hafi fengið stóra viðskiptahugmynd. „Ég vil nú sem minnst tjá mig um það. Margir vinir mínir þarna úti vildu hins vegar fara að stunda stóran og mikinn bisness á Íslandi en þegar ég sagði þeim hvað það búa margir hérna fannst þeim markaðurinn helst til lítill.“

kristjan@frettabladid.is

**Arnar Steinn Þorsteinsson** er kominn til Íslands ásamt unnustu sinni Sonoko Oki. Sonoko er frá Japan en þau kynntust í Kína. „Hún er frá Japan og við erum búin að vera saman í næstum fimm ár. Hún er mannfræðingur að mennt og vann meðal annars fyrir útflutningsráð Japans í Kína og svo hjá rafeindafyrirtækinu NEC,“ segir Arnar Steinn. „Við ætlum að vera á Íslandi í eitt ár og sjá hvernig okkur líkar. Hún er að melta Ísland með sér og athuga hvort hún vilji búa hér. Hún rembist eins og rjúpa við staurinn að læra íslensku. Hún á samt erfitt með framburðinn. Svo getur vel verið að við förum til Kína eða Japan. Það er allt opið hjá okkur eins og er.“ Arnar Steinn er sem stendur í atvinnuleit en segist ekki hafa séð margar atvinnuauglýsingar þar sem kínverskan kemur við sögu. „Ég hef samt sérstakan áhuga á ferðamálaiðnaðnum. Það eru margir kínverskir ferðamenn sem koma til Íslands en það er ekki langt síðan stjórnvöld í Kína leyfðu heimsóknir til Íslands,“ segir Arnar Steinn sem hefur þó sérstakan áhuga á menningartengslum þjóðanna.



**MEÐ BEKKJARFÉLÖGUNUM** Arnar Steinn og samnemendur úr háskólanum í Guong Zhou.

# Bó tíu árum á eftir áætlun

Undirbúningur fyrir tónleika Björgvins Halldórssonar og Sinfóníuhljómsveitar Íslands er að komast á lokastigi. Miðasala á viðburðinn hefst í þarnæstu viku og æfingar um næstu mánaðamót en tónleikarnir sjálfir verða haldnir í Laugardalshöllinni laugardaginn 23. september. Mikið stendur til enda munu að öllum líkindum vel á annað hundrað manns taka þátt í tónleikunum með einum eða öðrum hætti.

„Ég ætlaði að gera þetta fyrir tíu árum og í rauninni á undan öllum öðrum sem hafa gert þetta undanfarið,“ segir Björgvin um tónleikana. Hann segist þekkja fólkið í Sinfóníuhljómsveitinni mjög vel enda hefur hann komið víða við á löngum ferli sem tónlistarmaður, upptökustjóri og framleiðandi.

„Ég er væntanlega búinn að vera nógu lengi í bransanum til að vera búinn að vinna fyrir þessu,“ bætir hann við.

Hljómsveitarstjóri verður Bernharður Wilkinson, Þórir Baldursson útsetur fyrir hljómsveit og kór og Hrafnkell Orri Egilsson útsetur forleik tónleikanna sem byggður er á lögum eftir Björgvin. Hrynsveit Björgvins leikur með sinfóníuhljómsveitinni og karlakórinn Fóstbræður syngur, svo nokkrir séu nefndir.

Fjölmargir gestir stíga á svið með Björgvini á tónleikunum og má þar nefna börn hans, Svölu og Krumma. Aðspurður segist Björgvin ekki vilja segja meira um þá sem gleðja munu áhorfendur við hlið hans, nema að þeir verði eflaust fleiri en búið að er að gefa upp.



**STÓRTÓNLEIKAR NÁLGAST** Vel á annað hundrað manns taka þátt í tónleikum Björgvins Halldórssonar og Sinfóníuhljómsveitar Íslands.



# Hvar er glæpurinn?

Búist er við að fyrsti dómurinn yfir Saddam Hussein, fyrrverandi Íraksforseta, verði kveðinn upp í október. Réttarhöld yfir honum vegna fjöldamorða á 148 mönnum í bænum Dujail 1982 hafa staðið með hléum frá því í október á síðasta ári en Hussein var gripinn í jarðhýsi í Írak í desember árið 2003 eins og frægt varð. Réttarhöldin hafa vakið heimsathygli og hafa sannarlega ekki gengið þrautalaust fyrir sig. *Sigurður Þór Salvarsson* rifjar hér upp ýmis orð sem Saddam hefur látið falla í réttarhöldunum til þessa.

***„Sigurinn er þeirra sem börðust fyrir málstað Guðs... Örlög mín eru í höndum Guðs, hins almáttuga.“***

Saddam þegar hann var fyrst leiddur fyrir dómara í júlí 2004 þar sem hann var yfirheyrður um gjörðir sínar í embætti forseta Íraks.

...

***„Ég viðurkenni hvorki tilveru þeirra sem þú hefur umboð þitt frá, né innrásina í Írak, því allt sem byggist á fölskum forsendum er falskt.“***

Saddam við sama tækifæri.

...

***„Þú veist hver ég er, þú ert Íraki og veist að ég er úthaldsgóður.“***

Saddam við yfirheyrslurnar 2004 þegar dómarinn hafði ítrekað reynt að fá hann til að segja til nafns.

...

***„Mér er ekki hatur í huga til neins ykkar. Með virðingu fyrir hinni stórkostlegu írösku þjóð lýsi ég því yfir að ég neita að svara þessum spurningum vegna þess að þessi réttarhöld eru ólögleg og ég neita að taka þátt í þessu með vísan til stjórnarskrárvarinna réttinda minna. Hver ég er? Ég er arabi.“***

Saddam neitar enn að segja til nafns við fyrstu yfirheyrslur.

...

***„Þeir komu með mig hingað í handjárnum. Þeir hafa engan rétt til að handjárna sakborninga.“***

Saddam kvartar undan illri meðferð við upphaf réttarhaldanna í október 2005 og því að hafa þurft að ganga upp fjórar hæðir þar sem lyfta var biluð.

...

***„Þú lætur þá ekkert vita af þessu, þú skipar þeim að koma þessu í lag. Þú ert Íraki en þeir tilheyra útlendu innrásar- og hernámsliði og þú átt að skipa þeim fyrir verkum.“***

Saddam bregst reiður við þeim orðum dómarans að hann muni láta lögreglu vita af því að lyftan sé biluð.

***„Ég finn til þegar ég heyri að Írakar hafi verið beittir harðræði. Lögum samkvæmt var rangt að beita þetta fólk misrétti og þeir sem það gerðu ættu að fá makleg málagjöld.“***

Saddam eftir að hafa heyrt vitnisburð um ofbeldi gegn fólki í Írak á valdatíma hans.

...

***„Ég óttast ekki aftöku.“***

Saddam eftir að hafa heyrt ófagrar lýsingar vitna á ofbeldi og pyntingum og morðum sem útsendarar hans frömdu.

...

***„Þú munt fá að svara til saka þegar hin dýrlega íraska bylting gengur í garð.“***

Saddam segir dómaranum til syndanna og hvað hann eigi í vændum.

***„Þessari vitleysu verður að linna. Ef þú vilt höfuð Saddams Hussein geturðu fengið það! Ég vísa til stjórnarskrárvarinna réttinda minna, manns sem orðið hefur fyrir árás vopnaðra manna!“***

Saddam ósáttur við þær sakir sem á hann eru bornar.

...

***„Gríptu ekki fram í fyrir mér væni. Ef það sannast einhvern tíman að Saddam Hussein hafi lagt hendur á einn einasta Íraka, er hvert orð þessa vitnis sannleikanum samkvæmt.“***

Saddam við fyrsta vitnið sem leitt var fyrir réttinn og bætti því við að hann óskaði eftir því að vitnið yrði sent í geðrannsókn hjá óháðum rannsakendum.

...

***„Ameríkanarnir hafa barið mig og pyntað, þeir hafa ítrekað gengið í skrokk á mér og ég ber þess merki um allan líkamann.“***

Saddam kvartar undan meðferðinni í fangavistinni en rannsókn leiðir ekkert í ljós sem styður ásakanir hans.

***„Ég býð öllum þeim sem virða lög og rétt góðan dag.“***

Saddam við framhald réttarhaldanna í lok desember 2005.

...

***„Hvar er glæpurinn? Hvar er glæpurinn?“***

Saddam spyr í janúar 2006 í tilefni þess að rétturinn reyndi að sýna fram á tengsl hans við aftökur 148 sjíamúslima í þorpinu Dujail árið 1982 í kjölfar þess að Saddam var sýnt banatilræði.

...

***„Ef þú óttast innaríkisráðherrann, þá get ég sagt þér það að hundurinn minn er ekki vitund hræddur við hann.“***

Saddam við dómarann eftir að sá síðarnefndi hafði gert athugasemdir við gagnrýni Saddams á stjórnvöld í Írak og sakað þau um að ofsækja súnnímúslima, sem höfðu völdin í Írak í stjórnartíð Saddams.

...

***„Vertu ekki að æsa þig við mig. Ég er eldri en þú, er hærra settur og á glæstari feril að baki og ekki er ég að æsa mig við þig.“***

Saddam við dómarann.

...

***„Helmingurinn af lögmönnum mínum hefur verið myrtur meðan réttarhöldin hafa staðið. Er það ofverk þitt að vernda þá?***

Saddam beinir spjótum sínum enn að dómaranum en þrír lögmenn ákærðu voru myrtir meðan á réttarhöldunum stóð.

...

***„Ef þú lendir í þeirri aðstöðu að verða að kveða upp dauðadóm, ráðlegg ég þér sem Íraki að hafa í huga að Saddam er hermaður og ætti því að vera tekinn af lífi af aftökusveit en ekki fara í gálgann.“***

Saddam við dómarann er réttarhöldunum lauk í lok júlí síðastliðins. Réttarhöld yfir honum vegna ákæru um þjóðarmorð á Kúrdum hefjast 21. ágúst.



**HVAR ER GLÆPURINN?** Saddam kannaðist ekki við að hafa framið neina glæpi sem æðsti maður Íraks og taldi allar aðgerðir stjórnvalda hafa verið fullkomlega eðlilegar.

**■ 19. OKTÓBER 2005**
Réttarhöldin yfir Saddam Hussein og samverkamönnum hans hefjast í Bagdad. Fyrsta ákæra sem fyrir er tekin snýst um aðild að morðum á 148 sjíamúslimum í þorpinu Dujail árið 1982.

**■ 28. NÓVEMBER 2005**
Fyrstu vitnin eru leidd fyrir réttinn.

**■ DESEMBER 2005**
Vitnaleiðslur halda áfram og hvað eftir annað slær í brýnu milli sakborninga og dómara.

**■ 29. JANÚAR 2006**
Saddam strunsar út úr réttarsalnum ásamt verjendum sínum í mótmælaskyni við að hálfbróðir hans Barzan al-Tikriti var fjarlægður úr réttarsalnum vegna ítrekaðra kvartana um að hann fái ekki viðeigandi læknishjálp við krabbameini sem hann þjáist af.

**■ 1. OG 2. FEBRÚAR 2006**
Réttarhöldunum framhaldið í fjarveru Saddams Hussein og verjenda hans.

**■ 13. OG 14. FEBRÚAR 2006**
Saddam er fluttur nauðugur til réttarhaldanna og lætur ófriðlega í réttarsalnum. Segist vera kominn í hungurverkfall.

**■ 28. FEBRÚAR 2006**
Verjendur Saddams snúa aftur í réttarsal eftir mánaðarfjarveru en tveir þeirra ganga út á ný þegar daufheyrst er við kröfum þeirra um að yfirsaksóknara og yfirdómara verði vikið frá.

**■ 15. MARS 2006**
Verjendur Saddams hefja málflutning fyrir réttinum.

**■ 5. APRÍL 2006**
Saddam ber vitni fyrir réttinum í fyrsta sinn og segir ákæruna alla byggða á fölsuðum gögnum.

**■ 17. APRÍL 2006**
Saksóknarar kynna vitnisburð rithandarsérfræðinga sem staðfesta að Saddam hafi undirritað dauðadómana yfir sjíunum 148 með eigin hendi.

**■ 15. MAÍ 2006**
Saddam neitar að lýsa yfir sekt eða sakleysi af þeim sökum sem á hann eru bornar á þeim forsendum að hann sé forseti Íraks.

**■ 22. MAÍ 2006**
Einum lögmanna sakborninga er vísað úr réttarsal eftir illskeytt orðaskipti við yfirdómarann. Saddam mótmælir hástöfum en er sagt að þegja.

**■ 5. JÚNÍ 2006**
Verjendur krefjast þess að réttarhöldunum verði frestað meðan rannsókn fari fram á grunsemdum þeirra um að sönnunargögn sem saksóknari hefur lagt fyrir réttinn séu fölsuð, auk þess sem mútur hafi verið bornar á vitni.

**■ 12. JÚNÍ 2006**
Róstusamt í réttarsalnum og hálfbróðir Saddams er enn og aftur leiddur út eftir ítrekuð framíköll og munnsöfnuð í garð dómarans.

**■ 19. JÚNÍ 2006**
Saksóknari flytur mál sitt fyrir réttinum og krefst þess að sakborningar verði dæmdir til dauða.

**■ 10. JÚLÍ 2006**
Saddam tilkynnir í bréfi til réttarins að hann muni sniðganga réttarhöldin héðan í frá og verjendur hans segja slíkt hið sama. Þeir bera fyrir sig skort á öryggisgæslu en frá því réttarhöldin hófust í október 2005 hafa þrír lögmenn úr hópi verjenda verið myrtir.



**■ 11. JÚLÍ 2006**
Dómari frestar réttarhöldunum til 24. júlí og krefst þess að Saddam og lögmenn hans mæti þá aftur fyrir réttinn.

**■ 24. JÚLÍ 2006**
Réttarhöldum framhaldið en í fjarveru Saddams og verjenda hans. Saddam er á sjúkrahúsi eftir hungurverkfall en lögmenn hans neita að mæta vegna skorts á öryggi.

**■ 26. JÚLÍ 2006**
Saddam kemur aftur fyrir réttinn og kveðst hafa verið dreginn þangað nauðugur af sjúkrabeði. Hann lýsir því yfir að verði hann dæmdur til dauða kjósi hann frekar að verða skotinn en hengdur.

**■ 27. JÚLÍ 2006**
Réttarhöldunum er frestað til 16. október en þá er gert ráð fyrir að dómur verði kveðinn upp.



## Á SÖGUSLÓÐUM BERLÍNARBORGAR

Óttar Guðmundsson læknir er leiðsögumaður í ferðinni „Þriðja ríkið“.

FERÐIR 6



## 21. ALDAR HJÓLHÝSI

Airstream-hjólhýsin hafa verið endurhönnuð og færð til nútímans.

BÍLAR 4

allt

FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA ATVINNA BRÚÐKAUP TILBOÐ O.FL. FRÉTTABLAÐIÐ

## ALLT HITT

**[ BÍLAR - FERÐIR ]**

**Fjallganga** á vegum Útivistar verður farin á Klakk á morgun, sunnudag. Brottför frá BSÍ kl. 08.00. Klakkur er 999 metra hár og einn af útvörðum Langjökuls og rís upp úr jöklinum í jaðri hans miðja vegu á milli Geitlandsjökuls og Hagafells. Verð er 3.700 fyrir félaga og 4.300 fyrir aðra.



**Flugfarþegum** er bent á vegna aukinnar öryggisgæslu á Keflavíkurflugvelli að mæta snemma í innritun og öryggisleit. Hafa ber í huga að farþegum gæti verið gert að innrita allan farangur sem þeir hafa meðferðis; handfarangur þar með talinn. Í handfarangri má ekki vera vökvi. Til að mynda gosdrykkir, vatn, áfengi, ilmvötn o.fl. Mjólk fyrir ungbörn er undanþegin, sem og lyf sem stíluð eru á viðkomandi flugfarþega.

**Bernhard** hefur opnað aftur á laugardögum eftir sumarið. Frá og með 12. ágúst er söludeild nýrra bíla í Vatnagörðum 24 opin á laugardögum frá 12 til 16 og Bernhard notaðir bílar í Bílakjarnanum frá 11 til 16.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er laugardagurinn 12. ágúst, 224. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 5.08 | 13.33 | 21.55 |
| Akureyri | 4.41 | 13.17 | 21.51 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



Daði opnaði nýlega vefsíðuna bleikurpolo.blog.is þar sem hann býðst til að skipta á bílnum sínum og öðrum bíl, svo lengi sem hann telji skiptin vera sanngjörn. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Nægjusemin uppmáluð

***Daði Rafnsson, starfsmaður í söludeild KB banka, er nægjusemin uppmáluð þar sem hann ekur um á litlum Volkswagen Polo. Hann sker sig úr á vinnustaðnum, þar sem flestir aka um á margmilljón króna glæsibifreiðum.***

„Það var nú bara klesst á gamla bílinn minn og ég þurfti að fá nýjan bíl í snatri, sölumanninum tókst að sannfæra mig um að þetta væri besti kosturinn. Kærastan mín var líka svo ofsalega ánægð með þá staðreynd að þetta er bleikur Polo,“ segir Daði.

Daði opnaði nýlega vefsíðuna bleikurpolo.blog.is. Á síðunni bíðst Daði til þess að skipta á bílnum og öðrum bíl, svo lengi sem hann telur skiptin vera sanngjörn. „Hugmyndin kviknaði þegar ég skoðaði heimasíðuna oneredpaperclip.com sem segir frá bandarískum manni sem tókst á einu ári að skipta einni pappírsklemmu upp í hús með því að fá alltaf aðeins betri hlut í hvert skipti sem hann gerði skipti.“

Daði segist hafa fengið fjölmörg tilboð en flest hafi þau verið mjög léleg. „Besta tilboðið var Toyota Corolla sem var í mjög lélegu ástandi. Með þessari aðferð stefni ég að því að vera kominn á flottan Benz eftir tvö ár,“ útskýrir Daði léttur í bragði.

En skyldi Daða aldrei vera strítt af vinnufélögum sínum vegna bílsins? „Jú, það er eitthvað um það, en það er alveg augljóst hver er öruggastur með karlmennsku sína á mínum vinnustað. Yfirmaður minn sér reyndar alltaf hvort ég sé á staðnum með því að kíkja út á bílastæði þar sem bíllinn sker sig úr.“

Þó svo að Daði sé almennt ánægður með bílinn telur hann til einn galla. „Flestir vinir mínir eru jeppamenn og þegar stendur til að fara á fjöll er ansi erfitt fyrir mig að komast með. Ég kom honum reyndar upp Kambana um daginn og þá er það eiginlega upptalið,“ segir Daði.

*valgeir@frettabladid.is*



## Af stað á Reykjanesið

Á MORGUN, SUNNDUDAG, VERÐUR GÖNGUFERÐ UM VOGA OG INNRI NJARÐVÍK Í SAMVINNU VIÐ LEIÐSÖGUMENN REYKJANESS OG FERÐAMÁLASAMTÖK SUÐURNESJA.

Gengið verður um Síkið að Reiðskarði og rifjuð upp saga athafnastarfsemi á svæðinu, sagðar þjóðsögur og margt fleira. Gangan, sem er um 7-8 km að lengd, er annar hluti af fimm menningar- og sögutengdum gönguferðum um hluta af gömlu þjóðleiðunum á Reykjanesskaganum á tímabilinu frá 6. ágúst til 3. september. Leiðsögumenn Reykjaness sjá um fræðsluna og leiða hópinn. Reynt verður að gera göngurnar skemmtilegar, fræðandi og fjölskylduvænar.
Þátttökugjald í þessa ferð verður kr. 1.000 en frítt fyrir börn yngri en 12 ára. Lagt af stað frá Sundlauginni í Vogum klukkan ellefu og verður hópnum ekið til baka að upphafsstað.

BRA
BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUÐUNS
Tjónaskoðun
TOYOTA-þjónusta
- Nútíma verkstæði og fullkominn tækjabúnaður
- Gæðavottað verkstæði af Bílgreinasambandinu
- Bílaleigubíll á meðan viðgerð stendur
- Sérþjálfaðir starfsmenn
- Fljót og góð þjónusta
CABAS Verkstæði

Réttum og málum allar tegundir bíla
Nýbýlavegi 10 · Kópavogi · Sími 554 2510 · www.bilasprautun.is · bilasprautun@bilasprautun.is

**Þegar farið er í langa bílferð með börnin** er það hreinn munaður að hafa DVD-ferðaspilara með í för, bæði fyrir börnin sem fagna tímaþjófnum og foreldrana sem fá tæplega tveggja tíma pásu.




WWW.ABVARAHLUTIR.IS
EIGUM ÁVALLT Á LAGER VARAHLUTI Í FLESTAR GERÐIR BÍLA
ERUM YKKAR BÓNUS Í BÍLAVARAHLUTUM
Opið virka daga 8-18

BIFREIÐAVERKSTÆÐI FRIÐRIKS ÓLAFSSONAR ehf.
Smiðjuvegi 22 (Græn gata) · 200 Kópavogi
Sími: 567 7360 · www.bfo.is
SUBARU Þjónusta · HONDA Þjónusta · NISSAN Þjónusta

Alhliða réttingar og sprautun
Þrautreyndir starfsmenn
Cabas tjónaskoðunarkerfi
Þjónustuaðili Heklu
Skemmuvegur 46 · 200 Kópavogur
S. 557 1430 & 587 1430 · a 567 0087
etfang jonasar@jonasar.is

Gabriel höggdeyfar, AISIN kúplingssett, TRISCAN spindilkúlur, stýrisendar, gormar. Drifliðir, drifliðshlífar, ballansstangir. Tímareimar, ökuljós, stefnuljós ofl. Sætaáklæði, sætahlífar á stóla – vatnsheldar fyrir veiðimenn, hestamenn o.fl. Kerruljós, bretti og nefhjól á kerrur. Bílamottur.
GS varahlutir

HEILDARLAUSNIR Í DRIFSKÖFTUM
Landsins mesta úrval af hjöruliðum og drifskaftsvörum
Jafnvægisstillingar
FJALLABÍLAR Stál og stansar ehf.
Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000

allt hús
Alla mánudaga




**NÍTRÓKÚTUR Í SKOTTINU** Frá honum liggur slanga fram í húdd og segulloki stýrir því svo að vélin fái aðeins gas þegar bensínið er nálægt botngjöf. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Ódýrasta og áhrifaríkasta leiðin til að auka afl

***50-100 auka hestöfl sem hver sem er getur bætt í bílinn hjá sér.***

Ef horft er á bílamyndir á borð við The Fast and the Furious sést oft hvernig nítrógas er notað til að gefa bílum aukakraft þegar snúningurinn er þegar í botni. Venjulega fylgja glæstir spyrnusigrar og aðdáun kvenna. „Þetta er bara alrangt,“ segir Ásgeir Örn Rúnarsson. „Maður slær ekki inn nítrói á 6-7 þúsund snúningum, þetta er kolrangur boðskapur.“ Og Ásgeir ætti að vita það. Hann er sjálfur með nítrókerfi í bílnum sínum, forláta Mustang, árgerð 1998.

„Nítró eykur fyrst og fremst tog vélarinnar og því hröðunina. Það hefur ekkert með hraðakstur að gera. Það að vera fljótur af stað hefur ekkert að gera með að keyra hratt,“ segir Ásgeir, sem keyrir ekki hratt sjálfur en hefur gaman af því að vera snöggur.

„Nítró er eins konar glaðloft. Það kælir loftinntakið auk þess að vera þrisvar sinnum súrefnisríkara en andrúmsloft. Ef þú setur nítró inn á vél fær hún meira súrefni. Þá þarftu að setja meira bensín líka. Nítrókerfi eru yfirleitt þannig að það er verið að sprauta gasi í gegnum einn spíss og bensíni í gegnum annan. Fyrir vikið verður bruninn mun öflugri.“



Sé rétt gengið frá öllu segir Ásgeir að nítróið sé algjörlega hættulaust.

Ásgeir segir að nítró sé einfaldasta, ódýrasta og áhrifaríkasta leiðin til að auka afl að einhverju marki. „Mesta muninn finnur maður á lítið breyttum bílum.“ Einföld nítrókerfi kosta um 80 þúsund krónur og gefa 50-100 hestöfl aukalega. Í litlum vélum munar um minna.

Ásgeir, sem keppti um tíma í kvartmílu, segir nítró hættulaust ef rétt er að farið. „Algengustu ranghugmyndirnar eru að nítró eyðileggi vélar. Það getur reyndar gerst ef kerfið er vitlaust sett upp. Í torfærunni voru nítrósprengingar ekki óalgengar en í 99% tilfella var hægt að rekja þær til rangs frágangs.“

Nítrókerfi eru ekki flókin og sæmilega handlaginn einstaklingur ætti að ráða við að setja svoleiðis upp sjálfur. „Það er einn kútur í skottinu, slanga fram í vélarrými fyrir gasið. Svo er sett T-stykki á bensínlögnina og tekin auka slanga þaðan. Þessar slöngur eru settar í sér spíssa inn í loftinntakið en fara fyrst í gegnum segulloka sem stýrir flæðinu. Til að hann opni þarf að vera svissað á bílinn, kveikt á sérstökum rofa og bensíngjöfin nánast í botni. Þetta er lítið flóknara en að setja magnara í bíl,“ segir Ásgeir að lokum.

*einareli@frettabladid.is*



Mustanginn hans Ásgeirs er ekki til hraðaksturs, en honum finnst gaman að vera snöggur.

# Þótti Ferrari-bíllinn ekki nógu flottur

***Lét sérsmíða yfirbyggingu á einn virtasta ofurbíl samtímans.***

Flestir bílaáhugamenn og -konur hafa einhvern tíma á ævinni keypt bíl sem hefur aðeins þurft að dytta að. Kannski laga eina beyglu eða sprauta eina vélarhlíf. Út frá þeirri reynslu er auðvelt að skilja af hverju James Glickenhaus fór beint á verkstæði þegar hann keypti sér Ferrari í fyrra. Eða hvað?

Bíllinn sem hann keypti var nefnilega hvorki gamall né sjúskaður, heldur splunkunýr Ferrari Enzo, flaggskip framleiðandans. Á hinn bóginn var verkstæðið heldur engin smurstöð, heldur breytingafyrirtækið Paninfarina. James leist einfaldlega ekki nógu vel á útlit bílsins og ákvað að fá Pininfarina til að sérsmíða yfirbygginguna eftir sínum óskum. Hver hefur svo sem ekki lent í því að kaupa Ferrari sem var hreinlega of ljótur?

Í upphafi vildi James að yfirbyggingin tæki mið af hugmyndabílum Ferrari frá 1960, en hann á einmitt tvö eintök sjálfur. Ken Okuyama, teymisstjóri hjá Paninfarina, benti á að fyrirtækið vildi frekar horfa fram á veginn en að festast í fortíðinni og afraksturinn ber vott um jafnvægi milli þessara tveggja stefna.

Nú mætti ætla að það væri ekki flókið mál að smíða eina yfirbygginguna en Paninfarina-teymið eyddi umtalsverðum tíma í vindgöngum til þess að tryggja að loftmótsstaða ykist ekki. Yfir 200 varahlutir voru sérsmíðaðir fyrir bílinn, þar með talin alveg ný innrétting. Við þetta léttist bíllinn, sem heitir eftir breytinguna Ferrari P4/5, um 270 kg og er því í dag einn hraðskreiðasti og flottasti bíll okkar tíma.



Ferrari-bifreið James Glickenhaus. Yfirbyggingin er gjörbreytt, þrátt fyrir að meginlínunum hafi verið haldið.



Ferrari Enzo. Svona leit bíllinn út fyrir breytinguna.



## Áfram veginn

Einar Elí Magnússon kemst leiðar sinnar

# In memoriam: Gráni gamli

Ég var að telja það saman um daginn hversu marga bíla ég hef átt um ævina. Einn fyrir hvert bílprófsár. Það er svosem ágætt. Þannig séð. Ég hef samt aldrei átt mjög dýra bíla eða fína. Átján ára guttar á fimm milljón króna bílum í dag segjast vinna fyrir þeim í byggingarvinnu á sumrin. Ég tel að laun byggingarverkamanna hljóti að hafa hækkað meira síðan ég var átján en almennir kjarasamningar.

Fyrir nokkrum árum átti ég roskinn Cherokee-jeppa, Grána gamla, sem ég og faðir minn höfðum nostrað mikið við og breytt eftir mínu höfði. Um sumarið var landsmót skáta á Akureyri og leið mín lá á mótið. Félagi minn hafði beðið mig um að taka litla kerru fyrir sig norður, því að hann var ekki með krók. Ætlunin var að keyra Kjalveg og leggja af stað um kvöldmat.

Þegar á hólminn var komið reyndist litla kerran vera tvöföld sleðakerra í björgunarsveitarstærð, fullhlaðin af borðum, stólum, gastækjum, byggingarefni og ég veit ekki hverju. Stærðarhlutföllin ein voru ógnvænleg en félagi minn sannfærði mig um að hún vigtaði ekki mikið meira en dúnkoddi. Svo við fórum af stað.

Það kom strax í ljós að kerran var að minnsta kosti tveggja kodda maki því hún gerði meira af því að stýra bílnum en öfugt. Það lá þó mikið á að koma kerrunni norður. Við myndum ekki lenda í mikilli traffík og ákváðum því að keyra áfram inn í nóttina en fara mjög rólega. Svefn er hvort eð er bara veikleikamerki.

Og svo byrjaði það. Á Kjalvegi kom í ljós þrýstingsleki á kælivatnskerfinu og því sauð ítrekað á bílnum. Við urðum að komast norður og vorum með tómar vatnsflöskur, þetta hlyti að reddast. Þetta tafði okkur enn meira en stoppaði okkur þó ekki.

Svona um það bil tveimur tímum seinna hélt ævintýrið áfram þegar kúlan bókstaflega slitnaði af bílnum undan þunga kerrunnar. Ojæja. Við gátum ekki meira. Björgunarsveitin yrði að redda henni áfram. Seinna frétti ég að okkar ferð hefði verið eins og sumarfrí í samanburði við þeirra. Áfram héldum við og þurftum nú ekki að stoppa jafn oft til að fylla á vatnið.

Einhverntíma upp úr miðnætti ætlaði framsætisfarþeginn að stökkva út, ekki langt frá Hveravöllum, en skyndileg vindhviða reif hurðina úr höndunum á henni og feykti upp. Beyglan á brettinu var stærri en sú á hurðinni, sem nú lokaðist ekki aftur nema með hamagangi. Þegar við loks komumst svo á skátamótið lánaði ég bílinn í einstaka sendiferðir og þegar ég keyrði heim aftur var hann kúlulaus, með hriplekt vatnskerfi, beyglaður og drulluskítugur að innan.

En bílar eru bara bílar og svona hlutir gerast. Gamall bíll þolir smá fegrunaraðgerðir af þessu tagi án þess að verða verri fyrir vikið. Það hefði verið öllu verra ef hann hefði verið splunkunýr. Tala nú ekki um ef ég hefði unnið í byggingarvinnu á sumrin.



Land Rover Freelander er einn þeirra bíla sem kom heldur illa út úr A-bletts prófun Rannsóknarsamtaka breska bílaiðnaðarins.

# A-bletturinn fundinn

***Sverari gluggapóstar bæta við nýjum blindum bletti.***

Rannsóknarsamtök breska bílaiðnaðarins framkvæmdu nýlega könnun þar sem mældur var blindur blettur sem skapast af gluggapóstum í nýjum bílum. Gluggapóstar framrúðu eru oft kallaðir A-stólpar og því er sá blindi blettur sem þeir orsaka kallaður A-blettur.

A-stólpar hafa farið stækkandi undanfarin ár til að auka öryggi farþega í veltu og við árekstur á hlið. Sá böggull fylgir skammrifi að þeir hindra sýn ökumanns og rannsókninni var ætlað að finna út nákvæmlega hversu mikið.

Mælt var hversu breitt svæði í 23 metra fjarlægð var hulið ökumanni sem ók á 50 km hraða. Niðurstöðurnar eru í meðfylgjandi lista.

Velskar rannsóknir sýna að 21% umferðaróhappa við gatnamót verða vegna þess að ökumenn „horfa en sjá ekki“. Margir halda því fram að breiðir A-stólpar auki enn við þessa hættu en aðrir benda á að ökumenn hljóti að ráða við að hreyfa höfuðið aðeins af og til.

**Niðurstöður A-blettaprófsins**
(tölur segja til um breidd blinda blettsins í 23 metra fjarlægð á 50 km hraða.)

| | |
|---|---|
| **Audi A4** | (0.3m) |
| **BMW 320** | (1.7m) |
| **Citroen Xsara Picasso** | (1.7m & 2.0m - (tvískiptur póstur, samtals 3,7 m a-blettur) |
| **Ford Fiesta**, 1998 árgerð | (1,2 m) |
| **Ford Fiesta**, 2006 árgerð | (2,4 m) |
| **Ford Focus** | (2,1 m) |
| **Ford Focus C-Max** | (3,4 m) |
| **Ford Mondeo** | (2,7 m) |
| **Jeep Cherokee** | (4,5 m) |
| **Land Rover Freelander** | (4,1 m) |
| **Mercedes CLK200** | (1,8 m) |
| **Peugeot 307** | (0,6 m) |
| **Porsche Boxster** | (2,7 m) |
| **Toyota Corolla Verso** | (1,2 m) |
| **Toyota Prius** | (2,2 m) |
| **Seat Leon** | (2,9 m) |
| **Opel Astra** | (2,9 m) |
| **Opel Vectra** | (2,7 m) |
| **VW Bjalla** | (2,5 m) |
| **VW Golf** | (2,7 m) |



Frá Grænlandi. Þar í landi eru uppi hugmyndir um lengstu neðansjávargöng í heimi.

## Grænlendingar vilja líka göng

15 KM LÖNG VEGGÖNG SEM NÁ 300 METRA NIÐUR FYRIR SJÁVARMÁL.

Það eru fleiri en Íslendingar sem vilja bora göng. Á vef FÍB má lesa um hugmyndir Grænlendinga um að bora 15 km löng veggöng undir þveran Góðrarvonarflóa, en höfuðstaðurinn Nuuk stendur einmitt við flóann.

Hugmyndin um þessi veggöng sem yrðu lengstu og dýpstu neðansjávargöng í veröldinni komu upp í tengslum við aðra stórbrotna hugmynd; þá að gera mikinn alþjóðaflugvöll hinum megin við Góðrarvonarflóann. Ef flugvöllurinn verður að veruleika eru göngin nauðsynleg tenging milli hans og höfuðstaðarins.

Grænland er nánast allt hulið jökli og byggð er mjög strjál og einungis við strendurnar. Íbúar landsins eru aðeins um 55 þúsund. Vegakerfi milli strjálla byggða er nánast ekkert og bílar eru fáir. Lengstu neðansjávargöng sem nú fyrirfinnast í heiminum eru í Japan. Þau eru tæplega 10 km löng. Í Noregi er verið að grafa neðansjávargöng um þessar mundir sem tekin verða í notkun árið 2007. Þessi göng verða þau dýpstu hingað til, 287 metrum undir sjávarmáli.











CITROËN



**Berlingo Van 1,4 75 hö. 5 gíra***
Tilboð dagsins án vsk. 1.168.700 kr.
Fjármögnunarleiga: 20% útborgun, 60 mán.
Mánaðargreiðsla án vsk. 17.834 kr.
Rekstrarleiga 39 mán og 75.000 km. akstur.
Mánaðargreiðsla án vsk. 22.289 kr.

# Betri kjör á fjármögnun

Við erum sjálfselsk hjá Citroën. Þær tilfinningar sem fylgja því að hafa tekist að gera enn betur í dag en í gær gefur okkur þann drifkraft fyrirtækjaþjónusta Citroën stendur fyrir. Í það minnsta finnst okkur það.

**Enn meira fyrir enn minna**

Hagstæðari samningar við framleiðanda; enn betri kjör, enn betri þjónusta og sérútbúnir atvinnubílar fyrir íslensk fyrirtæki styrkir okkur í því að samvinna við aðra og stöðug hugmyndaleit borgar sig alltaf. Komdu í dag.

Samvinna við SP-Fjármögnun borgar sig. Nú getum við boðið betri kjör í þeirra nafni. Komdu endilega til okkar í Brimborg, Bíldshöfða 8 og skoðaðu hvað við getum boðið þér. Kynntu þér kosti og hagkvæmni samvinnu við okkur.

Citroën Berlingo

**Dæmi um tilboð sem við gátum ekki boðið í gær**
- Betri kjör á fjármögnun frá SP-Fjármögnun
- Hundrað þúsund krónur í beinan afslátt
- Fimmtán þúsund fleiri kílómetrar velur þú rekstrarleigu
- Mun betri kjör á fjármögnunarleigu
- Mun betri kjör á rekstrarleigu
- Aðeins tuttugu prósent útborgun velur þú fjármögnunarleigu
- Betri þjónustu í dag en í gær

SP-FJÁRMÖGNUN HF

*SP-Fjármögnun býður í enn betri fjármögnun á Citroën Berlingo*



**Berlingo Van 2,0 HDi 90 hö. 5 gíra***
Tilboð dagsins án vsk.1.317.300 kr.
Fjármögnunarleiga: 20% útborgun, 60 mán.
Mánaðargreiðsla án vsk. 20.163 kr.
Rekstrarleiga 39 mán og 75.000 km. akstur.
Mánaðargreiðsla án vsk. 24.997 kr.

**Þetta tilboð gildir meðan birgðir endast.**

**Dæmi um staðalbúnað í Citroën:**
- Meiri burðargeta: 800 kg
- Hliðarhurðir beggja vegna með lokunarvörn
- 180 gráðu opnun á afturhurðum
- Topplúga fyrir lengri hluti
- Hiti í sætum
- Geislaspilari með útvarpi og fjarstýringu við stýri
- Rafdrifnar rúður
- Fjarstýrð samlæsing
- Fellanlegt framsæti farþega með borði og geymsluhólfi

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.citroen.is

# Enn meira fyrir enn minna



Sífellt fleiri Íslendingar velja Citroën. Sérstök hönnun, framúrskarandi tækni og mikil eftirspurn á endursölumarkaði tryggja gæði og hagkvæmni Citroën. Skoðaðu súlumyndina hér til hægri og þú sérð að fleiri og fleiri Íslendingar velja Citroën.




brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

**Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.citroen.is**

* Öll verð í auglýsingunni eru án virðisaukaskatts. Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er fjármögnunarleiga með 20% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 60 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 75.000 km akstur á tímabilinu. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

Þeir sem unna náttúrunni og hafa kynnst frelsinu við að ráða sjálfir næturstað kjósa

**Blucamp húsbílana**

Nýir bílar

**Til sölu**



**Blu Camp Fly 400** Fiat Ducato 18, motor 2,8 LJTD Power 146 hestöfl. Lengd 6,84 m. Abs bremsur, samlæsingar, Loftkæling, rafm í rúðum og speglum, hjónarúm fram í, kojur aftur í fyrir tvo, borðpláss fyrir 6 sem breyta má í rúm fyrir 3. 110 lítra ísskápur með sér frysti. Hjólagrind toppgrind og stigi, Snyrting með sér sturtu.
Til afhendingar strax **Verð kr. 5.600.000**.



**Blu Camp Fly 50** Fiat Ducato 15, mótor 2,3 L JTD 110 hestöfl, lengd 6,1 Abs bremsur, rafm. rúður og speglar, Loftkæling (air-condition), Samlæsingar, Hjónarúm fram í, kojur aftur í fyrir tvo,borðpláss fyrir 4 sem breyta má í rúm fyrir 2, Sjónvarpskápur með útdraganlegum sleða, Snyrting með sér sturtu, 90 L ísskápur, hjólagrind, toppgrind og stigi. Til afhendingar strax. **Verð kr. 4.500.000**



**Notaður Auto Roller húsbíll.** Fyrst skráður apríl 2000. Framleiðsluár 1998. Ekinn aðeins 118.000 km. Fiat Ducato turbo Diesel vél. Svefnpláss fyrir 5 - Þriggja punkta öryggisbelti fyrir fjóra. **Verð 2.150.000 kr** með vsk.

**Bílexport á Íslandi ehf.**
**Bóas sími 0049-175-271-1783**
**Eðvald sími 896-6456**
**bilexport.dk**








AUGLÝSINGASÍMI
**550 5000**
FRÉTTABLAÐIÐ






Airstream BaseCamp er ekki ýkja stórt, aðeins rúmir 4,8 metrar á lengd, en fortjald eykur notagildi til muna.

# Sígild hönnun færð inn í 21. öldina

***Útliti og notkunarmöguleikum ætlað að höfða til yngri kynslóðanna.***

Airstream-hjólhýsin þykja hafa sett sitt mark á söguna. Eftir að hafa verið nær óbreytt í útliti svo áratugum skiptir hafa tveir hönnuðir hjá Nissan tekið hjólhýsin upp á sína arma. Niðurstaðan er, og kemur fæstum á óvart, 21. aldar hjólhýsi.

Nýja hjólhýsið er kallað BaseCamp og er ekki aðeins frábrugðið hefðbundnu hjólhýsi í útliti. Afturendi hússins opnast í heilu lagi og hægt er að hagræða innréttingunni eftir því hvort nota á hjólhýsið undir flutninga eða til dvalar.

BaseCamp er rúmlega 4,8 metrar á lengd og vegur rúm 900 kg. Smásöluverð í Bandaríkjunum verður á bilinu 1-1,4 milljónir. *-elí*



Ólíkt gamla hýsinu er hægt að opna þetta að aftan. Þar með eykst notagildið og hægt er að flytja nánast hvað sem er í því.



Hönnun hjólhýsins byggir á sígildri Airstream-hönnun.



Innrétting hýsisins tekur mið af fjölnotamöguleikanum og má auðveldlega breyta.

# Fyrstir yfir Bandaríkin

***Níu þúsund kílómetrar með þrjátíu kílómetra hámarkshraða.***

Vorið 1903 lagði hinn rúmlega þrítugi Dr. Horatio Nelson Jackson upp í rúmlega 9.000 kílómetra ferð þvert yfir Bandaríkin. Megin ástæðan var veðmál upp á fimmtíu bandaríkjadali.

Nelson Jackson ætlaði sér að verða fyrstur til að keyra yfir þver Bandaríkin, frá Kyrrahafi til Atlantshafs, á bíl. Sér til halds og trausts hafði hann bílstjóra, Sewall K. Crocker, og bolabítinn Bud sem notaði bílstjóragleraugu eins og eigandinn til að fá ekki ryk í augun.

Bíllinn sem var notaður í þessa tímamótaferð var 20 hestafla Winton-ferðabíll sem náði allt að 30 kílómetra hraða á klukkustund. Í þá daga voru innan við 250 km af vegakerfi landsins með bundnu slitlagi, allt innan bæja, svo líklega hefur ferðin verið býsna krefjandi fyrir líkama og sál. Þar að auki voru bensínstöðvar engar og kort af vegakerfinu þekktust ekki í þeirri mynd sem við þekkjum í dag.



Bud, bolabíturinn sem notaði bílstjóragleraugu.



Horatio og Crocker í Winton-bifreiðinni.

Flestir samtímamenn Nelson Jacksons töldu „hestalausu vagnana“ ekki eiga framtíð fyrir sér en langferðin hefur væntanlega átt sinn þátt í að almenningur skipti fljótlega um skoðun. Ferðin var hið mesta ævintýri og þeir félagar hittu meðal annars fyrir landnema í vagnlestum, kúreka sem drógu bílinn upp úr sandpyttum með slöngvivöðum sínum, bóndakonur sem buðu heimalagaðan mat í skiptum fyrir stutta ferð í „ofsahraðavélinni“ og fólk sem sendi þá viljandi langt af leið, til þess eins að ættingjar þess gætu séð bifreið með eigin augum.

Leiðangurinn hófst í San Fransiskó og þætti líklega enn afrek á nútíma bíl. Wintoninn þurfti að fara yfir ár og læki, festist í vísundaskít, þræddi járnbrautarbrýr yfir stærstu gil og ár og gerði hestum bilt við á rykugum vegarslóðum.

Eftir því sem leið á ferðina varð Horatio ljóst hversu þjóðin var hugfangin af uppátækinu. Hvar sem hann kom beið hans mannfjöldi sem fagnaði þegar hann þeysti framhjá á 30 km hraða. Dagblöð lýstu heimsókn ferðalanganna á dramatískan hátt; „Bifreiðin gerði íbúum hverft við“ og „Ljóslifandi bifreið!“

Jafnframt því sem áhugi almennings á uppátækinu jókst, vaknaði von hjá bílaframleiðendum um að verða fyrri til. Bæði Packard og Oldsmobile gerðu út leiðangra sem áttu að komast framúr Nelson Jackson og Crocker en án þess þó að það tækist. Sextíu og þremur og hálfum degi eftir að ferðin hófst óku þeir félagar sigri hrósandi inn í New York, fyrstir manna til að keyra þvert yfir Bandaríkin.

Bifreiðin hafði mátt þola ýmislegt á leiðinni, rétt eins og ferðalangarnir. Hún var þakin drullu, beygluð og brotin, en var engu að síður skreytt með fánum og gestir komu langt að til að berja hana augum.

Ferðin sem byrjaði með veðmáli hefur oft verið nefnd fyrsta alvöru bílferðalagið, vísbending um það veigamikla hlutverk sem bifreiðar hafa átt æ síðan í samfélagi manna.

# Nýr og endurbættur BMW X5 kynntur

***Lengri en forverinn og hlaðinn alls kyns búnaði.***

Töluverð spenna hefur ríkt í kringum nýjan BMW X5 sem var sýndur opinberlega fyrir skemmstu. Til dæmis hefur heyrst frá DaimlerChrysler að hann verði helsti keppinautur Mercedes Benz GL sem kemur í sölu síðar á árinu.

Nýr X-5 er 19 cm lengri en sá gamli og megnið af þeirri lengingu kemur fram í stærra innanrými en bíllinn er nú orðinn sjö manna í stað fimm áður. Meðal annarra breytinga má nefna nýja fjöðrun, nýjan stýrisgang og nýtt xDrive drifkerfi.

Á Ameríkumarkaði verður bíllinn boðinn með 4,8 lítra, 350 hestafla V8 mótor annarsvegar og hinsvegar 3,0 lítra, 260 hestafla línusexu.



Nýi bíllinn er stærri en sá gamli, og rúmar nú sjö farþega.



Skynvætt myndavélakerfi getur varað við ýmsum hættum.



Meðal valmöguleika er upplýsingakerfi í framrúðu.



Innréttingin breytist ekki mikið, en hér og þar má sjá litlar nýjungar.

# Veikleikar í Note og Rav4

***Í kjölfar árekstraprófana innkallaði Nissan bíla til viðgerðar en Toyota lætur sér duga að gera betur í framtíðinni.***

Í nýlegri prófunarlotu Euro NCAP voru rannsakaðir bílar af gerðunum Chevrolet Kalos, Nissan Note, Toyota RAV4 og Land Rover Discovery III.

Prófanirnar leiddu í ljós veikleika í öryggiskerfum tveggja þessara bílategunda. Í Nissan Note fannst galli í Isofix-festingu fyrir barnastól sem leiddi til þess að festingin gaf sig þegar öryggi bílsins var prófað gagnvart hliðarárekstri.

Nissan hefur fullvissað EuroNCAP um að gallinn sé eingöngu í hluta af fyrstu byggingarseríu Nissan Note og hvorki sé eða verði til staðar í bílum þessarar gerðar sem síðar hafa komið eða eiga eftir að koma af færiböndunum. Að auki verði allir bílar með gallann innkallaðir til viðgerðar, eigendum að kostnaðarlausu.

Við árekstursprófun á Toyota RAV4 kom í ljós í árekstri framan á bílinn að loftpúði sprakk út of seint. Þetta gerðist vegna þess að rafleiðsla að skynjara í stuðara aftengdist snemma í árekstrinum. Toyota hefur í kjölfarið lagað fráganginn þannig að búnaðurinn stóðst seinni prófanir. Ekki stendur til að innkalla þá bíla sem seldir voru með þessum galla.

**Helstu niðurstöður prófananna að þessu sinni eru þessar:**

| | |
|---|---|
| CHEVROLET KALOS | |
| Vernd fullorðinna: | 3 stjörnur |
| Vernd barna: | 3 stjörnur |
| Vernd fótgangandi: | 2 stjörnur |
| NISSAN NOTE | |
| Vernd fullorðinna: | 4 stjörnur |
| Vernd barna: | 3 stjörnur |
| Vernd fótgangandi: | 2 stjörnur |
| TOYOTA RAV4 | |
| Vernd fullorðinna: | 4 stjörnur |
| Vernd barna: | 4 stjörnur |
| Vernd fótgangandi: | 3 stjörnur |
| LAND ROVER DISCOVERY III | |
| Vernd fullorðinna: | 4 stjörnur |
| Vernd barna: | 4 stjörnur |
| Vernd fótgangandi: | 1 stjarna |

*(www.fib.is)*



Þrátt fyrir galla í árekstrarpúða verður Rav4 ekki innkallaður.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ




LYSING.IS // 540 1500

Það er sama hvernig þú lítur á dæmið. Ef þig vantar leiðir til þess að eignast draumabílinn getum við alltaf boðið þér einfalda lausn.

**Bílalán // Bílasamningur // Einkaleiga**

LÝSING

**Borgarferðir** eru mjög vinsælar núna. Til þess að gera ferðina enn skemmtilegri er gaman að kaupa sér bók um borgina og kynna sér meðal annars umhverfið, menninguna og matinn áður en lagt er í hann.




Eikarbáturinn Húni II er eini óbreytti báturinn af þessari gerð sem til er á landinu.

# Siglt um fjörðinn

***Hollvinafélagið Húni II og Minjasafnið á Akureyri bjóða upp á sögusiglingar um Eyjafjörð með eikarbátnum Húna II.***

Fyrsta ferðin var farin síðastliðinn miðvikudag og næstu tvo miðvikudaga verða farnar sambærilegar ferðir þar sem farið er í smá hring um fjörðinn.. Lagt er af stað klukkan 19..30 og hver ferð tekur um eina og hálfa klukkustund. Hörður Geirsson frá minjasafninu er með í för og fer yfir ýmsa þætti úr sögunni. Húni II er 130 tonna eikarbátur sem smíðaður var á skipasmíðastöð KEA á Akureyri árið 1963. Hann er eini óbreytti báturinn af þessari gerð sem til er á landinu. Frá árinu 1997 hefur Húni II verið nýttur sem skemmtibátur en rekstri bátsins var hætt árið 2004. Í mars síðastliðnum var hann síðan færður Iðnaðarsafninu á Akureyri að gjöf.

Í sumar hefur báturinn verið opinn gestum og hafa fjölmargir skoðað bátinn og farið í stutta siglingu um Pollinn. Hollvinafélaginu Húna II þótti því tilvalið að bjóða upp á lengri ferðir fyrir áhugasama sem vilja skoða fjörðinn frá nýju sjónarhorni og jafnvel renna fyrir fisk í leiðinni.








## Breytingar á Kastrup

AFGREIÐSLUFYRIRTÆKI SAS Á KASTRUP-FLUGVELLI ANNAST ÞJÓNUSTU FYRIR ICELANDAIR.

Icelandair hefur samið við afgreiðslufyrirtæki SAS á Kaupmannahafnarflugvelli um að annast farþega- og farangursþjónustu fyrir Icelandair á Kastrup. Breytingin er gerð í hagræðingarskyni og mun bæta þjónustu við farþega. Við þessa breytingu flyst innritun í afgreiðslubyggingu 3 á ný. Farþegar á viðskiptafarrými munu áfram getað notað betri stofu SAS á flugvellinum eins og verið hefur.

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
Stórmarkaður í stofunni heima
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS


Potsdamer Platz er einn af merkilegum sögustöðum Berlínar.

# Á söguslóðum Berlínarborgar

***Þriðja ríkið er yfirskrift ferðar sem Expressferðir efna til dagana 7.-12. september. Óttar Guðmundsson læknir verður leiðsögumaður enda kann hann frá mörgu að segja.***

„Berlín er mjög lifandi borg sem geymir spennandi sögu þó ekki sé hún öll fögur. Hún er líka nýleg borg vegna þess að stærstur hluti hennar var lagður í rúst í seinni heimsstyrjöldinni. Þar er þó margt að skoða frá dögum þriðja ríkisins og einnig frá dögum austurþýska alþýðulýðveldisins og kalda stríðinu. Þarna mættust austrið og vestrið og þarna var kalda stríðið háð. Fyrst og fremst munum við skoða það sem enn stendur frá þessum dögum og rifja upp tímabil sem er að gleymast. Leita að minjum um „foringjann“ og helstu stjórnarbyggingarnar. Svo verður farið í Sachsenhausen, fangabúðir sem eru rétt fyrir utan borgina þar sem Leifur Möller sat inni meðal annarra.“ Þannig lýsir Óttar í upphafi því sem hann mun leggja áherslu á í fararstjórn sinni um Berlín og nágrenni hennar í Expressferðinni í byrjun september.

Óttar er hagvanur í Berlín. Hann bjó þar í kringum síðustu aldamót og kveðst auk þess oft hafa heimsótt borgina, meðal annars farið þangað í kynnisferðir með hópa. Hann segir Þjóðverja sjálfa ekki mikið fyrir að kynna ferðamönnum söguslóðir þriðja ríkisins. Þeir vilji sýna borgina eins og hún er í dag en ekki halda sögunni á lofti.

Það sem eftir stendur af Berlínarmúrnum er eitt af því sem skoðað verður í fyrirhugaðri ferð. Líka einskismannslandið sem Austur-Þjóðverjar bjuggu til meðfram múrnum og myndaði 50-100 metra breiða auðn í gegnum alla borgina þegar hann féll. Þá verður komið við á frægri brú á mótum Austur-og Vestur-Berlínar þar sem skipst var á njósnurum í kalda stríðinu. „Þegar einhver var handtekinn austan megin þá var skipt á honum og einhverjum sem hafði verið handtekinn vestan megin,“ útskýrir Óttar sem veit um ótal athyglisverða staði á þessum slóðum. „Þarna er ólympíuleikvangurinn sem Hitler lét byggja 1936 og úrslitaleikurinn í HM var háður á í sumar. Einnig mörg minnismerki um sigur Rússa yfir Þjóðverjum. Hluti þeirra var gerður úr marmara sem kom úr kanslarahöll Hitlers. Móðir Rússlands heitir eitt. Mikið og stalínískt listaverk.“ Óttar segir enn talsverðan mun á vestri og eystri borgarhlutunum þó búið sé að byggja Austur-Berlín upp að verulegu leyti eftir að múrinn féll 1989. „Berlín er ótrúlega falleg borg og þar er mikið um að vera,“ segir hann. „Þar er enn ódýrast að borða á veitingahúsum og versla. Þar er margt að skoða og eftir ýmsu að slægjast.“ Allar upplýsingar um ferðina fást hjá Express ferðum www.expressferdir.is og í síma 5 900 100.

*gun@frettabladid.is*


Óttar veit um marga athyglisverða staði í Berlín. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

LANDIÐ SEM HVERFUR
Þeim sem ekki hafa mikinn tíma gefst nú síðasta tækifærið til að ganga um griðland hreindýra og heiðagæsa.
Brottfarir: 17. ágúst / 19. ágúst / 26. ágúst
Leiðsögn: Ósk Vilhjálmsdóttir
JÖKLURNAR TVÆR
Tveir göngudagar
ein nótt í Snæfellsskála
SKRÁÐU ÞIG NÚNA
Komdu með í hálendisferð.
Sjáðu land dýranna í síðasta sinn.
info@halendisferdir.is • www.halendisferdir.is • sími 864 0412


Norskir dagar eru nú haldnir í tíunda sinn.

# Norsk stemning

*Í dag hefjast Norskir dagar á Seyðisfirði. Mikið verður um að vera um helgina og í næstu viku.*

Þetta er í tíunda sinn sem norskir dagar eru haldnir á Seyðisfirði og í leiðinni er einnig haldið upp á 100 ára afmæli símasambands við útlönd. Um helgina verður boðið upp á fjölbreytta dagskrá og ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi alla næstu viku. Norskt setur er á staðnum, haldnir verða tónleikar og sýndar kvikmyndir. Þá fer hin árlega bæjarhátíð „Familífest“ einnig fram.

Bæjarbúar bjóða líka gestum og gangandi í kaffi og ef þú sérð norska veifu í garðinum við eitthvert húsanna ert þú velkomin(n) þangað í kaffi og spjall.




# Grettishátíð

*Nú um helgina er Grettishátíð í Húnaþingi vestra.*

Grettishátíðin er fyrir alla fjölskylduna og fer fram á Laugarbakka og Bjargi í Miðfirði, æskuslóðum Grettis sterka Ásmundarsonar. Þetta er tíunda sumarið sem slík hátíð er haldin. Tjaldstæði eru við verslunina Bakka á Laugarbakka og fjölmargir gistimöguleikar eru í boði á svæðinu.

Í dag sýna félagar úr víkingahópunum Rimmugýgi og Hringhorna bardagalistir og fornmannaleiki að Laugarbakka. Benedikt búálfur og persónur úr ávaxtakörfunni skemmta börnum og þrautabraut og hestar verða á svæðinu. Grillveisla að hætti víkinga verður undir kvöld og síðan hefst dagskrá í félagsheimilinu Ásbyrgi á Laugarbakka þar sem fram koma félagar úr kvæðamannafélaginu Vatnsnesingi, Elfar Logi Hannesson sýnir einleik um Gísla sögu Súrssonar og að lokum stígur þjóðlagatríóið Kliður fornra strauma á svið. Það skipa þau Steindór Andersen, Sigurður Rúnar Jónsson og Bára Grímsdóttir.

Á morgun verður söguskoðun og leiðsögn á Bjargi auk þess sem háð verður aflraunakeppni undir stjórn Andrésar Guðmundssonar. Þar fá gestir að reyna sig við hin ýmsu Grettistök.




# Í fótspor Nicklaus á Alicante

Costa Blanca svæðið er rómað fyrir frábæra velli og þægilegt loftslag. Nýjung ársins er Real de Faula í Benidorm, tveir nýir 18 holu vellir hannaðir af Jack Nicklaus. Úrval framúrskarandi fjögurra og fimm stjörnu hótela á ótrúlegu verði. Frábærir vellir, þaulreyndir fararstjórar og glæsileg hótel.

Ferðir til Alicante vikulega í haust til 16. nóvember

Golf á ótrúlegu verði

Stórglæsileg nýjung!

## Sheraton Real de Faula ☀☀☀☀☀

Verð: Á mann m.v. 2 í viku **91.850,-** Innifalið: Flug, skattar, gisting m. morgunverði, íslensk golffararstjórn og ótakmarkað golf.*

Hið glænýja Sheraton Real de Faula er sannkölluð paradís golfarans. Hótelið stendur við tvo nýja 18 holu golfvelli, par 72 og par 62, sem eru spennandi fyrir alla kylfinga. Á hótelinu eru frábær herbergi og svítur þar sem gott er að slaka á eftir átök dagsins. 6 veitingastaðir, fjöldi bara og á píanóbarnum er skemmtidagskrá á kvöldin.

Eftir golfið er upplagt að hafa það gott á laugarbakkanum, í framúrskarandi sundlaugagarði. Í glæsilegri heilsulind er upphituð innilaug, útilaug, tyrkneskt bað og úrval heilsumeðferða.

**Sheraton Real de Faula**

| | |
|---|---|
| Gestamóttaka | 24/7 |
| Strönd | 2 km |
| Bar | Já |
| Veitingastaður | Já (6) |
| Sundlaug \| Garður | Já \| Já |
| Sólbekkir \| Handklæði | Já \| Já |
| Líkamsrækt | Já |
| Tennisvöllur | Já |

(Sjá nánar á www.sumarferdir.is)







*Ath. Hefðbundnar reglur gilda um ótakmarkað golf, þ.e. að ekki er hægt að bóka seinni hring fyrr en þeim fyrri er lokið.

## Hesperia Alicante ☀☀☀☀☀

Verð: Á mann m.v. 2 í viku **94.800,-** Innifalið: Flug, skattar, gisting m. morgunverði, íslensk golffararstjórn, golfbíll og fjórir golfhringir.

Glæsilegt og sígilt 5 stjörnu hótel á Alicante golfvellinum sem býður öll þau þægindi sem golfarinn getur óskað sér ásamt því að vera í næsta nágrenni við verslunarmiðstöðvar og veitingastaði hinnar skemmtilegu Alicante-borgar.

**Hesperia Alicante**

| | |
|---|---|
| Gestamóttaka | 24/7 |
| Strönd | 10 mín. |
| Bar | Já |
| Veitingastaður | Já |
| Sundlaug \| Garður | Já \| Já |
| Sólbekkir \| Handklæði | Já \| Já |
| Líkamsrækt | Já |
| Tennisvöllur | Já |

(Sjá nánar á www.sumarferdir.is)



## Gran Hotel Bali ☀☀☀☀ hálft fæði

Verð: Á mann m.v. 2 í viku **74.500,-** Innifalið: Flug, skattar, gisting m. hálfu fæði, íslensk fararstjórn og ótakmarkað golf á Real Faula vellinum.*

Golf og sól á glæsilegu 4 stjörnu hóteli. Ótakmarkað golf á Real de Faula (hámark 4 dagar á viku) sem er í 5 mín. fjarlægð frá hótelinu. Njóttu lífsins í hæstu byggingu Spánar!

**Gran Hotel Bali**

| | |
|---|---|
| Gestamóttaka | 24/7 |
| Strönd | 350 m |
| Bar | Já |
| Veitingastaður | Já |
| Sundlaug \| Garður | Já \| Já |
| Barnalaug \| Leiksvæði | Já \| Já |
| Líkamsrækt | Já |

(Sjá nánar á www.sumarferdir.is)



Fíton / SÍA

MasterCard www.kreditkort.is | Mundu eftir MasterCard ferðaávísuninni

www.sumarferdir.is

Sími 575 1515

**Allar frekari upplýsingar eru á www.sumarferdir.is**
**Sími 575 1515 – Laugavegur 26 (gengið inn Grettisgötumegin)**

SUMAR FERÐIR – ERU BETRI EN AÐRAR!

Innifalið í verði: Flug, gisting, flugvallarskattar og íslensk fararstjórn. Ofangreind verðdæmi eru m.v. brottför 5. október 2006. Bókað er á www.sumarferdir.is. Símabókunargjald er 1.500,- pr. farþega.

FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000


GOTT FÓLK McCANN

REYKJAVÍK SÍÐDEGIS
16-18.30 ALLA VIRKA DAGA

HLUSTAR ÞÚ Á VINSÆLUSTU ÚTVARPSSTÖÐ LANDSINS?

Bylgjan er vinsælasta útvarpsstöð landsins skv. nýjustu fjölmiðlakönnun Gallup. Það eru sérlega ánægjuleg tíðindi á afmælisárinu sem eru okkur hvatning til frekari afreka.

BYLGJAN 20 ÁRA

- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!



**Veiðisumarið**
**með Stefáni Jóni Hafstein**

*Fleiri veiðifréttir og heilræði við veiðar á www.flugur.is.*

# Líf og fjör, sums staðar

Þeir gerðu góða ferð kapparnir sem fóru á Arnarvatnsheiðina um daginn og fengu 100 bleikjur á einum sólarhring. Og þótt Sogsbleikjan hafi lítið látið á sér kræla í ár og fáir gert 100 fiska túra, varð fögnuður á bakkanum yfir einni sem náðist, en hún var 3,2 kíló. Aðrir veiðimenn lutu í duft um sömu mundir, Ármenn voru í Vatnsdalsá á silungasvæðinu í árlegri ferð og fundu varla fisk frekar en aðrir sem veitt hafa á þessu fagra og sögufræga silungasvæði í ár; veiðin þar hefur verið með eindæmum léleg því miður. Hins vegar tók stórlaxinn kipp í Aðaldalnum á Nessvæðinu þegar tveir 22 punda fiskar tóku fluguna hjá veiðimönnum, og vissulega öfundaði ég þann sem var að gera það gott í Hofsá um daginn, setti í 18 laxa á þremur dögum, nærri alla væna.



Pálmi Gunnarsson veiðir á þurrflugu, hér þarf að læðast að litlli á og láta fluguna detta milli steina, þá kemur hann á með ótrúlegum hvelli!

**Þarf bara eina flugu?**

Stundum gengur manni allt í haginn með aðeins einni flugu. Einu sinni lenti ég í því að Watson's Fancy-púpa með hvítu baki var nóg í alla silungsveiði það sumarið, ég veiddi til dæmis í viku í Laxá í Mývatnssveit án þess að skipta um flugu! Svo hef ég lent í því að Pheasant tailpúpa með koparhaus gerir slíka lukku hvert sem ég fer að ekki þarf annað. Um daginn frétti ég af veiðivini sem var að koma úr vel heppnaði veiðiferð í Svartá og hafði þar áður verið í sjóbleiku, laxi og sjóbirtingi, veiddi vel alls staðar, og allt á sömu fluguna. Og hvaða fluga var nú það? Líklega vinsælasta fluga á Íslandi um þessar mundir: Rauð Frances númer 14 með gullkrók. Það fyndna var að sama dag og hann var að veiða hafði ég skroppið í lax einn dag og fékk tvo af þremur á þá sömu flugu. Góð er hún í allt sem gengur til sjávar og þaðan upp aftur í árnar okkar.

**Nú er það þurrflugan**

Nú fer í hönd tími þurrflugunnar í silungveiðinni. Lognkyrrtágústhúmið er draumurinn. Þetta er fiðrildatími. Það er misskilningur að einungis sé veitt á þurrflugu þegar logn er og fiskur að vaka. Vindgára á vatni hjálpar bara, því helsta vandamál þurrfluguveiðimannsins er að fela tauminn. Taumurinn þarf að vera grannur og má ekki liggja á yfirborðinu. Præðið fluguna neðan frá, notið grannan taum og bregðið varlega við tökunni. Þetta er skemmtilegasta veiðin og það er ógleymanlegt að sjá fiskinn taka í yfirborðinu! Meira um það á flugur.is fyrir þá sem vilja kynna sér þurrfluguveiðina. *Veiðikveðja, Stefán Jón.*

## BJÖRGUNARSVEITIR Á HÁLENDINU



Landmannalaugar eru einn mest sótti ferðamannastaðurinn að Fjallabaki.

# Fjallabak - erfiðir slóðar og léleg kort

Í vikunni sem er að líða var Hjálparsveit skáta í Kópavogi á Fjallabaki. „Þetta er Nyrðra og Syðra Fjallabak, frá Galtalæk og austur í Hólaskjól, frá Landmannalaugum yfir á Mælifellssand og svo Þórsmerkursvæðið líka," segir Snorri Halldórsson en hann og Jónína Einarsdóttir hafa staðið vaktina fyrir hönd sveitarinnar. Meðal annarra ferðamannastaða á svæðinu eru Álftavatn, Hvanngil, Emstrubotnar, Hólaskjól, Hrafntinnusker og Landmannahellir.

„Varasömustu leiðirnar eru annars vegar Skælingsleið frá Hólaskjóli. Það er illa grafinn slóði með leirbökkum og mikið stórgrýti í leiðinn, þetta er eiginlega ekki vegur. Svo þarf að þvera ár líka. Þetta er erfiður slóði og ekki nema fyrir 33" dekk eða stærra," segir Snorri. „Hinsvegar er Krakatindsleið. Þú ferð hana á 31" dekkjum en hún er mjög varasöm, mjög skorin. Svo eru leiðirnar inn í Sveinstind fínar, allar í sandi, en geta verið varasamar í bleytu og svo eru margar kvíslar þar."

Snorri segir ferðafólk ekki hafa verið margt á svæðinu í vikunni, sökum veðurs. Eftir miðja viku hafi verið leiðindasuddi og svarta þoka og það fæli ferðafólk frá. „Það er alltaf einhver reytingur. Við erum mest að sjá útlendinga. Margir koma á eigin bílum og virðast vel búnir. Aðrir eru á smábílum að þvælast á F-vegum. Mér skilst að þeir megi það ekki á bílaleigubílum sem eru ekki fjórhjóladrifnir en þeim virðist alveg sama."

Snorri bætir við að kort ferðalanganna séu oft af lakara tagi. „Þetta eru afleit kort með lélegum slóðamerkingum, hálfgerð bensínstöðvakort. Það er ástæða til að reyna að koma þeim málum í betra horf." Snorri segir ferðalanga yfirleitt klædda fyrir ferðalög en þó hafi þau rekist á tvo unga Frakka sem voru að hjóla í Landmannalaugar, íklæddir strigaskóm og gallabuxum.

„Við erum mest að leiðbeina fólki um réttar leiðir. Ekki síst vegna kortanna. Við rákumst á fólk sem átti eftir fimm kílómetra að Hrafntinnuskeri en var á leiðinni í Þórsmörk. Svo erum við að aðstoða við vöðin. Fólk er smeykt við þau og vill leiðbeiningar. Nema fólkið á smábílunum, það spyr aldrei til vegar enda veit það að það er að gera ranga hluti," segir Snorri.

Fyrir utan venjubundin störf voru þau Jóhanna þrisvar að beðin um að aðstoða við leit en í öllum tilfellum komu hinir týndu fram.

*- elí*

## Hópferðabílar



Nokkrir hópferðabílar til sölu, góðir í skólaakstur eða almenna fólksflutninga, t.d. 14 farþ. Ford Transit árg. '99, M. Benz Sprinter 12-14 farþ. árg. '02, 33 farþ. Neoplan og 26 farþ. Clubstar árg. '95 Upplýsingar gefur Rúnar, sími 464 3939 & 894 8540.



MB Sprinter 616 árg. 05, 23ja sæta, ek. 38 þús. Verð 8,6m. Uppl. í síma 899 5478.

## Vörubílar



Til sölu 3 öxla flatvagn, 13,60 langur árgerð 2001 Sími 895 0900.



Til sölu MAN TGA 26-530 árg. '03, með vökvakerfi, 40 feta gámagrind, rafstöð fyrir gáma, Carrier kælivél og 40 feta einangraður álgámur. Uppl. í s. 892 5855.

**www.trukkur.is**
Sími 893 8327.

## Húsbílar



Til sölu Clipper 80 árg.'03 ek. 21 þús. mögulegt að taka stórt hjólhýsi uppí. Verð 3.600 uppl. 587 3581 & 898 0119.



Til sölu M.Benz árg. '79, ek. aðeins 135 þús., innréttaður af þýskum skútusmið. Eldavé, gasmiðstöð, sturta, klósett, vaskur, ísskápur, heitt & kalt vatn, 12 & 220 v, cruisecontrol o.fl. o.fl. Sjón er sögu ríkari, fyrstur kemur fyrstur fær. Uppl. í s. 869 9971.



Til sölu Fiat Ducado/Ci Mizar Garage árg. '02, ekinn 40 þ. km, vandaður bíll. Sjón er sögu ríkari. Ásett verð 5,1 m. Uppl. í s. 892 7179.

Til sölu Amerískur skólabíll, innréttaður sem húsbíll, svefnpláss fyrir 6, klósett, gasísskápur, bakarofn og eldavél. Mikið skápapláss. Fínn kaffiskúr. Uppl. í s. 894 9549.



Peugeot árg. '92 ek. 80 þús., ný tímareim ofl., svefnpláss fyrir 5. Góður bíll. Uppl. í s. 897 4978.

## Mótorhjól






Suzuki GSXR 1000 cc, árg. '06, ek. 3 þ. km, er sem nýtt. Verð 1550 þús. Uppl. í s. 897 1899.




**Vertu í sambandi er þú talar**
**þú talar við farþegann, í símann eða talstöðina, hlustar annars á mp3 spilarann, allt handfrjálst. Brúin ehf. Sími 461 2370 & 894 7552 bruin@bruin.is.**



Suzuki V-storm 1000 '06. Geggjað ferðahjól. Sjá umfjöllum í Bílar og Sport. S. 864 7913.



Husqvarna TC450 '04 til sölu. Verð 500 þúsund, ath skipti á ódýrara. Uppl. í s. 696 9105.



Yamaha Fazer FZ1 árg. '05. Hlaðið aukahlutum belly pan, veltipúðar, afturbretti, þjófav., hiti í handföngum og Heine Gericke galli, hjálmur og skór, ek. 3.500 km. S. 692 6603.



Til sölu Honda Sadow Sebre árg. '06. Ek 800 mílur. Verð 1.150 þ. S. 892 2600 & 664 9710.



Ninja 600R '90 85hö, ekið 19 þús. mílur, skoðað '07, blátt, ný keðja, nýleg dekk. Tilboð óskast. S. 856 2470.



Yamaha WR250F árg. '05 eftirárshj. Lítið notað og í góðu lagi. Verð 730þ. S. 899 0782.



Til sölu Kawasaki Vulcan 2000cc árg, '04 hlaðið aukahlutum. Uppl. í síma 617 6029.

Til sölu KTM 50 árg. '02, flott barnahjól í toppstandi. Uppl. í s. 698 9499 & 856 2404.

## Fjórhjól








Yamaha Raptor 660 árg. '05, skráð '06. Verð 750 þús. & Honda 400 árg. '04 verð 620 þús., lítið notuð hjól. Uppl. í síma 697 5137.



Yamaha Banshee 11/'05 350cc , 2cyl, 2 stroke, nýjir stimplar og pakkningar. Uppl. í s. 869 9630, Elli.

## Vélsleðar



Sea-Doo jetski, 2 stk. auk kerru 3ja og 2ja manna. Verð 1.300 þ. Uppl. í síma 894 0540.

## Kerrur



Öflug ný kerra til sölu lengd 3,75m, hæð 2m, breidd 1,75m (innanmál). Verð 1.150,000. M/vsk. Uppl. í síma 894 0103.

## Hjólhýsi



Hobby 500 Kmfe Exellent easy 2006 hjólhýsi, sólskyggni sem nýtt, verð aðeins 1.950.000. Uppl. í s. 892 8960.



C.I.Wilk Caravan 530E árg. '00, innflutt '05, svefnpláss fyrir 6, 2 kojur, mjög vel með farið, verð 1.400 þ. Uppl. í s. 867 3022.

Gullfallegt Landhaus hjólhýsi á Laugarvatni til sölu. Vatn og rafmagn á staðnum. Uppl. í s. 897 6302.

## Fellihýsi



Palomino Yearling 03 11.5 fet sérútb. fyrir ísl. svefntjöld, Truma miðstöð, skyggni, grjótvörn ofl. Verð 1.060 þús. S. 894 3689.

Gullfallegt Coleman Chayenne. árg. '02, sella, 220 W, skyggni o.fl. Uppl. í s. 692 8593 & 567 3848.

Til sölu 3 fellihýsi árg. '03 og '06 Palomino Colt. Hús í toppstandi, hagstæð lán og auðveld kaup. Uppl. í s. 861 6700.

Víking Fellihýsi til sölu með sólarsellu og fortjaldi, árg. 2004, verðtilboð. Uppl. í síma 699 5452.

Palomino Colt '05, sólarsella, vatnsdæla, lítið notað. Uppl. í s. 892 5075 & 663 7010.

**Eitt með öllu, eins & nýtt**
Til sölu Coleman Monteray árg. '03, rafmagnslyftibúnaður, loftpúðafjöðrun, með dælubúnaði, 15" álfelgur, Sprinter dekk, 2 80 w. sólarsellur, 2 rafgeymar, steriógræjur, 200w hátalarar, þakbogar, fortjald, sjónvarps og útvarpsloftnet og klósett. Uppl. í s. 892 7040.

Til sölu Coleman fellihýsi 8 fet árg. '95, mjög vel með farið. Skyggni, fortjald og sólarsella fylgja. Uppl. í s. 864 6562.

## Tjaldvagnar

Óska eftir tjaldvagni ca frá 0-100 þús. stgr. Uppl. í s. 695 9543.

Til sölu vel með farinn Alpen Cruiser nýupptekinn, með fortjaldi. Tilbúinn í slaginn. Uppl. í s. 895 9252.

## Vinnuvélar



Til sölu CAT325BL beltagrafa árg. 1997. Uppl. í s. 6934705



Til sölu málarastólar allt að 12. metra langir. Tilboð. Uppl. 544 8444.




## BÍLAR TIL SÖLU

**Bíll & Hjól til sölu**



**Toyota Avensis 2005, beinskiptur, nýskráður 22.09, ekinn 20 þús, áhvílandi 1.800, afborganir 30 þús, Ásett verð 2.290**



**Yamaha R6, 2005 árg, ekið 10.000 km, áhvílandi 400 þús, afborganir 12 þús, aukahlutir fyrir 3-400 þús. Ásett verð 1.290**

**Skúli Steinn 868 3269**

## TIL SÖLU



Læknanemi (kvk) óskar eftir herbergi/íbúð m. aðgangi að baði og eldunaraðst. Reyklaus. s. 865 4789.

Vantar 50-70 fm skúr/iðnaðarhúsnæði á sanngjörnu verði. Ögmundur s. 869 0139.

3ja herb. íbúð óskast til leigu sem fyrst fyrir erlendan heilsuræktarkennara. Gjarnan með húsgögnum. 100% skilvirkum greiðslum og góðri umgengni heitið. Sendið póst á ibud1001@visir.is eða hringið í síma 824 2661.

Ungur maður óskar eftir 2ja -3ja herb. íbúð á höfuðborgarsv., er reyklaus, reglusamur og heiðarlegur. S. 845 2659.

**Dressmann á Íslandi**
óskar eftir að taka á leigu ca. 50-100 fm, skrifstofuhúsnæði. Æskileg staðsetning er Kópavogur eða miðbær Reykjavíkur. Vinsamlegast hafið samband við kristrun@dressmann.is eða í síma 561 9768.

Par óskar eftir stóru herbergi. Uppl. í s. 847 2096 & 692 0855.

Reglusöm kona á fimmtugsaldri óskar eftir íbúð á höfuðborgarsvæðinu til leigu tímabundið. Góðri umengni og skilvísum greiðslum heitið. Áhugasamir hringi í 893 5201 eða sendi póst á sigurd@verslo.is

Rúmlega fimmtug hjón utan að landi sem vinna í Rvík vantar 2-3ja herb. íbúð, ekki kjallara, má vera sumarbústaður í nágreni Rvík, erum með 2 smáhunda. Góðri umgengni og öruggum greiðslum heitið. Meðmæli ef óskað er. S. 696 8061, Árni.

Óska eftir einstaklings eða 2ja herb. íbúð á höfuðborgarsv. frá 1 sept. Er 33ja reglusamur og reyklaus. Uppl. í s, 896 6680, Þorsteinn.

Óska eftir 2 til 3 herb. íbúð til leigu sem allra fyrst á höfuðborgarsv. Er mjög reglusöm og reyklaus, Guðlaug í s. 867 9663 og gda@hi.is

Háskólanema vantar stúdíóíbúð á Reykjavíkursvæðinu. Uppl. í s. 866 3470.

Vantar einstaklingsíbúð gjarnan í úthverfi Rvk. fyrir sextugan einstakling. Edrú og reyklaus. Öruggar greiðslur, meðmæli. Uppl. í s. 847 5545.

Kvk óskar eftir 2ja herbergja íbúð helst á svæði 104 eða 105. Skilvísum greiðslum heitið. Uppl. í s. 868 7062 & 840 4947.

**Hellu og Varmalagnir ehf óska eftir 3ja - 4ra herbergja íbúð á höfuborgarsvæðinu fyrir erlenda starfsmenn, tryggingu og öruggum greiðslum heitið. Uppl. í s. 892 1882, Ellert & 893 2550 Halldór.**

Strætisvagnabílstjóri óskar eftir herbergi eða lítilli íbúð. Uppl. í s. 616 2835.

Kristilegur ungur reyklaus maður óskar eftir herbergi til leigu á höfuðborgarsvæðinu. Uppl. í s. 695 2409.

## Sumarbústaðir



Sumarhús á Syðri-Reykjum í Biskupstungum til sölu og flutnings. Stærð tæpir 50 fm ásamt 12 fm svefnlofti. Stór verönd fylgir með. Nánari upplýsingar veitir Lilja í síma 862 0603.




## Atvinnuhúsnæði

Til leigu 100 fm iðnaðarhúsnæði. Stórar innkeyrsluhurðir 3x3,50. Kaffistofa og WC. Sérhiti og rafmagn. Stórt útisvæði malbikað. S. 893 9144 & 893 9145.

Skrifstofuherbergi til leigu í Ármúlanum og einnig rúmgott herbergi við Suðurlandsbraut. Góð aðstaða, hagstæð kjör. S. 899 3760.

Til leigu þrjár til fimm skrifstofur að Skipholti 50c. Frá 12-25 fm að stærð. Leigist til traustra aðila. Upplýsingar veittar í s. 899 0309.

Vinnuaðstaða til leigu í Ingólfsstræti, í opnu rými. Húsgögn, adsl, tenging o.fl. fylgir. Verð kr. 20-30 þús á mán. S. 511 2707 & netid@netid.is

## Fasteignir

Tökum að okkur útskipti á gömlu rafmagnstöflunni fyrir nýja. Gerum föst verðtilboð. Pantið fría úttekt. s. 534 1278 & 824 1278.

## Geymsluhúsnæði

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 19 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

Góður 45fm bílskúr með salerni til leigu frá 1. sept. í 104 Rvk. Uppl. í s. 863 2569.

## Bílskúr

Óska eftir bílskúr, ekki til bílaviðgerða eða hljómsveitaæfinga. Uppl. í s. 867 1183.


**Stórmarkaður í stofunni heima**
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ


# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Mothers and Others!**
**Help needed! -Part time $500 - $2000 -Full time $2000 - $8000 -Full training www.123ibo.com www.123ibo.com**

**Lagerstarf og vörumeðhöndlun**
**Hýsing-Vöruhótel óskar eftir starfskrafti í meðhöndlun á sérvöru. Um er að ræða talningu, flokkun, merkingu og meðhöndlun á fatnaði, skóm, leikföngum og búsáhöldum. Vinnutími er frá 08.00 -16.30. Einnig vantar okkur fólk í hefðbundinn lagerstörf.**
**Nánari upplýsingar veitir Guðmundur Oddgeirsson á staðnum, að Skútuvogi 9, eða í s. 530 5683.**

**Aþena Hársnyrtistofan í Mjódd**
**Óskar eftir hársnyrtisveini í hlutastarf.**
**Uppl. í s. 557 2053 & 822 0563.**

**Lagerstarf og vörumeðhöndlun**
**Hýsing-Vöruhótel óskar eftir starfskrafti í meðhöndlun á sérvöru. Um er að ræða talningu, flokkun, merkingu og meðhöndlun á fatnaði, skóm, leikföngum og búsáhöldum. Vinnutími er frá 08.00 -16.30. Einnig vantar okkur fólk í hefðbundinn lagerstörf.**
**Nánari upplýsingar veitir Guðmundur eða Dagný á staðnum, að Skútuvogi 9, eða í s. 530 5680.**

**Jolli Hafnarfirði**
**Vantar þig vinnu í Hafnarfirði og ertu 18 ára eða eldri? Geturðu verið reyklaus þegar þú ert í vinnunni? Viltu vinna í góðu fyrirtæki þar sem gott andrúmsloft skiptir máli? Þá er Jollinn rétti staðurinn fyrir þig. Okkur vantar fólk í fullt- og hlutastarf.**
**Umsóknareyðiblöð á staðnum. Upplýsingar veitir verslunarstjóri Líney (844-7376) alla virka daga milli 14-18**

aktu taktu

**Aktu Taktu Afgreiðsla og Vaktstjórn**
**Vilttu vinna með duglegu og skemmtilegu fólki? Ertu dugleg/ur og mætir á réttum tíma í vinnu? Góð laun fyrir líflegt og skemmtilegt starf í afgreiðslu. Hentar best fólki 18-40 ára en allir umsækjendur velkomnir! Hvort sem þú vilt vera í fullu starfi eða kvöldvinnu þá höfum við eitthvað fyrir þig. Aktu Taktu er á fjórum stöðum á höfuðborgarsvæðinu.**
**Umsóknir á aktutaktu.is og á stöðunum. Upplýsingar veitir framkvæmdarstjóri Óttar (898-2130) milli 9-17.**

AMERICAN STYLE

**American Style á Bíldshöfða og Hafnarfirði**
**Afgreiðsla og grill American Style leitar að duglegum og traustum liðsmönnum í fullt starf í vaktarvinnu í sal og á grilli. Vilt þú vera hluti af frábærri liðsheild og vinna á líflegum vinnustað? Góð laun í boði fyrir kröftuga einstaklinga. American Style er á fimm stöðum á höfuðborgasvæðinu. 18 ára og eldri og góð íslenskukunnátta nauðsynleg.**
**Umsóknareyðublöð fást á öllum stöðum American Style, einnig á www.americanstyle.is. Upplýsingar um starfið veitir starfsmannastjóri Herwig s. 892 0274 milli 8:30-17:00**

PÍTAN

**Pítan**
**Frábær vinnustaður, skemmtilegt fólk og rótgróinn rekstur. Langar þig að vinna á Pítunni? Okkur vantar fólk í fullt starf í sal og eldhúsi. Viðkomandi getur hafið störf sem fyrst. Umsóknareyðiblöð á staðnum og www.pitan.is. Upplýsingar veitir rekstrarstjóri Michael (864-9861) alla virka daga milli 14-18**
**Umsóknareyðiblöð á Pítunni og á pitan.is.**

Pizza Hut

**Pizza Hut leitar að fólki**
**1. Hlutastörf: Pizza Hut leitar að duglegu og stundvísu starfsfólki í veitingasal og í eldhús. Hæfniskröfur: Samviskusemi, stundvísi og þjónustulund. Lágmarksaldur er 18 ára.**

**2. Vaktstjórum í veitingasal og í eldhús: Pizza Hut leitar að öflugum vaktstjórum í veitingasal og í eldhús. Um er að ræða framtíðarstarf. Starfið felst í: Stjórnun vakta, mannastjórnun í samráði við veitingastjóra, opnun og lokun veitingarstaða.**

**Hæfniskröfur: Þjónustulund, samviskusemi, reglusemi, hæfni í mannlegum samskiptum. Lágmarks aldur er 20 ár. Áhugasamir sendi inn umsókn á loa@pizzahut.is . Nánari uppl. á loa@pizzahut.is eða í síma 863-1136.**

**Íslandspóstur**
**Íslandspóstur óskar eftir starfsfólki í Bréfadeild Póstmiðstöðvar. Um er að ræða framtíðarstörf í vaktavinnu eða hlutastörf sem henta mjög vel með skóla.**
**Upplýsingar gefur Helga í síma: 580-1230, umsóknir má senda á netfangið helgabo@postur.is**

**Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu Íslandspóst, www.postur.is**



## Ertu hress, stundvís og áttu bíl? Langar þér að vinna á stað þar sem gaman er í vinnunni?

**Ef svo er þá langar okkur að fá þig í vinnu. Vegna mikill anna þurfum við að bæta við nokkrum sendlum. Við bjóðum uppá sveigjanlegan vinnutíma (engin næturvinna). Starfið hentar bæði stelpum og strákum.**

**Ef þetta er starf sem gæti hentað þér hafðu þá samband við Þröst í síma 534 3460 eða sendu email á justeat@justeat.is**

### Starfsmaður á lager

Starfið felst í vörumóttöku, frágangi á lager og tiltekt á vörupöntunum. Við leitum af starfsmanni sem er: áhugasamur, stundvís og áreiðanlegur · duglegur og sjálfstæður í vinnubrögðum · með lyftararéttindi (æskilegt en ekki skilyrði) Starfið hentar vel fyrir duglegan og samviskusaman einstakling sem hefur áhuga á að starfa með góðum og samhentum hópi fólks. Umsækjendur hafi samband við Tómas Rúnarsson í síma 822 8836, eða frá 8 -17,00 í síma 557 6500.

### Hellulagnir

**Óskum eftir að ráða verkamenn í hellulagnir. Mikil vinna framundan og góð laun í boði. Upplýsingar gefa Guðmann í 660 1155 & Trausti í 660 1150. Fjölverk Verktakar ehf.**

### Starf í tískuvöruverslun

**Starfsfólk óskast í tískuvöruverslun.**
**Uppl í s. 820 1299**

### Deildarstjóri óskast

**Deildarstjóri óskast í herrafatadeild í hratt vaxandi fyrirtæki. Verksvið - innkaup, skipulagning og sölumennska.**
**Uppl í s. 820 1299**

### Dagvinna Subway

**Vantar fólk í fullt starf á nokkrum stöðum, vaktavinna, sveiganlegur vinnutími. Leitum að jákvæðu og lífsglöðu fólki með mikla þjónustulund.**
**Hægt er að sækja um á subway.is Nánari upplýsingar gefur Eygló S. 530 7000.**

MYLLAN ehf
S. 471 1717
Vélaverktakar · Vélaverkstæði

### Bifreiðastjórar, vélar og verkamenn

**Myllan ehf. verktakar og vélsmiðja á Egilsstöðum, leitar eftir bifreiðastjóra, vélarmönnum og almenum verkamönnum til starfa á Egilsstöðum. Gerð er krafa um að umsækjendur hafi tilskilin réttindi fyrir það starf sem sótt er um, en auk þess er einnig gerð krafa um sjálfstæð vinnubrögð og góð mannleg samskipti. Möguleiki er á húsnæði fyrir utanbæjarfólk. Næg vinna í boði.**
**Umsóknum skal skila í tölvupóst heidar@myllanehf.is nánari upplýsingar um störfin má nálgast í síma 471-1717, Unnar**

### Húsasmiður óskast!

**Húsasmiður óskast, um er að ræða framtíðarvinnu, einnig vantar mann með réttindi á byggingakrana. Góð laun fyrir rétta menn.**
**Nánari uppl. í s. 898 2805.**

### Starfskraftur í bókhald

**Óskum eftir vönum starfskrafti til bókhaldsstarfa. Unnið er með DK-Kerfi. Þarf að geta hafið störf mjög fljótlega.**
**Umsóknir með upplýsingum sendist til asgeir@101heild.is**

Okkur vantar hressa, jákvæða og þjónustulundaða starfsmenn til þjónustustarfa í sal á veitingastaði okkar í Skipholti og Höfðabakka. Kvöld og helgarvinna, eða dagvinna, sveigjanlegur vinnutími við allra hæfi. Góð laun í boði fyrir gott fólk. Uppl. gefur Vydas Skipholti í s. 552 2211 eða 692 4310 og Gunnar Höfðabakka s. 517 3990 eða 660 1144.

### Pípulagnir - pípari óskast

**Hefur þú áhuga á að starfa við pípulagnir hjá ört vaxandi fyrirtæki? Gott starfsumhverfi og góð laun í boði fyrir réttan aðila.**
**Farið verið með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum verður svarað. Umsóknir sendist á FBL Skaftahlíð 24, eða á smaar@frett.is merkt „Pípari".**

### Bakarí

### Starfsmaður óskast.

**Starfsmaður óskast til framtíðarstarfa í framleiðsludeild Myllunnar að Skeifunni 19, Reykjavík. Vinnutími frá 07:00-16:00 Viðkomandi þarf að geta talað og lesið íslensku Umsóknum skal skila til Myllunnar, starfsmannaþjónustu. Hægt er að nálgast umsóknareyðublöð á www.myllan.is/starfsfolk_umsokn.htm. Hægt er að nálgast umsóknareyðublöð á www.myllan.is/starfsfolk_umsokn.htm.**

### Íslandspóstur

**Íslandspóstur óskar eftir starfsfólki í Böggladeild Póstmiðstöðvar. Um er að ræða framtíðarstörf í dagvinnu, vaktavinnu eða hlutastörf sem henta mjög vel með skóla. Upplýsingar gefur Kristín í síma 580 1241, umsóknir má senda á netfangið kristins@postur.is Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu Íslandspóst, www.postur.is**

### LEIKSKÓLAKENNARAR OG ANNAÐ UPPELDISMENNTAÐ STARFSFÓLK ATHUGIÐ

**Okkur í heilsuleikskólanum Suðurvöllum vantar jákvæða og hressa leikskólakennara í tvær 100% stöður sem fyrst. Leikskólinn er þriggja deilda í nýlegu, glæsilegu húsnæði með góðri aðstöðu. Ef ekki fæst uppeldismenntað starfsfólk, verða aðrar umsóknir teknar til umfjöllunar.**
**Umsóknareyðublöð er hægt að nálgast í leikskólanum og á skrifstofu Sveitarfélagsins Voga. Umsóknarfrestur er til og með 28. ágúst nk. Nánari upplýsingar veitir Salvör Jóhannesdóttir í síma 424 6817.**

### Aðföng

**Aðföng vöruhús Haga óska eftir starfsfólki. Leitað er að duglegum og áreiðanlegum einstaklingum sem eru eldri en 18 ára og vilja framtíðarstarf hjá traustu og framsækni fyrirtæki. Umsóknareyðublöð má fá í móttöku Aðfanga að Skútuvogi 7, 104 Reykjavík.**
**Einnig er hægt að sækja um á www.adfong.is. Upplýsingar er hægt að fá í síma 693 5602.**

### Xit Hárstofa

**Óskum eftir nemum.**
**Uppl. á staðnum eða í s. 564 6444 & 692 0028.**

### Súfistinn bókakaffi í húsnæði Máls og menningar, auglýsir laust til umsóknar:

**100 % starf við afgreiðslu og þjónustu. Um er að ræða vaktavinnu. Súfistinn er metnaðarfult kaffihús sem hefur tekið virkan þátt í að auðga kaffimenningu Íslendinga s.l. 12 ár m.a. vegna þess að þar starfar fjöldi jákvæðra og lífsglaðra einstaklinga.**
**Umsóknareyðublöð liggja frammi í Súfistanum en einnig má nálgast unsóknir á www.sufistinn.is Upplýsingar um starfið veitir Silja í síma 659 9509 eða 552 3740**

ALEFLI ehf. BYGGINGAVERKTAKAR

Óskum eftir að ráða bílstjóra á sendiferðabíl. Þarf að hafa staðgóða þekkingu á byggingvörum og ríka þjónustulund. Uppl. gefur Þorsteinn í s. 660 4471 & á skrifstofu milli 9 & 14 virka daga í s. 587 7171.

### Veiingahúsið Nings auglýsir:

**Óskar eftir vaktstjóra í fullt starf. Þarf að geta hafið störf sem fyrst. Ekki yngri en 18 ára. Vantar einnig starfsfólk í kvöld og helgarvinnu. Upplagt fyrir skólafólk.**
**Upplýsingar í símum 822 8840 / 822 8833 eða á www.nings.is**

Fjarðarbakarí Hafnarfirði óskar eftir starfsfólki til afgreiðslustarfa. Uppl. í síma 895 8192.

Björnsbakarí-vesturbæ óskar eftir að ráða starfskraft til afgreiðslustarfa. Vinnutími er:07-13 eða 13-18.30. Einnig er unnið aðra hverja helgi. Áhugasamir hafi samband við Sigríði í síma:699-5423 eða á netfangið: bjornsbakari@bjornsbakari.is

### Kaffihús

Strarfskraftur óskast til framtíðarstarfa í bakarí og kaffihús. Uppl. gefur Saga í síma 551 3524 Sandholt, Laugavegi.

### Mest

Óskar eftir að ráða Starfsmann á Mest leigu sem leigir út meðal annars byggingarkrana og byggingarmót. Nánari uppl. veitir Alfreð Karl Alfreðsson í s. 825 0704.

Bílaleiga óskar eftir starfsmanni við þrif,standsetningar, akstur og fleira. Bílpróf og enskukunnátta nauðsynleg. Einungis stundvís og reglusamur maður kemur til greina. Sendist fyrir 15. ágúst á E-mail bilaleiga@simnet.is

### Grillhúsið Tryggvagötu

Óskar eftir starfsfólki í sal, í kvöld og helgarvinnu. Einnig virka daga frá 10-15.Uppl. á staðnum eða í s. 696 8397. Brynja.

### Grillhúsið Tryggvagötu

Óskar eftir vaktstjóra í sal. Unnið er á vöktum. Upplýsingar á staðnum og í síma 696 8397 Brynja.

RizzoPizzeria óskar eftir starfsfólki í eftirtalin störf, í útkeyrslu, símsvörun og afgreiðslu. Sveigjanlegur vinnutími. Nánari upplýs. á staðnum, Hraunbæ 121.

Óskum eftir vönum mönnum á suðurlandi í alhliða verktakavinnu. Meirapórf og vinnuvélarétindi æskileg. Einnig vélvirkja, bifvélavirkja eða mann með svipaða reynslu. Uppl. í s. 862 0727.

### Skemmtileg og lærdómsrík störf!

Svæðisskrifstofa Reykjaness leitar að starfsfólki. Ýmsar starfsprósentur. Uppl. í síma 525 0900 og á www.smfr.is

Sótthreinsun og þrif óskar eftir hraustum starfsmanni í vinnu við háþrýstiþvott og sótthreinsun. Aldur 16+. Þarf að hefja störf sem fyrst. Góð laun í boði fyrir réttan mann. Umsóknir og umsögn berist til. sotthreinsun@sotthreinsun.is www.sotthreinsun.is

Hársnyrtistofan Corner óskar eftir nema á samning sem fyrst. Uppl. á staðnum eða í síma 897 4878 & 544 4900.

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
Yfir 150.000 gestir daglega.
Stórmarkaður í stofunni heima.
PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ

Adam og Eva óskar eftir starfskrafti. 20 ára og eldri. Heiðarleiki, reglusemi og reykleysi. Nánari upplýsingar á www.adamogeva.is

Óska eftir á ráða snyrtifræðing á snyrtistofu Uppl. í s. 899 6704.

Óska eftir að ráða vandaða múrara og trésmiði, þurfa að geta tileinkað sér sjálfstæð vinnubrögð. Ari Oddsson ehf. Sími 895 0383, arioehf@simnet.is.

Drífa ehf í Garðabæ óskar eftir að ráða starfsmann á lager. Viðkomandi þarf að geta byrjað sem fyrst. Umsóknir sendist í tölvupósti á: baldur@icewear.is

### Bifvélavirki / bílasmiður eða vanur

Bifvélavirki eða vanur maður óskast til starfa á Bílaverkstæði Jóhanns í Hveragerði. Getum útvegað leiguhúsnæði. S. 866 1093.

### Jamesbönd Myndbandaleiga

Óskar eftir starfsfólki, 20 ára og eldri í kvöld- og helgarvinnu. Upplýsingar á staðnum virka daga milli kl. 9 og 18, Jamesbönd Skipholti 9, s. 562 6171.

Kaffibrennslan óskar eftir starfsfólki í sal sem fyrst. Bæði vantar okkur í hlutastörf og fullt starf. Þeir sem hafa áhuga á að koma og vinna með skemmtilegu fólki á góðum stað geta fyllt út umsóknir á barnum eða á sara@brennslan.is

Drífa ehf Garðabæ wishes to hire warehouseemployee. Applicant needs to be able to start immediately. Application should be sent to baldur@icewear.is

Óska eftir starfskrafti í tískuvöruverlsun í Hafnafirði vanan afgreiðslustörfum. Verður að geta hafið störf sem fyrst og hafa mikin áhuga á tísku. Uppl. í s. 660 1153 e. kl. 18.

Kranamaður KS verktakar hf óska eftir að ráða kranamann á byggingarkrana. Skammtímaráðning kemur til greina. Upplýsingar í síma 660 6600.

### Lagerstarf

TB Heildsala óskar eftir starfsmanni á lager og í útkeyrslu. Uppl. og ferilskrá sendist á tb@leikbaer.is eða í s. 865 8289 milli kl. 9-16 virka daga.

Sölumaður óskast sem fyrst til starfa í byggingarvöruverslun á höfuðborgarsvæðinu, Uppl. veittar í síma 898 4805.

### Starfskraftur í veiðihús

Duglegur starfskraftur óskast í þrif og þjónustustörf í veiðihús á Austurlandi. Fæði og húsnæði á staðnum. Nánari upplýsingar í s. 567 5204 eða á ellidason@strengir.is

Skemmtilega, jákvæða og ábyrga manneskju vantar til að aðstoða ungann mann með fötlun. Uppl. í síma 897 9482

Smiðir eða menn vanir gipsveggjum óskast til að setja upp gipsveggi, tilboð eða tímavinna. Uppl. í s. 848 6904.

Málarar eða menn vanir sandspörtlun og málun óskast, tilboð eða tímavinna. Uppl. í s. 848 6904.

Árbæjarbakarí - Starfskskraftur óskast í afgreiðslu. Vinnutími 13-18.30 virka daga. Einnig vantar manneskju aðra hvora helgi. Upplýsingar í síma 869 0414.

Getur einhver verið svo vænn að vera liðveislan mín á vegum Félagsþjónustunnar fyrir mig 2svar í viku í 3 mán. Um er að ræða manneskju sem getur komið til mín og eldað með mér, farið á kaffihús og í sund. S. 868 8837 & 534 1335, mjallhvit12@hotmail.com.

### Starfsfólk óskast.

Óskum eftir starfsfólki á öllum aldri í kvöld og dagvinnu. Upplýsingar í síma 575 1500.

## Atvinna óskast

Rafvirkjanemi á öðru ári með enga starfsreynslu í rafmagni óskar efitr vinnu sem fyrst. Uppl. í síma 845 0572.

## Viðskiptatækifæri

### Splunkunýtt viðskiptatækifæri

www.splunkunytt.com Kíktu á mig!

### Barrekstur til sölu

Á spáni. Upplýsingar í s. 00 346 3990 2488 & 00 349 2876 7532 & 843 9420.

## Tapað - Fundið

Fuji stafræn myndavél í svörtu leðurveski tapaðist frá Borgarfirði til Kópavogs. Fundarlaun. Uppl. í s. 892 1630.

## Tilkynningar

Kærleikssetrið

Kynningarfundur!!

Laugardaginn 12 ágúst kl 14.00 verður haldin kynningarfundur. Kynnt verður hópastarf og vetrardagskrá kærleikssetrurs. Allar upplýsingar í síma 567 5088 og á kaerleikssetrid.is

### Flísa/parketlögn

Inréttingaruppsetn. og smávæileg málaravinna. Gerum sanngjörn verðtilboð samdægurs. S. 843 9420.

## Ýmislegt

### Engar skuldir - Hærri tekjur

Skoðaðu Magnad.com og lærðu að skapa þér þær tekjur sem þú vilt - heima hjá þér!

## Einkamál







# Vinna með námi hjá Hive

**Hive vantar gott fólk í úthringiver sitt.**

Við erum að hringja milli kl.18:00 og 22:00 og starfsmenn vinna að meðaltali 2-4 daga í viku. Þetta er tilvalin vinna með námi og frábærir tekjumöguleikar í boði.

Áhugasamir sendi póst með helstu upplýsingum um sig á soluver@hive.is.

Hive

## TIL SÖLU



**VINNULYFTUR EHF**

**Óskum eftir starfsfólki til almennra starfa og útkeyrslu á starfstöð okkar. Nánari upplýsingar á skrifstofu Smiðsbúð 12, 210 Garðabæ**

## SMÁAUGLÝSINGAR










**Símaspjall 908 2444.**
Símaspjall 908 2444. Ég er spennandi, ég er Klara. Ásamt fleiri stelpum sem langar að vera vinkona þín í kvöld. Opið allan sólahringinn.

EUROPRIS Starfsfólk Óskast í verslanir Europris Upplýsingar í síma 5113322 - 533 3360 EUROPRIS.

Ert þú karlmaður? Viltu láta dekra við þig? Hafðu samband í síma 869 6914.

Heitir og spennandi símaleikir með Dömunum á Rauða Torginu! Hver verður vinkona þín í kvöld? Símar 908-6000 (símatorg, kr. 299,90 mín) og 535-9999 (Visa, Mastercard, ódýrara kr. 199,90 mín)

**Símaspjall 908 6666.**
Halló ljúflingur! Símaspjall við ljúflingskonur. Við erum hérna nokkrar sem verðum alla helgina og njótum þess að fara í hressan símaleik og ljúfar stundir í rólegu spjalli. Við viljum vera vinkonur þínar alla verslunarmannahelgina.

MARKAÐURINN

**Sögurnar, tölurnar, fólkið.**

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA



AUGLÝSINGASÍMI
**550 5000**

## FASTEIGNIR

FASTEIGNASALA SUÐURLANDS
Unubakka 3b 815 Þorlákshöfn
Sími 483 3424 • 848 5041 • 663 7199
www.eignin.is

Erum með fjölbreytt úrval fasteigna í Þorlákshöfn á söluskrá.

Þorlákshöfn er í 40mín fjarlægð frá Reykjavík. Þar er fjölskylduvænt umhverfi með góðan grunnskóla, leikskóla og góða íþróttaaðstöðu með nýjan 18 holu golfvöll rétt við bæjardyrnar.

Endilega kíkið á www.eignin.is og kynnið ykkur málið eða hafið samband.

## TILKYNNINGAR

MENNTASKÓLINN VIÐ HAMRAHLÍÐ STOFNAÐUR 1966

### STÖÐUPRÓF HAUSTIÐ 2006

Stöðupróf á vegum menntamálaráðuneytisins verða haldin í Menntaskólanum við Hamrahlíð sem hér segir:

**Miðvikudaginn 16. ágúst Kl. 16:00**
Danska (hámark 6 einingar),
norska (hámark 6 einingar)
og sænska (hámark 6 einingar).

**Miðvikudaginn 16. ágúst Kl. 18:00**
Franska (hámark 12 einingar),
ítalska (hámark 12 einingar),
portúgalska (hámark 12 einingar)
pólska (hámark 12 einingar)
rússneska (hámark 12 einingar),
spænska (hámark 12 einingar)
víetnamska (hámark 12 einingar)
og þýska (hámark 12 einingar)

**Fimmtudaginn 17. ágúst Kl. 16:00**
Enska (hámark 9 einingar).

**Föstudaginn 18. ágúst Kl. 16:00**
Stærðfræði. Boðið er upp á próf í STÆ103, STÆ203 og STÆ263.

Skráð er í stöðupróf á skrifstofu skólans í síma 595-5200.

Prófgjald, kr. 3500 á hvert próf, greiðist hálftíma fyrir prófið.

Í *Aðalnámskrá framhaldsskóla* er tekið fram að þessi próf séu ætluð þeim sem búa yfir þekkingu og reynslu sem ekki hefur verið aflað með hefðbundnum hætti í skóla. Að gefnu tilefni skal tekið fram að fyrir liggur álit menntamálaráðuneytisins um að stöðupróf skuli ekki nota sem upptektarpróf fyrir nemendur sem fallið hafa á annar eða bekkjarprófi.

**Rektor.**

## LÓÐIR TIL SÖLU

# EINSTAKT TÆKIFÆRI!

Ein af glæsilegustu vatnslóðum í Skorradal er til sölu. Um er að ræða hornlóð við Dagverðarnes nr. 210. (ATH. leigulóð)

Búið er að taka fyrir sökkli og gera veg niður að lóð, bílastæði hefur verið klárað, 4-6m² gestahús er á lóðinni.

## TILBOÐ ÓSKAST

Nánari upplýsingar gefur
**Smári í síma 863 7070**

## ATVINNA

LAUGAR café

### Við erum að leita að starfsfólki

Leitum að aðstoðarmanni í eldhús. Góður vinnutími og laun fyrir réttan aðila. Viðkomandi þarf að vera stundvís, samvikusamur og hafa áhuga á matargerð.

Umsjón með ráðningu Logi Liljendal Hilmarsson logi@worldclass.is

Í Laugum eru starfrækt fimm fyrirtæki. Fjöldi gesta í Laugum er um 2000 daglega svo um líflegan vinnustað er að ræða.

### LAGERSTARFSMAÐUR & BÍLSTJÓRI

**MEÐ 5 TONNA RÉTTINDI**

Óskum eftir að ráða tvo öfluga starfsmenn til útkeyrslu og lagerstarfa.

Reyklaus vinnustaður | Reglulegur vinnutími | Góður starfsandi

Upplýsingar gefur Sigurður í síma 897 2833.
Umsóknir sendist á: shi@gvheild.is

GV HEILDVERSLUN EHF
MIÐHRAUN 16 · 210 GARÐABÆR

### VERSLUNARFÓLK ÓSKAST

**Í ágúst opnar ný og spennandi „lífstílsverslun" við Laugarveg**

**Verslunin mun hafa einstakt úrval af því besta sem er að gerast í fatahönnun, gjafavöru, tónlist og mat.**

**Við leitum að skemmtilegu, skapandi og kurteisu fólki sem hefur ánægju af því að vinna við verslunarþjónustu. Jafnframt, er óskað eftir einstaklingi sem hefur áhuga á matargerð, til að sjá um lítið kaffihús sem býður upp á léttar, hollar og fallegar veitingar.**

**Áhugasamir, vinsamlegast sendið umsókn merkt „lífstíll" til Fréttablaðsins fyrir 10 ágúst.**

## FASTEIGNIR

Það er gott að búa á austurlandi

# Egilsstaðir, 2. & 3. HERBERGJA ÍBÚÐIR TIL LEIGU











### Kaupvangur, Egilsstaðir. 2. og 3. herbergja íbúðir

Íbúðirnar eru á besta stað í bænum, steinsnar frá þjónustukjarna bæjarins. Stórar og góðar svalir fylgja öllum íbúðum, með einstöku útsýni. Eldhúsinnréttingar eru úr eik, góðir skápar eru í herbergjum & anddyri. Hjóla og vagna-geymsla er á jarðhæð, og geymslur fyrir hverja íbúð í kjallara. Íbúðirnar afhendast tilbúnar án gólfefna.

FFA veitir allar frekari upplýsingar.



ffa FASTEIGNAFÉLAG AUSTURLANDS

Fasteignafélag Austurlands ehf.
Melgerði 7 · 730 Reyðarfjörður
Sími: 567-3400 · GSM: 896-8934

Nánari upplýsingar á netinu: **www.nmedia.is/ffa**



## Til sölu Hraun - Búðavegur 18, Fáskrúðsfirði

Þriggja herbergja íbúð á 2. hæð í tvíbýlishúsi. Verð 6,2 millj. Áhv. ca. 2,6 millj. með 4,8 % vöxtum sem hægt er að yfirtaka. Möguleiki á að taka bíl upp í hluta af verði. Íbúðin er laus við undirritun kaupsamnings.

Frum



## Viltu vera miðsvæðis á Austurlandi?

150 fm 2 húsnæði miðsvæðis á Austurlandi er til sölu. Einnig er til sölu verslun á sama stað. Hægt er kaupa verslunina og húsnæði hvort sem er saman eða sitt í hvoru lagi. Hagkvæmur kostur er að breyta húsnæðinu í litlar íbúðir. Getur verið laust fljótlega.

**Upplýsingar gefur Ólafía Herborg í síma 863-1345 eða okkaramilli@simnet.is**

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

Magnús Emilsson löggiltur fasteignasali

Starfsfólk Hraunhamars kann að meta eignina þína

HRAUNHAMAR FASTEIGNASALA

Fasteignasala snýst ekki bara um fasteignir... ...heldur líka um fólk

Bæjarhrauni 10 Hafnarfirði • Sími 520 7500 • Fax 520 7501 • hraunhamar@hraunhamar.is • www.hraunhamar.is

## Smyrlahraun 10 - Hf



## OPIÐ HÚS Í DAG MILLI 14.00 TIL 15.00

Falleg efri sérhæð á þessum vinsæla og friðsæla stað miðsvæðis í Hafnarfirði. Hæðin er 146,8 fm auk bílskúrs sem er 24,7 fm. Skipting eignarinnar: forstofa, hol, 3 svefnh, eldhús með borðkróki, stofa, sjónvarpshol, þvottah, svalir og bílskúr. Gólfefni eru að mestu parket og korkur. Eigninni hefur verið vel við haldið s.s. skipt um gler að mestu. Þetta er sérlega falleg eign sem vert er að skoða. **V. 33,7 millj.** Eignin er laus fljótlega.

**Sölumaður Hraunhamars verður á staðnum.**

Þorsteinn Eggertsson
Lögg. fasteignasali

FRAMTÍÐIN Sími 525 8800

**Síðumúli 8
108 Reykjavík**



## DVERGHOLT - MOS

Fallegt 180,9 fm. einbýlishús á einni hæð með innb. tvöf. bílskúr. Íb. skiptist í anddyri, gesta wc og forst.herbergi. Hol, stórar, bjartar stofur, gott eldhús, þvottahús og geymsla. Á svh. gangi eru 3 svh. Baðherb. m/baðkari og st.klefa, flísalagt í hólf og gólf. Góð gólfefni. Úr holi er útg. á stóra ufb. 100 fm. nýlega timburverönd með heitum potti. Stór gróinn garður bakvið húsið. Aðkoma nýlega steinlögð, hiti í plani. Húsinu er mjög vel við haldið utan sem innan. **Ásett verð 43,9 millj. Nánari uppl. veitir Óli í síma 8973030**

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.
Óðinsgötu 4 • Sími 570 4500 • Fax 570 4505 • Kt. 440973-0359
Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali

Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is

## LÓMASALIR 12- KÓPAVOGI

GLÆSILEG 3JA – 4RA HERB. ÍBÚÐ M. SÉRINN

## OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 13-16





**Glæsileg 104 fm 3ja - 4ra herb. íbúð á jarðhæð með sérinng., íbúð 0104, auk sér stæðis í bílageymslu. Stórar og bjartar samliggj. stofur með útgangi á um 20 fm sólpall með skjólveggjum, vandað eldhús með innrétt. úr kirsuberjaviði og góðri borðaðstöðu, 2 rúmgóð herb. með góðu skápaplássi og baðherb. flísalagt í hólf og gólf og með nuddbaðkari. Þvottaherb. innan íbúðar. Parket og flísar á gólfum. Fallegt útsýni af sólpalli til suðvesturs. Verð 25,8 millj.**

**Íbúðin verður til sýnis í dag, laugardag, frá kl. 13-16
Verið velkomin.**

## Sunnubraut í Búðardal

Skipti óskast á einbýli í Dalabyggð og 80-90 fm íbúð á höfuðborgarsvæðinu.



199,4 fm einbýlishús að Sunnubraut í Búðardal, þar af er bílskúrinn 32,4 fm. Húsið er á 2 hæðum, Hitaveita tekin í húsið og bílskúrinn árið 2001. Mjög fallegt útsýni er á 3 vegu frá húsinu. Lóð er ræktuð og girt. Húsið er allt nýtekið í gegn. Sölum. Margrét s. 6934490 og 595 5029

Hóll fasteignasala
Franz Jezorski lögg.fasteignasali
Skúlagata 17
101 Reykjavík

HÚSIÐ FASTEIGNASALA
*Heilshugar um þinn hag*

## Suðurlandsbraut 50

**Bláu húsin v/Faxafen
Sími 513 4300
husid@husid.is**

**Ingvaldur Ingvaldsson - framkv.stjóri
Helgi H. Jónsson – lögg. fast.sali
Vilhjálmur Bjarnason - lögg. fast.sali
Hrafnhildur Helgadóttir - sölumaður
Kristinn Erlendsson - sölumaður
Steinunn Á. Frímannsdóttir - sölumaður
Guðný Guðmundsdóttir - sölumaður
Ólafur H. Haraldsson - sölumaður
Gunnar Magnússon - sölumaður
Ólafur Sævarsson - sölumaður**

### Sumarhús — Glæsileg 127 fm frístundahús að Syðri-Brú í Grímsnesi





Syðri-Brú er við þjóðveginn um Grímsnes til Þingvalla, örskammt frá Ljósafossi og Írafossi. Lóðirnar eru vestan undir Búrfelli, í brekkurótum. Stutt er til þekktra staða á Suðurlandi, Skálholts, Þingvalla, Laugarvatns, Geysis, Gullfoss og Kersins. Stutt er í veiði, sundlaug, golfvöll, íþróttavöll og fallegar gönguleiðir. Selfoss er aðeins í 16 km fjarlægð og því stutt í alla þjónustu. Frá Reykjavík eru aðeins um 70 km sé ekið um Hellisheiði. Styttra um Nesjavallaveg. Húsin eru smíðuð á staðnum. Þau standa á eignarlóðum. Húsin eru íslensk hönnun, teiknuð hjá Verkfræðistofu Guðjóns Þ. Sigfússonar. Raflagnir og lýsing er hannað af Helga Eiríkssyni í Lúmex. Sökkull og botnplata steypt, hitalagnir í gólfi. Veggir úr timbri. Húsin tengjast hitaveitu. Auðvelt er að útbúa litla gestaíbúð.

Frum

### Sérinngangur — Álfkonuhvarf - 203 Kóp.





Stórglæsileg 88,2 fm íbúð með sérinngangi af svölum á 2. hæð í 3ja hæða fjölbýli. Gegnheilt niðurlímt stafaparket úr hnotu er á gólfum í herbergjum og stofu. Í eldhúsi, baðh., forst. og borðst. eru granítflísar. Gólfhiti er í eldhúsi, forstofu og baðh. Allir sólbekkir eru úr svörtu graníti og vandaðar gardínur úr Afrískri hnotu fyrir öllum gluggum. Mikil og góð lýsing er í íbúðinni og teiknuð af Helga í Lúmex. Í kjallara er rúmgóð sérgeymsla. Með íbúðinni fylgir bílastæði í bílageymsu og stæði úti fyrir ofan bílageymslu **Verð 23,9 m.**

### Stærri íb. og sérhæðir — Hagaland - Mosfellsbæ



LAUS VIÐ SAMNING mjög góð eign sem er 122,1 fm neðri sérhæð ásamt 30 fm jeppabílskúr, samt. 152,1 fm, í enda á botnlanga. Íbúðin sem er rúmgóð og björt skiptist í 3 svefnh., eldhús, stofu, forstofu, þv.herb./geymslu og baðh. Húsið var málað að utan í júní. Þetta er tvíbýli sem skiptist í tvo jafnstóra hluta. Góð eign sem vert er að skoða. **Verð 29,9 m.**

### Sumarhús — Kóngsvegur



Gott og vel um gengið 44,5 fm sumarhús á góðum, skógi vöxnum stað við Kóngsveg í Norðurkotslandi í Grímsnesi, 2 km austan við Þrastarlund. Húsið skiptist í stofu og eldhús, 2 svefnh. og baðh. m. sturtu. Spónaparket á gólfum. Góður sólpallur er við húsið. Megnið af innbúi flygir. Hitaveita og kalt vatn, rafmagn. Húsið er upphitað allann ársins hring. Bústaðurinn er staðsettur ca 65 km frá Reykjavík og það tekur u.þ.b. 45 mín. að keyra frá Rvk. **Verð kr. 10,7 millj**

### Sumarhús — Eyrarskógur - Svínadal



Gullfallegt sumarhús í byggingu í Eyrarskógi í Hvalfjarðarstrandahreppi. Húsið er 61,9 fm með góðum sólpalli. Steyptir sökklar eru undir húsinu, gluggar eru úr harðviði með 6 pinna læsingu, einangruð gólf. Húsið verður afhent tilbúið að utan með bjálkaklæðningu en fokhelt að innan. Gert er ráð fyrir hitatúpu en heitt vatn er á svæðinu en ekki komið í þetta hverfi. Rafmagn er komið að lóðarmörkum. **Verð kr. 10,5 millj.**

### Sumarhús — Skorradalur - Bústaður



Nýtt FULLBÚIÐ Á EIGNALÓÐ. Húsið er 74 fm ásamt 20 fm svefnlofti og gesthúsi. 135 fm sólpallur er umhverfis húsið. Frábært hús fyrir stærri fjölskyldur, fyrirtæki eða félög. Aðalhúsið að grunnfleti 65,9 fm skiptist í forst., 3 svefnh., baðh., eldh. og stofu ásamt 20 fm svefnlofti. Minna húsið um 12 fm skiptist í svefnst. og salerni. Mögul. á bátaskýli. Aðgengi að vatninu fyrir vatnasport. **Verð 23,5m. Nánari uppl. hjá Guðnýju í síma 821-6610.**

### Sumarhús — Sumarhús Sturlureykir



Glæsilegt 54,4 fm sumarhús á 5200 fm eignarlóð í landi Sturlureykja, Reykholtsdal. Húsið er með 2 svefnh., baðh. m. sturtu, forst., eldh. og stofu. Stofa og eldh. eru í sama rými. Rúmg. svefnloft. Hiti í gólfum hæðarinnar og flísar. Stór verönd m. heitum potti. Allt innbú getur fylgt. Einnig fylgir 1/15 partur í landi, einbýlishúsi og fjósi á jörðinni. Húsið er með 11 herb. **Verð kr. 15,5 millj.** Bústaðurinn er vel staðsettur ofarlega í hlíð og þaðan er frábært útsýni yfir Reykholtsdalinn.

### Sumarhús — Bjarkarborgir - Sumarhús



Bjarkarborgir 30 við Bjarkarbraut í Grímsnes- og Grafningshreppi. Um er að ræða stórglæsilegt sumarhús ásamt gestahúsi á 5200 fm eignalóð á skipulögðu sumarhúsasvæði úr jörðinni Minni Borg í Grímsnesi. Vel er frá húsunum gengið og ekkert mál að vera þar á öllum árstímum, stærra húsið er 40.1 fm og gestahúsið er 14.2 fm. Milliloft og í stærra húsinu er gott svefnloft. **Verð 16,8 m.**

**FREKARI UPPLÝSINGAR HJÁ SÖLUMÖNNUM HÚSSINS - STEINUNN 862 2969 - GUÐNÝ 821 6610 — www.husid.is**

## VISSIR ÞÚ...

...að Djengis Khan fæddist árið 1162?

...að hann var sonur ættbálkshöfðingja?

...að skírnarnafn hans var Temüjin?

...að Djengis Khan var færður fjölskyldu tilvonandi eiginkonu sinnar þegar hann var aðeins níu ára?

...að þar átti hann að vera þangað til hann næði giftingaraldri sem var 12 ár?

...að faðir hans var myrtur fljótlega eftir það?

...að Djengis Khan ólst upp í sárri fátækt eftir það? Hann flakkaði um með móður sinni og systkinum og lifði á landsins gæðum.

...að sagan segir að hann hafi drepið hálfbróður sinn vegna deilna um hvernig skipta ætti veiðifeng?

...að 16 ára giftist hann Börte og entist hjónaband þeirra fram á dánardag?

...að Djengis Khan reis hægt og örugglega til valda og tókst honum, með persónutöfrum, eljusemi og hörku, að sameina áður stríðandi ættbálka Mongóla?

...að árið 1206 viðurkenndi ráð höfðingja Mongólíu vald Djengis Khan? Af því tilefni hlaut hann nafnbótina Khan.

...að árið 1209 vann Djengis Khan fyrsta stóra sigur sinn á Jurchen Jin-keisaraveldinu (Norður Kína)?

...að árið 1213 komst her Djengis Khan að og yfir Kínamúrinn?

...að árið 1215 náði Djengis Khan Peking á sitt vald?

...að á næstu 5 árum lagði Djengis Khan undir sig löndin í Mið-Asíu? Heimsveldið sem þar var fyrir kallaðist Khwarezmia.

...að Djengis Khan sýndi gríðarlega hörku er hann lagði Khwarezmiu undir sig? Hann myrti fjölmarga borgara, lét hermenn sína nauðga og ræna og að lokum drap hann leiðtoga þeirra með því að hella bræddu silfri í augu og eyru hans.

...að herferðir Djengis Khan héldu áfram og á næstu árum bættust Persneska heimsveldið og Slavaþjóðirnar (Austur-Evrópa) í heimsveldi Mongóla?

...að hernaðaryfirburðir Mongóla voru á sviði skipulagningar, strangs aga og góðs búnaðar?

...að Djengis Khan notaði sálfræði mikið í hernaðaráætlunum sínum?

...að her hans var stéttlaus og skapaði það mikla einingu innan hans?

...að flestir Mongólar voru aldir upp á hestbaki? Mongólskir bogmenn á hestum voru efni í martraðir allra andstæðinga, svo skilvirkir voru þeir.

# TOPP 5: *Jackie Chan*



Jackie Chan er lifandi goðsögn. Hann hefur leikið í yfir 90 kvikmyndum, framleitt tæplega 30 og leikstýrt 20 auk þess að sjá um áhættuatriði í fjölda mynda. Chan var snemma ætlað pláss í sviðsljósinu en þegar hann var sex ára var hann sendur í Kínverska leiklistarskólann þar sem hann lærði söng, dans, leiklist og auðvitað sjálfsvarnarlistir.

Chan sameinaði húmor og bardagalist í blöndu sem mörgum féll vel í geð en það sem gerir hann að þeirri stjörnu sem hann er, auk fiminnar, eru áhættuatriðin. Hann sá alltaf um þau sjálfur og beitti fáum brögðum. Enda hefur hann beinbrotnað oftar en nokkur önnur kvikmyndastjarna.

**1: The Twin Dragons (1992)** Jacky leikur tvö hlutverk, tvíbura sem aðskildir voru við fæðingu. annar er harður götunagli og hinn heimsþekktur píanósnillingur. Tvöfalt fjör og svakaleg áhættuatriði.

**2: Drunken Master (1978)** Bardagalistin er meira í ætt við dans en slagsmál í þessari mynd. Þetta er ein af fyrstu myndunum þar sem kung fu og húmor var blandað saman með góðum árangri.

**3: Rush Hour (1998)** Ekki besta myndin hans Chan en hún gerði kraftaverk fyrir hann í Hollywood. Chris Tucker lætur móðan mása með misjöfnum árangri en þeir sem hafa gaman af því skemmta sér mætavel yfir myndinni.

**4: Super Cop 2 (1993)** Police Story serían er mjög misgóð og ber mörg nöfn. Þessi mynd er sú flottasta enda hefur hann Michelle Yeoh sér til halds og trausts.

**5: Armor of God (1987)** Ekta Hong Kong-mynd. Hann gerði framhaldsmyndir en sú fyrsta er best. Chan slasaðist mjög illa við tökur myndarinnar en harkaði af sér og kláraði hana á réttum tíma.


allt
atvinna
Alla sunnudaga



Einstakt enskunámskeið
Fyrir þá sem vilja styrkja enskugrunninn, tala og skilja enska tungu.



- Fjarnám með 27 1/2 tíma enskunámskeiði á cd diskum
- Slökunardiskur með jákvæðri staðfestingu með tónlist frá Friðriki Karlssyni
- Vinnubók með enska og íslenska textanum
- Taska undir diskana
- Áheyrnarpróf í lok náms

Mörg stéttarfélög, fræðslusjóðir og fyrirtæki styrkja þetta námskeið

Allar upplýsingar
www.tungumal.is
eða í símum 540-8400 eða 820-3799





Lítið ævintýri

7 stafir
skóli...eftir skóla



7 stafir, skóli...eftir skóla,
nýr valkostur fyrir börn á Akureyri

Skapandi nám fyrir börn í 1. og 2. bekk byggt á ævintýrum og hreyfingu

Kennarar: Anna Richardsdóttir fjöllistakona
Svanhvít Magnúsdóttir kennari

Tími: Frá því skóla lýkur til kl. 16:00 alla virka daga

Innritun hafin.

Bjóðum upp á fyrirlestra um allt land þar sem við kynnum hugmyndafræði 7stafa.

Upplýsingar á www.7stafir.is





Símar 863 1696
661 7954



Markmið 7stafa eru sjálfstæð og glöð börn

Börnin vinna með góða texta, sígild ævintýri og vísur. Þau lesa, skrifa, dansa, leika, mála og tóna þemað. Þau nota líkamann á fjölbreyttan hátt til að tjá sig. Síðan semja þau handrit og setja upp sýningar.

concept

VÍSINDAVEFUR HÁSKÓLA ÍSLANDS

# Hver er megintilgangur náttúruverndar?

Upphaf skipulegrar náttúruverndar má rekja til stofnunar Yellowstone-þjóðgarðsins í Bandaríkjunum árið 1872. Aðdragandinn að stofnun hans er afar forvitnilegur, ekki síst vegna þess að þá kom hugmyndin um þjóðgarð í raun fyrst fram.

### Yellowstone fyrsti þjóðgarður heims

Bandaríski jarðfræðingurinn Ferdinand V. Hayden var frumkvöðull í landmælingum og vann fyrir Geological and Geographical Survey of the Territories. Hann var nýkominn úr leiðangri til Klettafjallanna haustið 1871 þegar honum barst eftirfarandi bréf frá manni að nafni A. B. Nettleton hjá Northern Pacific Railroad Company:

### „Kæri doktor:

Kelley dómari hefur sett fram tillögu, sem mér virðist stórgóð, nefnilega: Látum þingið samþykkja lög sem vernda Miklahvers dalinn sem garð fyrir almenning um alla framtíð – rétt eins og það hefur samþykkt að vernda Yosemite-dalinn, sem ekki er nærri eins stórbrotinn, og risatrén. Væri við hæfi að hafa slíka tillögu í opinberri skýrslu þinni ef þú ert sammála þessu?“

Hayden var öldungis sammála þessu og ári síðar hafði fyrsti þjóðgarður í heimi, Yellowstone-þjóðgarðurinn, verið stofnaður. Í lögum um hann segir meðal annars:

„Stórbrotna fossa og undursamlega goshveri í ofanverðum Yellowstone-garði, sem nú hafa vakið heimsathygli, ætti eingöngu að nýta um ókomna tíð sem griðastaði náttúrufræðinga og náttúruunnenda.“

### Línur lagðar í náttúruvernd

Stofnun Yellowstone-þjóðgarðsins lagði um margt línurnar fyrir aðra þjóðgarða, bæði innan Bandaríkjanna og utan. Með tilkomu hans og fleiri friðlanda í Bandaríkjunum festist í sessi hugmyndin um þjóðgarð, það er friðað náttúrusvæði sem er griðastaður þeirra sem vilja fræðast um náttúruna og njóta hennar.

Í kjölfar þess að vaxtarsvæði risafurunnar í Yosemite-dalnum í Kaliforníu voru friðuð árið 1864 og að þjóðgarðurinn í Yellowstone var stofnaður 1872 voru gerðar margvíslegar ráðstafanir til að friða eða vernda ýmis svæði í Bandaríkjunum, einkum skóglendi, en sérstök lög voru sett um verndun skóga árið 1891.

### Forseti Bandaríkjanna fær heimild til friðlýsingar

Árið 1906 samþykkti bandaríska þjóðþingið sérstök fornminjalög sem veittu forseta Bandaríkjanna heimild til að friðlýsa afmörkuð svæði, svokölluð þjóðarminnismerki (national monuments), ef þar væri að finna fornminjar eða svæðin hefðu sérstakt vísindalegt eða fagurfræðilegt gildi. Þessi heimild hefur mikið verið notuð, meðal annars þess að forsetinn getur friðlýst svæði án þess að til komi sérstakt samþykki þingsins. Á árunum 1906 til 1999 voru stofnuð 105 þjóðarminnismerki og einungis þrír forsetar létu hjá líða að nýta þennan möguleika til að friðlýsa svæði: Nixon, Reagan og Bush eldri.

### Tilgangur náttúruverndar

Tilgangurinn með náttúruvernd er margvíslegur. Oftast er þó einhver yfirvofandi vá sem mótar náttúruverndarstefnu og knýr hana áfram. Á upphafsárum náttúruverndar í Bandaríkjunum var það einkum ótæpilegt skógarhögg sem kallaði á aðgerðir, friðun eða verndun. Náttúruvernd hefur hins vegar fleiri markmið sem komu fram strax í hugmyndum manna um þjóðgarðinn í Yellowstone, til dæmis að varðveita tiltekin verðmæti handa komandi kynslóðum hvort sem þau eru í bráðri hættu eða ekki.

### Nytjagildi og verndargildi

Að forða verðmætum frá eyðileggingu hefur alla tíð verið brýnasta ástæða friðunar, ef til vill vegna þess að það hefur verið viðtekin venja að nýta til fjár allar tiltækar auðlindir, svo sem skóga, fallvötn og nytjategundir, nema tilteknar séu mjög sérstakar ástæður fyrir því að gera það ekki. Hér má segja að nytjagildi – fjárhagslegt notagildi tiltekinna auðlinda – hafi algeran forgang fram yfir verndargildi – verðmæti sem felast í því að vernda eða friða tiltekna auðlind með framtíðina í huga. Ein ástæða er sennilega sú að fjárhagslegt nytjagildi til skamms tíma knýr hagkerfi heimsins og það kallar því á slíkt fyrirkomulag. Á síðari árum hefur þó mátt greina að menn eru farnir að gera sér ljóst að verndun og varðveisla verðmæta í náttúrunni muni tengjast fjárhagslegu nytjagildinu þegar fram líða stundir.



KÁRAHNJÚKAR Eru náttúruverndarsinnum ofarlega í huga.

### Náttúruvernd svo mannlíf geti þrifist

Á seinni árum hefur dregið úr því að menn leggi áherslu á nytjagildi eingöngu, og margir halda því fram að verndun náttúrunnar sé í raun forsenda fyrir því að yfirleitt sé hægt að hagnýta hana. Tilgangurinn með náttúruvernd er þá ekki einungis að setja til hliðar eða taka frá tiltekin verðmæti sem veita mannfólkinu ánægju, bæði núlifandi og komandi kynslóðum, heldur er hann ekki síður sá að stuðla að því að mannlífið fái yfirleitt þrifist. Þessi hugsun er að vísu ekki alveg ný af nálinni. Þannig fjallar bandaríski vistfræðingurinn og umhverfisverndarsinninn Aldo Leopold (1887-1949) um þetta í bókinni Round River frá 1953 og segir meðal annars:

„Sú vísindauppgötvun sem ber af á tuttugustu öld er hvorki sjónvarp né útvarp, heldur fjölbreytni vistkerfa landsins. Aðeins þeir sem þekkja þau best gera sér grein fyrir hversu lítið við vitum um þau. Hámark fáviskunnar er maðurinn sem segir um dýr eða jurtir: „Hvaða gagn er að þessu?“ ... Ef gangvirki landsins í heild er gott, þá er hver hluti þess góður, hvort sem við skiljum hann eða ekki. Ef lífríkið hefur á óratíma byggt upp eitthvað sem okkur geðjast að en við skiljum ekki, hver nema fáráðlingur mundi þá losa sig við þá hluta sem virðast gagnslausir? Að geyma hvern nótartappa og hvert hjól er fyrsta varúðarráðstöfun listasmiðsins. „

*Ólafur Páll Jónsson, lektor í heimspeki við Kennaraháskóla Íslands*

Vísindavefur Háskóla Íslands fjallar um öll vísindi, hverju nafni sem þau nefnast. Að jafnaði birtast þar 15-20 ný svör í hverri viku. Meðal spurninga sem fjallað hefur verið við að undanförnu eru: Hversu mikið er vitað um heimspekinginn Díógenes í tunnunni, er möguleiki á því að vísindamenn hafi rangt fyrir sér um allar sínar uppgötvanir, eru til kakkalakkar á Íslandi, hver var röksemdafærsla Jóns Sigurðssonar fyrir aukinni sjálfstjórn Íslendinga og hvaðan er upprunnið ‚að skoða eitthvað út í ystu æsar'? Hægt er að lesa svör við þessum spurningum og fjölmörgum öðrum á slóðinni www.visindavefur.hi.is.


## HUGMYNDASAMKEPPNI

**Um nafn á nýrri Íþróttamiðstöð að Engjavegi 7**
(Samrekin byggingasamstæða Ármanns og Þróttar)

Í september næstkomandi mun verða tekið í notkun stórt glæsilegt mannvirki sem er að rísa að Engjavegi 7 í Laugardal. Ármenningar eru þar að fá nýtt íþróttahús og jafnframt bætist við sameiginleg tengibygging Ármanns og Þróttar við núverandi félagshús Þróttar í Laugardal. Að þessu tilefni hefur verið stofnað sérstakt rekstrarfélag þessara tveggja félaga með aðkomu ÍTR og Reykjavíkurborgar. Rekstarfélagið mun sjá um rekstur íþróttamiðstöðvarinnar, sem tekur til mannvirkjanna og vallarsvæðisins í Laugardal.

Það er við hæfi að þessi glæstu mannvirki hljóti nýtt nafn sem mun þá verða samheiti yfir byggingarsamstæðuna.

Það er tillaga okkar að valið verði á milli eftirfarandi nafna, en þau eru gömul staðarheiti hér í Laugardalnum. Þó er heimilt að koma með aðrar tilögur.

Listinn er þessi:

| | | |
|---|---|---|
| Hálogaland | Laugarholt | Laugatunga |
| Engjabær | Laugalækur | Múli |
| Dalur | Laugaból | Reykjaborg |
| Austurhlíð | Sólbakki | Laugabrekka |
| Álfheimar | Álfabrekka | Jaðar og Klettur |

**Vinsamlegast sendið tillögur ykkar fyrir kl. 12:00 föstudaginn 25. ágúst á netfangið: gvo@trottur.is merkt: "hugmyndasamkeppni".**

Stjórn sameiginlegs rekstrarfélags mun fara í gegnum tillögurnar og velja nafn með hliðsjón af þeim tillögum sem bárust. Tilkynnt verður um nýtt nafn á opnunarhátíðinni sem fyrirhugað er að fari fram 23. september n.k.

Aðalstjórnir Ármanns og Þróttar

ÍTR ÁRMANN ÞRÓTTUR

útsala útsala útsala útsala útsala

## Stórútsala á húsgögnum



Ótrúlegt verð, já nú á allt að seljast
td. Sófasett, hornsófar, tungusófar
borðstofuborð, borðstofustólar, skenkir, skápar,
sófaborð, hornborð, körfuskenkir, stakir stólar,
kommóður, skinn-mottur, lampar, hillur, speglar,
kertastjakar, innskotsborð og margt fleira...

Opið virka daga frá 10-18
laugardaga frá 11-16 og sunnudag frá 13-16

GP gæðahúsgögn

Dalshrauni 1 Sími 565 1234


KOH-I-NOOR HARDTMUTH
Pluto 1327



# 10.- 20. ÁGÚST
# Skóladagar
# Í SMÁRALIND

Smáralind er **troðfull af nýjum vörum** sem skólafólk á öllum aldri þarf á að halda áður en skólinn byrjar. Við bjóðum flott úrval af fatnaði, skóm, tölvum, skólatöskum, ritföngum, bókum og öðrum skólavörum.

**Innkaupalistar skólanna**
Á Skóladögum Smáralindar, 10.-20. ágúst, er hægt að nálgast innkaupalista skólanna á þjónustuborðinu á fyrstu hæð. Listarnir eru prentaðir út af heimasíðum skólanna.
***Gjörið svo vel!***

## EKKI SKRÓPA Í SKÓLALEIKNUM!

**Skólaleikurinn er fyrir allt skólafólk sem verslar í Smáralind. Það eina sem þarf að gera er að fylla út þátttökuseðil og setja í pott við þjónustuborðið.**



Dregnir verða út tveir ótrúlega heppnir vinningshafar.

**1. vinningur:** Fartölva frá BT, 15.000 kr. úttekt í Blend og 25.000 kr. gjafakort frá Smáralind.

**2. vinningur:** Vinningshafi fær að bjóða bekkjarsystkinum sínum á Burger King og í Smárabíó. 10.000 kr. vöruúttekt, Diesel eða Levis, í Zink og 25.000 kr. gjafakort frá Smáralind.

SMÁRABÍÓ BLEND Zink BT BT Smáralind BURGER KING

**Sjáumst í Smáralind!**




Verslanir opnar mán-mið 11-19, **fim 11-21**, fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18 / smaralind.is / 528 8000



# Keyra áfram á þrjóskunni

Í gríðarstórum heimi, í margra milljóna ljósára fjarlægð, búa tæplega tvö hundruð þúsund manns sem koma hvaðanæva að úr heiminum. Á hverjum tímapunkti eru milli 15 og 25 þúsund þeirra að taka virkan þátt í þessum sýndarheimi þar sem viðskipti, sviksemi, vinátta og græðgi ráða ríkjum. Þessi sýndarheimur er nettölvuleikurinn EVE Online sem íslenska tölvuleikjafyrirtækið CCP á og rekur. *Salvar Þór Sigurðarson* spjallaði við **Hilmar Veigar Pétursson** framkvæmdastjóra um sögu CCP, EVE Online og hvernig forritara gangi að stýra fyrirtæki.

Að utan líta höfuðstöðvar CCP að Grandagarði 8 ekki út fyrir að hýsa eitt stærsta hugbúnaðarfyrirtæki landsins, en húsið er tiltölulega niðurnítt og stendur í miðju iðnaðarhverfi á hafnarbakkanum. Þegar inn er komið verður umhverfið heldur nútímalegra og inni á skrifstofu framkvæmdastjóra situr Hilmar við stórt skrifborð.

**Ævintýri og hættuspil**

„Fyrirtækið er stofnað 1997 en upprunann má rekja aftur til fyrirtækisins OZ. Upphaflegi kjarninn í CCP er að mestu fyrrum OZ-starfsmenn. Reyni Harðarson, stofnanda CCP, langaði mikið að gera tölvuleik og þegar áherslur OZ fóru að þokast í átt frá tölvuleikjagerð tók hann sig til og stofnaði CCP,“ segir Hilmar.

Þó að CCP sé tölvuleikjafyrirtæki var fyrsta vara þess ekki tölvuleikur heldur borðspilið Hættuspil, sem margir kannast eflaust við. „CCP gerði Hættuspil annars vegar til að ná inn fjármagni til að byrja á EVE og hins vegar til að sýna að fyrirtækið gæti klárað verkefni,“ segir hann.

„Það var mjög viðloðandi við hugbúnaðarfyrirtæki á þessum tíma að þau kláruðu aldrei neitt, það voru oft settar fram góðar hugmyndir sem ekkert varð úr. Þegar fyrirtæki byrjar lífsskeið sitt á því að búa til spil, setja það í prentun, selja það gegnum tvö jól og græða á því pening er það búið að sanna að það getur klárað eitthvað.“

**Brokkgeng byrjun**

Hann segir gerð leiksins hafa byrjað nokkrum árum eftir stofnun fyrirtæksins. „Árið 2000 kom ég til starfa hjá CCP og framleiðsla EVE Online fór á fullt. Árið 2002 gerum við samning við útgáfufyrirtækið Simon & Schuster Interactive og í maí 2003 kemur leikurinn út.“

Gengi fyrirtækisins var að sögn Hilmars misjafnt á meðan leikurinn var í framleiðslu og nokkrum sinnum lá við gjaldþroti. „Við erum fyrst og fremst óskynsamlega þrjóskir og höfum gjörsamlega engan skilning á hugtakinu að gefast upp. Þrjóska er eiginlega aðalástæðan fyrir því að CCP er til.“

„Einna erfiðustu tímabilin voru líklega þegar við vorum að reyna að landa útgáfusamningi við Simon & Schuster Interactive og svo aftur rúmlega átján mánuðum seinna þegar við börðumst við að ná útgáfuréttinum aftur af þeim því þeir hættu skyndilega að selja tölvuleiki. Í lok árs 2003 náðum við útgáfuréttinum aftur og byrjuðum að selja EVE beint til notenda í gegnum netið,“ segir Hilmar.

„Það var tiltölulega ný hugmynd á sínum tíma, en hún hefur svínvirkað hjá okkur. Um leið og við náðum útgáfuréttinum aftur fór áskrifendum að fjölga og núna eru tæplega tvö hundruð þúsund borgandi áskrifendur að EVE á miðlurum okkar í Shanghai og London.“

EVE hefur verið í prófunum í Kína undanfarna mánuði og skráði rúm milljón Kínverja sig til leiks þegar opnað var fyrir lokaprófanir á leiknum í júní. „Það var ansi mikill öldusjór að gefa leikinn út í Kína. Við vorum ekki búnir við þeim fjölda sem skráði sig í prófanirnar en nú erum við farnir að rukka fyrir leikinn og allt að komast í eðlilegra horf,“ segir Hilmar.

**Forritari og framkvæmdastjóri**

Hilmar er tölvunarfræðingur að mennt og starfaði lengi vel sem forritari og tæknistjóri hjá CCP. Hvernig kom til að hann varð framkvæmdastjóri? „Ég var upphaflega ráðinn til að stýra forritunardeild CCP en hún var ekki stór á þeim tíma svo ég fór að vinna í þrívíddarforritun af því við höfðum engan annan til að gera það. Eftir að vinnu við þrívíddarvélina lauk var fyrirtækið orðið svo stórt að það var orðin full vinna að stýra forritunardeildinni,“ segir hann.

„Stjórnun forritunardeildarinnar og gerð þrívíddarvélarinnar leiddi til þess að ég vann mikið með öðrum starfsmönnum og stjórnendum CCP og í gegnum það öðlaðist ég innsýn í það hvernig við gætum hagað seglum betur. Í lok árs 2003 var mér boðin staða framkvæmdastjóra, sem ég þáði með semingi.“

Þar sem nánast allur hagnaður CCP er í erlendri mynt á meðan kostnaður er í íslenskum krónum hafa undanfarnar gengissveiflur haft mikil áhrif á fyrirtækið. „Gengissveiflur að því marki sem við höfum orðið vitni að á síðustu tveimur árum eru hlutur sem væri gott að þurfa ekki að eiga við. Þegar sveiflur eru upp á þrjátíu prósent á skömmum tíma er skammt á milli þess að útflutningsfyrirtæki sé í bullandi gróða eða tapi,“ segir Hilmar.

„Ég held að allir geti verið sammála um að það er hægt að stýra efnahagi þessa lands á þann hátt að flöktið sé ekki svona rosalegt. Þetta vandamál er vel leysanlegt, menn þurfa bara að vanda sig betur.“

**Framtíðin**

Spurður um framtíðina hjá CCP og EVE er Hilmar fljótur að svara. „Eitt af markmiðum okkar er að EVE-áskrifendur verði fleiri en Íslendingar. Það er ekki langt í það, við erum að nálgast tvö hundruð þúsund borgandi áskrifendur núna. Við ætlum að halda áfram að þróa EVE eins lengi og fólk vill spila hann og við sjáum ekki fyrir endann á því.“

Hann nefnir einnig væntanlegar viðbætur við EVE sem koma út á næstunni. „Við erum alltaf að vinna í að bæta leikinn en á um það bil hálfs árs fresti gefum við út eina stóra viðbót. Næsta viðbótin, sem hefur vinnuheitið Kali, kemur út í pörtum á þessu og næsta ári. Á næsta ári kemur líka út endurbætt útgáfa af EVE fyrir Windows Vista stýrikerfið þar sem búið er að taka alla grafíkina í gegn.“ ■

## TÍMARIT MILLI TVEGGJA HEIMA

Í kringum EVE er gefið út E-ON tímaritið sem er eingöngu um málefni tengd leiknum. Tímaritið er gefið út fjórum sinnum á ári og hefur þá sérstöðu að allar auglýsingar eru fyrir verslanir og fyrirtæki í leiknum, og eru greiddar í ISK (InterStellar Kredits), sem er gjaldmiðillinn í EVE.

Til dæmis auglýsir fyrirtækið Mercenary Coalition þjónustu sína á einni síðunni, en herafla þess er hægt að leigja til lengri eða skemmri tíma til aðstoðar í bardögum. Á næstu síðu auglýsir fyrirtækið Naga sem selur allt milli himins og jarðar í útibúum um EVE-heiminn.

Ásamt því sem auglýsendur tímaritsins greiða fyrir auglýsingar í EVE-gjaldmiðli fá þeir sem skrifa í blaðið borgað í sömu mynt. Í blaðið skrifa þekktir og óþekktir spilarar um EVE undir því nafni sem þeir þekkjast í leiknum. Blöðin eru því skrifuð og fjármögnuð í EVE-heiminum en prentuð, gefin út og lesin í raunheiminum.



# Róluvöllur en ekki rússíbani

EVE Online er hlutverkaleikur sem gerist í geimnum og er spilaður gegnum internetið. Spilarar eru allir saman í einum sýndarheimi og geta haft samskipti sín á milli hvort sem þau eru góð eða slæm. Frelsið í EVE er mikið og ímyndunaraflið í raun það eina sem takmarkar hvað spilarinn vill gera í leiknum.

Sumir kjósa að stunda viðskipti og byggja upp fyrirtæki sem framleiða og selja geimskip eða aðra hluti, aðrir eyða tíma sínum í að fljúga um á sjóræningjageimskipi og hrella saklausa kaupmenn. Enn aðrir ganga til liðs við stór fyrirtæki sem berjast hatrammlega um yfirráð yfir svæðum í EVE-heiminum og fjölmargir kjósa einhverja blöndu af þessu eða eitthvað allt annað.



Hilmar kallar EVE frekar sýndarheim en tölvuleik. EVE er miklu meira ákveðin upplifun. Spilarinn fer inn í þennan heim og er með fólki að vinna að einhverjum ákveðnum markmiðum miklu frekar en að fara og spila einhvern tölvuleik. Þetta gengur miklu meira út á það að hitta vini sína og leika sér með þeim.“

Hann líkir EVE við róluvöll á meðan hefðbundnir tölvuleikir líkjast frekar rússíbanagarði. „Í rússíbanagarði stendurðu í biðröð, ferð í rússíbanann og skemmtir þér. Það er hins vegar tilbúin skemmtun, allt í plati. Á róluvellinum eru krakkar, sumir eru með skóflur, einhverjir eru að lemja aðra í hausinn og einhver stelur leikföngum af öðrum. Það er kannski ekki jafn gaman og rússíbaninn, en það er raunverulegt.“



Alls kyns gleðiskart sem glóir í kvöldrökkrinu
GLEÐISKART
179 KR.
VELJIÐ SJÁLF!
KAFFIPAKKI
179 KR.
500g
6 amerískar pönnukökur (skonsur)
Góðar í ristina eða örbylgjuna!
6 amerískar pönnukökur
298 KR.
300g
Allt fyrir gleðina!
bonus.is
Þessir dásamlegu blómavasar vilja taka þátt í gleði dagsins...
Áströlsk hönnun
Verð áður 1299KR.
VERVE VASI
499 KR.
VELJIÐ SJÁLF!
30% afsláttur
við kassann
Svínasnitsel *kílóverð
1189 kg KR.
MERKT VERÐ 1698KR
ÍSLANDS GRÍS
Byrjum daginn með alúð!
EKKERT BRUÐL
Létt ab mjólk
Ilmurinn fyrir gleðidaginn!
Unaðsleg angan...
US ilmkerti
399 KR.
ILMKERTI
Gott fyrir skrokkinn!
Gott fyrir samviskuna!
20 BRÉF Í PAKKA
199 KR.
SPIKFEIT OG BRAGÐGÓÐ LAMBARIF
SPIKFEIT OG KRASSANDI RIF
259 kg KR.
MERKT VERÐ 399KR
35% afsláttur
við kassann
FROSNIR LAXABITAR
999 KR.
KÍLÓVERÐ
BEINLAUSI FROSNI LAXINN
FRÁ NORÐANFISKI
Prentum út myndirnar strax í kvöld!
180g VATNSHELDUR GLANSPAPPÍR
20 A4 blöð
499 KR.
MYNDAPAPPÍR
Ljósmyndapappír 20 blöð *180g A4
Villibráðarkryddaðar framhryggjarsneiðar með rifi
FRAMHRYGGJARSNEIÐAR MEÐ RIFI (VILLIKRYDD)
1199 kg KR.
MERKT VERÐ 1998KR
40% afsláttur
við kassann
BAUNIR/GULRÆTUR
98 KR.
680g
SKÖTUSELUR roð- og brjósklaus, 600g
Frábær frosin afurð - frábært verð!
ROÐ OG BRJÓSKLAUS SKÖTUSELUR
998 KR.
600g
Skötuselur
KLÁR Á GRILLIÐ!
Engar afsakanir! Myndaðu Mundu frænku!
Þægileg lítil og létt
MYNDAVÉL
299 KR.
EINNOTA
27 mynda einnota myndavél
400 ASA með flassi
10 x 80g
699 KR.
MERKT VERÐ 999KR
10 x 115g
979 KR.
MERKT VERÐ 1399KR
5 x 200g
909 KR.
MERKT VERÐ 1299KR
30% afsláttur
við kassann
Bónus hamborgarar 80g - 115g og 200g
FROSNIR OG FRÁBÆRIR
XL hamborgarabrauð * 4 í pakka
4 XL brauð
98 KR.
XL
4 trölla hamborgara brauð!
Skelltu þér í bæinn!
2 myndbandsspólur
799 KR.
480 mínútur
480 mínútur alls!
Taktu upp dagskrána!
FROSNAR SVÍNALUNDIR
1599 KR.
kílóverð
ÍRSKAR FROSNAR SVÍNALUNDIR
www.bonus.is



**BREYTTIR TÍMAR** Colin Farrell og Jamie Foxx eru crockett og Tubbs nýrra tíma í Miami Vice bíómyndinni. Þeir eru að vonum flottir í tauinu en karlatískan er orðin það fjölbreytt að þeir munu varla valda neinum straumhvörfum líkt og forverar þeirra.

Lögregluþættirnir Miami Vice eru ein besta heimildin um strauma og stefnur í tónlist og fatatísku níunda áratugarins. Þeir voru þó ekki aðeins aldarspegill því þeir höfðu mótandi áhrif á fata- og dægurmenningu áranna sem kennd eru við „sítt að aftan“.



**HETJUR NÍUNDA ÁRATUGARINS** Crockett og Tubbs komu ferskir inn um miðjan níunda áratuginn enda höfðu aðrir eins stælgæjar aldrei áður barist gegn glæpahyski í bandarísku sjónvarpi.

# Tískulögga í hvítum skóm

Einhverra undarlegra hluta vegna þykir margt það besta sem gert var í tónlist, kvikmyndum og sjónvarpi á níunda áratugnum átakanlega hallærislegt í dag. Líklega hefur þetta mest að gera með fatatísku tímabilsins sem er vissulega skelfileg þegar horft er um öxl.

Lögguþættirnir Miami Vice eru eins „eitís“ og hugsast getur og eru í raun frábær heimild um tíðaranda þessa bleika áratugar sem gat af sér ófá tískuslysin í tónlist, fatnaði, sjónvarpi og kvikmyndum.

Þættirnir sjálfir eldast hins vegar ágætlega enda voru þeir byltingarkenndir á sínum tíma og hafa haft meiri áhrif á seinni tíma sjónvarpsefni en margan grunar og hljóta að teljast til bestu menningarafurða tímabilsins.

### Metródalsmaðurinn

Leynilögreglan Sonny Crockett var þungamiðja þáttanna og leikarinn Don Johnson fór mikinn í hlutverki hans en frægðarsól hans hefur aldrei risið jafn hátt og þegar hann komst í fataskáp Crocketts.

Fötin sköpuðu manninn í þessu tilfelli, bæði hvað leikarann og persónuna varðar og Johnsons er helst minnst fyrir klæðaburðinn sem hafði gríðarleg áhrif á karlatísku níunda áratugarins.

Fatahönnuður þáttanna lagði mikla áherslu á að föt Crocketts væru þægileg, kæruleysisleg en um leið smart. Hann var því jafnan í ljósum eða hvítum jökkum, víðum buxum, ermalausum bolum í pastellitum og ætíð berfættur í óreimuðum skóm. Þá skartaði hann jafnan þriggja daga skeggi, svörtum sólgleraugum og reykti í nánast hverju atriði. Þarna var kominn fram töffari nýrra tíma og margir vilja meina að Johnson hafi í hlutverki Crocketts verið frumútgáfa metrómannsins svokallaða; útlit hans var útpælt og hann var karlmennskan holdi klædd í mjúkum litum en með Miami Vice var pastellitum rudd braut inn í karlatískuna.

### Hallærisgaurar á útleið

Bandarískar sjónvarpslöggur höfðu hingað til meira eða minna verið hálfgerðir hallærisgaurar; sjúskaðir durtar sem höfðu um allt annað að hugsa en fataval og litasamsetningu.

Framleiðendur Miami Vice voru ákveðnir í því að kynna nýja tegund löggutöffara til sögunnar og skýldu sér á bak við það að Crockett og Tubbs væru engar venjulegar löggur. Þeir væru leynilöggur í gervi eiturlyfjasala og þyrftu því að klæða sig og hegða sér í samræmi við það. Þess vegna gátu þeir keyrt um á Ferrari , siglt hraðbátum og klætt sig í föt sem engin lögregla á venjulegum launum hefði efni á.

Philip Michael Thomas lék Tubbs, félaga Crocketts, og mátti láta sér lynda að standa í skugga Johnsons. Tubbs var stillt upp sem andstæðu Crocketts í fatavali. Hann var öllu virðulegri, jafnan í tvíhnepptum jakkafötum með silkimjúka áferð.

Saman höfðu þessar tvær persónur gríðarleg áhrif á klæðaburð karlmanna á níunda áratugnum sem stældu þá báða í gríð og erg þó losaralegur klæðaburður Johnsons hafi vissulega náð meiri hylli.

### Tónlistarmyndbönd og skotbardagar

Miami Vice þættirnir frískuðu heldur betur upp á staðnaða lögguþáttaflóruna í bandarísku sjónvarpi árið 1984 enda vildi höfundur þeirra, Anthony Yerkovich, gera eitthvað nýtt.

Sagan segir að grunnhugmyndin að Miami Vice hafi verið sú að gera lögguþátt undir áhrifum MTV. Andi MTV svífur því yfir vötnum í Miami, bæði í klippingum og sviðsmyndum, auk þess sem heilu tónlistarmyndböndin voru fléttuð inni í söguþráð þáttanna. Þetta er óneitanlega ódýr aðferð til þess að teygja á söguþræðinum en þessi vinnubrögð tíðkast enn þann dag í dag. Í tilfelli Miami Vice þjónaði tónlistin þó ákveðnum tilgangi og lögin sem komust að í þáttunum voru öll vinsæl þegar þættirnir fóru í loftið og styrktu þannig tengsl áhorfenda við þættina og tónlistariðnaðinn.

Miami Vice voru stílfærðari þættir en áður þekktist í amerísku sjónvarpi og mikil vinna var lögð í sviðsmyndir, búninga, tónlistarval og allt þess háttar. Leikstjórinn Michael Mann var einn framleiðenda þáttanna og honum er eignaður heiðurinn af glæsilegri umgjörðinni og „Miami Vice-stílnum“ eins og hann leggur sig. Mann gerði enda í raun engan greinarmun á kvikmyndum og sjónvarpi og leit á hvern þátt sem 50 mínútna bíómynd.

### Réttir menn á réttum tíma

Miami Vice var ekki spáð langlífi í fyrstu og NBC-sjónvarpsstöðin hafði ekki meiri trú á þáttunum en svo að hún setti þá á dagskrá klukkan 22 á föstudagskvöldum sem þótti vonlaus tími fyrir nýja þætti þar sem þeir máttu þá etja kappi við rótgróna þætti á borð við Dallas.

Miami Vice náði þó strax vinsældum og eftir fyrsta árið fengu þættirnir fimmtán tilnefningar til Emmy-verðlauna. Þeir voru því greinilega komnir til að vera og voru framleiddir til ársins 1989. Þættirnir lifa þó enn góðu lífi enda verður framlag þeirra til poppmenningarinnar og áhrif á tískustrauma seint vanmetið. Endurútgáfur þeirra á DVD-diskum seljast vel og þeir eru þeim sem muna tímana tvenna ofarlega í huga þessa dagana eftir að Michael Mann blés nýju lífi í Crockett og Tubbs með stórmyndinni Miami Vice þar sem stórstjörnurnar Colin Farrell og Jamie Foxx fylla skörð Johnsons og Thomas. ■



**RICARDO TUBBS** Var öllu formlegri í klæðaburði en Sonny Crockett og mætti jafnan til leiks í skotbardaga uppádressaður í tvíhnepptum jakkafötum með bindi.



**SONNY CROCKETT** Don Jonson gerði Miami lögguna að einu helsta karlmennsku „íkoni“ níunda áratugarins og kerði þriggja daga skegg og kæruleysislegan en snyrtilegan klæðaburð að lífseigu tískufyrirbæri.

## Rokseldi tvíhneppt jakkaföt

Sævar Karl Ólason klæðskeri hefur klætt íslenska karlmenn áratugum saman og man vel eftir því þegar Miami Vice-tískubylgjan skall á Íslandsströndum. „Þessi stíll var ríkjandi á tímabili og við seldum mikið af þessum tvíhnepptu jökkum,“ segir Sævar Karl sem vill þó ekki meina að Miami Vice hafi beinlínis haft stórkostleg áhrif á karlatískuna þó fjölbreytni í fatavali karla hafi vissulega aukist þegar þættirnir voru upp á sitt besta.

Sævar Karl dregur það í efa að Don Johnson hafi verið fyrsti metrómaðurinn og leyfir sér að efast um tilvist metrómannsins enda virðist honum helst ætlað að gera of mikið úr eðlilegri snyrtimennsku karlmanna. „Ég átta mig ekki alveg á hvert er verið að fara með þessu hugtaki. Venjulegir menn raka sig bara og líta í spegil en ég held að þeir séu ekkert endilega mikið að krema sig.“



Þrátt fyrir fjölbreytileika karlatískunnar í dag segir Sævar Karl margt benda til þess að fatasmekkur manna sé á niðurleið. „Það er mjög auðvelt fyrir karlmenn að finna sinn eigin stíl nú til dags en samt eru þeir ansi margir frekar fátæklegir og það er eins og þeir eigi hvergi heima. Menn virðast aðallega vera uppteknir af tölvum, tæknitólum og einhverjum græjum í stað þess að huga að klæðaburðinum. Menn eiga að fara í fatabúðir og hitta klæðskerann sinn reglulega þó það væri ekki nema bara til þess að spjalla við hann. Það er svo miklu meira í boði en áður fyrr en sum fyrirtæki lögðu mikla áherslu á Miami Vice-stílinn í sínu úrvali á þessum árum,“ segir Sævar Karl sem klæðir flesta viðskiptavini sína í Armani föt.

# ASUS

## TRAUSTAR OG HRAÐVIRKAR

## HÁGÆÐA FARTÖLVUR

## TILBÚNAR Í SKÓLANN

MEÐ WINDOWS XP PROFESSIONAL




INNBYGGÐ VEFMYNDAVÉL

**TASKA OG MÚS** FYLGIR ÖLLUM FARTÖLVUM

**ASUS** A3HF-5A017P

- Intel Celeron M420 1.6GHz örgjörvi
- 1GB DDRII 533MHz vinnsluminni
- 80GB 4200rpm harður diskur
- Intel 940GML Express skjákort
- 8x DVD +/-RW Dual Layer skrifari
- Þráðlaust net
- Windows XP Professional stýrikerfi
- 1.3 MegaPixel vefmyndavél
- ASUS taska og mús fylgir

**KYNNINGARVERÐ**

**AÐEINS 99.990**

FULLT VERÐ kr. 109.990

WINDOWS XP PROFESSIONAL
**FYLGIR ÖLLUM VÉLUNUM**

Windows PROFESSIONAL **FYLGIR**

**INTEL CELERON M420 1.6GHZ ÖRGJÖRVI** | **INNBYGGÐ VEFMYNDAVÉL** | **DVD+/- RW DUAL LAYER SKRIFARI**




**ASUS** A6M-Q001P

**AMD SEMPRON 3200+ ÖRGJÖRVI**
**DVD+/- RW DUAL LAYER SKRIFARI**
**INNBYGGÐ VEFMYNDAVÉL**

- AMD Sempron 3200+ 1.8GHz örgjörvi
- 512MB DDR 677MHz vinnsluminni
- 80GB 5400rpm harður diskur
- NVIDIA GeForce Go 6100 128MB skjákort
- 8x DVD+/- RW Dual Layer skrifari
- Þráðlaust net
- Windows XP Professional stýrikerfi
- Innbyggð vefmyndavél
- ASUS taska og mús fylgir

TASKA OG MÚS FYLGJA MEÐ

**KYNNINGARVERÐ**

**VERÐ 109.990**

FULLT VERÐ kr. 124.990




**ASUS** A6F-AP009P

**INTEL YONAH CORE DUO T2300 1.66GHZ ÖRGJÖRVI**
**DVD+/- RW DUAL LAYER SKRIFARI**
**INNBYGGÐ VEFMYNDAVÉL**

- Intel Yonah Core Duo T2300 1.66GHz örgjörvi
- 1GB DDRII 533MHz vinnsluminni
- 100GB 5400rpm harður diskur
- Intel 945GM skjákort
- 8x DVD+/- RW Dual Layer skrifari
- Þráðlaust net
- Windows XP Professional
- Innbyggð vefmyndavél
- ASUS taska og mús

TASKA OG MÚS FYLGJA MEÐ

Windows PROFESSIONAL **FYLGIR**

**KYNNINGARVERÐ**

**AÐEINS KR. 9.999**
**Á MÁNUÐI Í 14 MÁNUÐI**

**VAXTALAUST!**

**EÐA KR. 139.990 STAÐGREITT**




**ASUS** A7M-7S002P

**AMD MOBILE TURION64 X2 TL50 64 BITA ÖRGJÖRVI**
**DVD+/- RW DUAL LAYER SKRIFARI**
**INNBYGGÐ VEFMYNDAVÉL**

TASKA OG MÚS FYLGJA MEÐ

- AMD Mobile Turion64 X2 TL50 64 bita örgjörvi
- 1GB DDRII 667MHz vinnsluminni
- 100GB 5400rpm harður diskur
- Nvidia GeForce Go 6100 128MB skjákort
- 8x DVD+/- RW Dual Layer skrifari
- Þráðlaust net
- Windows XP Professional
- Innbyggð vefmyndavél
- ASUS taska og mús

Windows PROFESSIONAL **FYLGIR**

**KYNNINGARVERÐ**

**AÐEINS KR. 12.499**
**Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI**

**VAXTALAUST!**

**EÐA KR. 149.990 STAÐGREITT**

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2006

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

**UMBOÐSMENN UM LAND ALLT** ▶ REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Þristur, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Kákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Verslunin Vík, Egilsstöðum. Verslunin Vík, Neskaupsstað. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Turnbræður, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Verslunin Vík, Reyðarfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Brimnes, Vestmannaeyjum. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tölvuspítalinn, Grindavík. Rafeindatækni, Keflavík. Raflagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði.



# Lambaveisla alla helgina í Nóatúni

Sparaðu 300 kr.

LAMBALÆRI
MEÐ FERSKUM KRYDDJURTUM
ÚR KJÖTBORÐI
1.498 kr. kg

Úr Kjötborði Nóatúns



Úr Kjötborði Nóatúns

LAMBALÆRI AF NÝSLÁTRUÐU
ÚR KJÖTBORÐI
1.598 kr. kg.



Úr Kjötborði Nóatúns

LAMBAHRYGGUR AF NÝSLÁTRUÐU
ÚR KJÖTBORÐI
1.698 kr. kg.



Úr Kjötborði Nóatúns

LAMBA SÚPUKJÖT AF NÝSLÁTRUÐU
ÚR KJÖTBORÐI
498 kr. kg.




GÓU TVENNA
HRAUN- OG ÆÐIBITAR
349 kr. pk.




NESTLÉ
ÍS 3 GERÐIR
399 kr. pk.




ST. DALFOUR
SULTUR
299 kr. pk.

Grand' Italia pasta




verð frá 99 kr.

TSZZZ


Hvúmm
Bestir í kjöti
NÓATÚN
í 40 ár
Úr Kjötborði Nóatúns
Úr Kjötborði Nóatúns
Lífræn hollusta
Úrval
af lífrænum vörum
í Nóatúni
GRILLSPJÓT
NAUTAFILLET M. SVEPPUM
OG RAUÐLAUK
598 kr. stk.
GRILLSPJÓT
GRÍSAFILLET
TOSKANA
298 kr. stk.
40% afsláttur
Úr Kjötborði Nóatúns
MÓA KJÚKLINGUR 1/1
FERSKUR
499 kr. kg.
NÓATÚNS GRILLBAKKAR
EINFALT OG GOTT Á GRILLIÐ
Verð frá:
298 kr. pk.
GRILL KARTÖFLUR
FYLLTAR M. MOSARELLA OG BEIKONI
998 kr. kg.
Lifðu lífinu í lit!
NÓATÚN
RAUÐ EPLI
149 kr. kg.
SÆTAR KARTÖFLUR
249 kr. kg.
PERUR
229 kr. kg.
AVOCADO
369 kr. kg.
PLÓMUR
249 kr. askjan
=
5 á dag
...mmm NÓATÚN -hljómar vel!



**2** **ARRIVAL - ABBA** Ástæðan fyrir því að Arrival er á þessum lista er sú að Dancing Queen er á þessari plötu og líka lagið Does your mother know?







**1** **SCISSOR SISTERS - SCISSOR SISTERS** Þetta er gayband. Forsöngvarinn er samkynhneigður og kærastinn hans er hljómborðsleikarinn og lagahöfundurinn. Samkynhneigðir meðlimir þessara hljómsveitar eru í meirihluta en hvort platan sé jafn gay og Older, plata George Michael, skal ósagt látið. Þeir eru ekki í neinni sjálfskoðun heldur vilja bara partí.

# Bestu hommaplötur allra tíma

Sunday Times birti fyrir skömmu topp tíu lista yfir bestu hommaplötur allra tíma. Þar kennir ýmissa grasa en í efsta sæti er sveitin Scissor Sisters með samnefnda plötu. Fréttablaðið fékk Pál Óskar Hjálmtýsson til að segja sitt álit á þessu vali og nefna sinn eigin topp fimm lista yfir plötur sem verða að vera til á hommaheimilum.

„Mér sýnist þeir fyrst og fremst vera með stúdíóplötur ákveðinna listamanna. Það eru hins vegar engar safnplötur eða gretast hits plötur á þessum lista," segir Páll Óskar Hjálmtýsson um topp tíu lista Sunday Times yfir bestu hommaplöturnar. „Að mínu áliti eiga að vera til safnplötur á hverju heimili og þess vegna er ég svolítið hissa á þessum lista. Þar að auki er hvergi minnst á Eurovision og þar datt andlitið af mér."

Þegar Páll Óskar var beðinn að lýsa hinu fullkomna hommlagi lét svarið ekki á sér standa: „Hlustaðu bara á lag númer átta á plötunni Seif. Lagið heitir Stanslaust stuð og er hin fullkomna uppskrift að því hvernig hommalag á að vera."

Páll Óskar mun leika á Gaypride-balli á Nasa í kvöld. Palli byrjar að spila á slaginu ellefu, um leið og húsið opnar, en honum til halds og trausts verða ýmsir listamenn svo sem Nana úr Idolinu, Bjartmar Þórðarson og Friðrik Ómar. „Ég verð illa svikinn ef ein eða tvær draggdrottningar mæta ekki upp á svið og taka eitt eða tvö lög," segir Páll Óskar sem mun eflaust spila nokkur lög af plötunum sem minnst er á hér á síðunni í kvöld.

**3** **VAUXHALL AND I - MORRISSEY** Ég skal játa dauðasynd sem er sú að ég var aldrei mikill Smiths aðdáandi og Morriseey er óplægður akur fyrir mér. Ég veit það útundan mér að Morrissey er hommi og einn besti textahöfundur í heimi ef ekki sá besti. Ég hef ekki lagt mig í líma við að hlusta eftir honum sem sýnir það kannski og sannar hvað hommar og lesbíur hafa ólíkan smekk, þetta er ekki svart og hvítt. Þótt við séum samkynhneigð erum við ekki steypt í sama mót. En ef einhver er til í að kynna Morrissey fyrir mér er aldrei að vita nema ég sperri eyrun.





**7** **EROTICA - MADONNA** Ég er ekki sammála þessu vali. Hommalegasta plata sem Madonna hefur gert er Confessions on the dancefloor. Það er sama með hana og Kylie Minogue að hún er að taka ofan hattinn fyrir hommunum sem elska að dansa. Þeir eru tilfinnilegalega frjálsir og halda upp á það með því að dansa. Tónlistin er þeirra kraftur og þeir sækja sér kraft þangað. Madonnu tekst best til með það á nýjustu plötu sinni.



**4** **LIGHT YEARS - KYLIE MINOGUE** Þetta er mun hommalegri plata en Fever sem kom út tveimur árum seinna. Þessi plata var eiginlega þakkargjörð Kylie til hommanna. Þeir hafa alltaf haldið einhverri tryggð við Kylie frá fyrsta degi. Hún hefur alltaf troðið upp á hommaklúbbum og þó hún sé orðin stjórstjarna gerir hún lítil hommagigg af og til.



**8** **I AM A BIRD NOW - ANTONY AND THE JOHNSONS** Ég er hjartanlega sammála þessu vali. Kannski fallegasta trönsuplata sem ég hef heyrt. Um það að Antony vill vera kona. Platan fjallar öll um það. Hún er matreidd á svo einlægan og fallegn hátt að meira að segja gagnkynhneigt fólk skilur þörfina að vera eitthvað annað en það er.



**6** **WELCOME TO THE PLEASUREDOME - FRANKIE GOES TO HOLLYWOOD** Þessi plata er á listanum einfaldlega vegna þess að Holly Johnson er gay og meðsöngvari hans líka. Frankie Goes to Hollywood er strákaband, svona eins og Boyzone og Take That. Þetta voru straight gaurar sem var raðað saman í súpergrúppu. Frankie er samt líka Trevor Horn sem er magnaður útsetjari og lagahöfundur. Hann hefur skilað af sér hverri snilldinni á fætur annarri.

**9** **BAD GIRLS - DONNA SUMMER** Þetta er snilldarverk Donnu Summer. Tvöföld plata, fimmtán lög og þar af sjö smáskífur. Lög á borð við Bad girls, Hot Stuff, Our Love, Lucky – listinn er endalaus. Það er ótrúlegt að gefa út tvöfalda plötu á miðjum ferlinum, þegar allir héldu að batteríin væru búin. Hún naut dyggrar aðstoðar Giorgio Moroder og Petes Bellotte.



**10** **THE MAN WHO SOLD THE WORLD - DAVID BOWIE** David Bowie er fyrir mér eins og Morrissey, það á eftir að kynna hann fyrir mér. Ég þekki bara Let´s Dance plötuna og kann hana reyndar utan að. En Bowie á svo sannarlega heima á þessum lista því hann er alltaf að leika sér að kynhneigð sinni og kynhlutverkinu. Svona eins og poppstjörnur eiga að vera. Þær eiga að vera hættulegar og ógna umhverfi sínu og fá fólk til að spyrja sig spurning og þar er Bowie fremstur meðal jafningja.



**5** **OLDER - GEORGE MICHAEL** Þarna er George Michael kominn út úr skápnum. Ofsalega falleg sjálfsskoðun hjá honum.




ÁRBÆJARSAFN - GOTT HEIM AÐ SÆKJA

OPIÐ ALLA DAGA Í SUMAR FRÁ 10 - 17

*Nánari upplýsingar á vefslóðinni*
*www.minjasafnreykjavikur.is*

Minjasafn Reykjavíkur
ÁRBÆJARSAFN





## SKYLDUEIGN HOMMAHEIMILA SAMKVÆMT PALLA

**1. 50 ÁRA SAGA EUROVISION (BÁÐIR TVÖFÖLDU DISKARNIR)** Eurovision er ákaflega hátt skrifað fyrirbæri hjá hommum og reyndar lesbíum líka.

**2. ABBA GOLD - ABBA.** Þetta er næstum því hin fullkomna safnplata. Abba var kannski mögulega besta hljómsveit í heimi og þetta er svo sannarlega tímalaus tónlist. Það er svo skrítið að poppið étur sig sjálft, fer í hringi og dettur úr tísku en Björn og Benny eru það flottir og magnaðir tónlistarmenn og útsetjarar að lögin standa tímans tönn. Lögin, textarnir og upptökurnar eru gjörsamlega tímalausar. Það eru til margar kynslóðir Abba aðdáenda og þeim fer bara fjölgandi.

**3. IMMACULATE COLLECTION - MADONNA.** Immaculate conception er meygetnaðurinn en Madonna kallaði hana collection.

**4. DUSTY SPRINGFIELD - DUSTY IN MEMPHIS.** Uppáhalds lesbían mín í öllum heiminum. Örugglega besta söngrödd sem mannkynið hefur fengið að heyra. Memphis-platan er meistaraverkið hennar. Innihélt meðal annars slagarann Son of a Preacher Man.

**5. OLDER - GEORGE MICHAEL** Þarna er George Michael kominn út úr skápnum. Ofsalega falleg sjálfsskoðun hjá honum.

# BT

# VERÐLAUNA-TÖLVA!

nýjasta tæknin

15,4"



FUJITSU COMPUTERS SIEMENS

S26391-K159-V900
FSC AMILO PI 1536

Intel Centrino Duo T2300E
15.4" WXGA Crystal View (1280 x 800)
ATI Mobility Radeon x1400 128MB
- up to 512MB Hypermemory
1024MB DDR533 vinnsluminni
100GB SATA 5400rpm Harður diskur
DVD skrifari Dual Layer
WiFi LAN Intel 3945ABG
Kortalesari 4 - 1
IEEE 1394 - DV Ready
7.1 Hljóð í gegnum SPDIF
Express Card rauf

Computer Buyer BEST BUY

**Centrino Duo**
Allt að tvöföld afköst frá eldri örgjörvum.

High Definition (HD) stuðningur fyrir kvikmyndir, leiki og ljósmyndir

Betri rafhlöðuending með Centrino DUO – Allt að 28% meiri ending á rafhlöðu.

Endurbætt þráðlaust net. Meira öryggi, lengri drægni og minni truflun frá umhverfi

**ATI Radeon X1400**
Eitt kraftmesta skjákortið fyrir þunnar og léttar fartölvur. Stuðningur fyrir High Definition kvikmyndir, ljósmyndir og tölvuleiki sem keyra að sjálfsögðu á fullum hraða í High Definition. Þrátt fyrir mjög aukin kraft notar skjástýringin minna rafhlöðuafl en áður.

**Crystal View skjár™**
Með Crystal View tækninni verður skjámyndin litríkari og skarpari. Þú sérð vel á skjáinn þrátt fyrir að vera utandyra eða í mikilli birtu.

**Þráðlaust net**
- allt að 54 Mbit/sek tenging um loftin blá

100GB harður diskur

1GB vinnsluminni

Geggjuð græja

5.766**

NÝTT KORTA TÍMABIL

| 5.766 | 12.999 | 155.988 |
|---|---|---|
| **Tölvu- og tækjalán 36 mán. | Vaxtalaust 12 mán. | Staðgreitt |

# Þú finnur tölvuna í BT

12.000 lækkun

15,4"



**TrueBrite™ skjár**
- ótrúleg skerpa og dýpri svartur en þekkst hefur til þessa

**Centrino örgjörvi**
sparneytinn en öflugur örgjörvi sem hámarkar rafhlöðuendingu

Takmarkað magn

4.491**

Toshiba í fararbroddi í 20 ár

TOSHIBA

PSM70E-02J01YED
Toshiba Satellite M70-378
Intel Pentium M735A Centrino
15.4" Toshiba TruBrite WXGA skjár
Intel 915GM skjástýring
512MB DDR2 vinnsluminni
40GB Harður Diskur
DVD Skrifari (Dual Layer)
5-1 Kortalesari
-fyrir helstu gerðir minniskorta
WiFi 802.11b/g - þráðlaust net
DV Ready - iLink
4x USB2.0 tengi

| 4.491 | 9.999 | 119.988 |
|---|---|---|
| **Tölvu- og tækjalán 36 mán. | Vaxtalaust 12 mán. | Staðgreitt |

**Crystal View™ skjár**
- hvítur er hvítari og ljósmyndir lifna við á skjánum
- með WXGA upplausn nýtist plássið betur.

**AMD turion 64**
- 64 bita háhraðaörgjörvi fyrir kröfuharðar fartölvur
- Windows Vista samhæfður

**Þráðlaust net**
- allt að 54 Mbit/sek tenging

15.4"



VAR AÐ LENDA

5.336**

FUJITSU COMPUTERS SIEMENS

BAT:UK-N6EAS06-A1
FSC AMILO A1650G

AMD Turion 64 ML32 1.8GHz
15.4" WXGA Widescreen TFT
-with CrystalView Technology
ATI Mobility Radeon X200 Graphics
1GB Vinnsluminni
100GB Harður diskur
DVD skrifari - Dual Layer
Innbyggt þráðlaust netkort
Microsoft Windows XP home edition
Microsoft Works 8

**Amilo A línan**
Amilo A vélarnar innihalda allt sem folk í dag gerir kröfu til, en eru engu að síður á viðráðanlegu verði. Þær eru hugsaðar sem fjölhæfar alhliða tölvur.

| 5.336 | 11.999 | 143.988 |
|---|---|---|
| **Tölvu- og tækjalán 36 mán. | Vaxtalaust 12 mán. | Staðgreitt |



1299 kr. kg
1758
SS ítölsk helgarsteik
Ítölsk helgarsteik
31% afsláttur
296 kr. kg
429
Krónu kjúklingur blandaðir bitar
ýsa.is
Fjörfiskur forsteiktir ýsubitar
Goði skinka
249 kr/kg
HOLLT & GOTT
FIBER ONE
GM fiber one morgunkorn
199 kr/pk
20% afsláttur
Fjörfiskur spjátrungur ýsubitar
30% afsláttur
Queens hvítlauksbrauð
83 kr/stk
Kotasæla m. hvítlauk
99 kr/stk
Nóa banana-sprengjur
109 kr/stk
Kotasæla
89 kr/stk
Kotasæla m.ananas
99 kr/stk
Krónuís 2Ltr súkkulaði, vanillu
199 kr/stk
Virk Sam-keppni
SKEIFAN / BÍLDSHÖFÐI / HRINGBRAUT / BREIÐHOLT / NORÐURBRÚN / HVALEYRARBRAUT / MOSFELLSBÆR / SELFOSS / VESTMANNAEYJAR / ÞORLÁKSHÖFN
SKEIFAN: virkir dagar 11-19, laugardagar 11-19, sunnudagar 12-18
BÍLDSHÖFÐI: virkir dagar 11-19, laugardagar 11-19, sunnudagar 12-19
HRINGBRAUT: virkir dagar 11-19, laugardagar 11-19, sunnudagar lokað
BREIÐHOLT: virkir dagar 11-21, laugardagar 11-21, sunnudagar 12-21
NORÐURBRÚN: virkir dagar 11-21, laugardagar 11-21, sunnudagar 12-21
HVALEYRARBRAUT: virkir dagar 11-21, laugardagar 11-21, sunnudagar 12-21
MOSFELLSBÆR: Allir dagar 12-23
SELFOSS: virkir dagar 11-19, föstudagar 11-20, laugardagar 11-19, sunnudagar lokað
VESTMANNAEYJAR: virkir dagar 11-19, laugardagar 11-19, sunnudagar lokað
ÞORLÁKSHÖFN: virkir dagar 11-19, laugardagar 11-19, sunnudagar lokað



KRÓNAN
VIRK SAMKEPPNI
30% afsláttur
Goði naggar
30% afsláttur
Goði kjötbúðingur
99 kr. stk
199
Bioline pizza
350gr - 2 teg
Krónan alltaf hagstæð!
Vínber græn
199
kr/kg
Blómkál
158
kr/kg
Svali 3 í pakka
epla - appelsínu
- sumar
89
kr/pk
Melónur gular
88
kr/kg
Líf safi
-epla, -appaelsínu,
-blandað
89
kr/stk
Kötlu
kartöflumús
99
kr/pk
30% MEIRA MAGN
25% afsláttur
Zendium
barnatannkrem
147
kr/stk
Surf þvottaefni
7kg
1298
kr/pk
Alltaf tilboð alla daga




# STUÐ MILLI STRÍÐA Er normið normalt?

**JÓHANNA SVEINSDÓTTIR** RÆKTAR Í SÉR HOMMANN.



Ég hef alltaf sagt að það er gott að vera hommi og jafnvel betra að vera lesbía. Þessu hef ég haldið fram út af mörgum ástæðum en ein sú stærsta er Gay pride.

Gay pride dagurinn, sem er í dag, er eitt risastórt partí til heiðurs fólki sem þorir að vera það sjálft. Samkynhneigðir marsera út á götur, gefa brúnan í álit afturhaldssamra samfélagssystkina sinna og sameinast í gleði yfir því hversu gott það er að vera það sem maður er. Er þetta hreint hið besta partí og hið mesta þarfaþing þar sem allt of fáir í dag þora að vera sáttir við það sem þeir í raun eru. Krullhærðir slétta hárið sitt meðan slétthærðir krulla. Rokkarar eru jakkafatamenn, fólk flokkar mismunandi kynhneigð í réttan flokk eða rangan og eyðir óþarfa orku við að fela sig fyrir hinu ógnvænlega „normi“ það sem ekki má sjá. Þessu fáránlega „normi“ sem er hreint ekkert normalt.

Við föllum öll í þá gildru að gleyma því hversu frábær við erum bara eins og við erum, sama hver eða hvernig við erum. Því ætti að halda mun fleiri hátíðir einsog Gay pride fyrir alls konar fólk sem vill fagna ýmsum þáttum sínum sem það er stolt af. Blaðamenn gætu haldið Press pride og marserað sáttir við að vera ekki jafn fínir í tauinu og sjónvarpsstjörnurnar, ég gæti líka staðið fyrir Crying pride, göngu viðkvæmra kvenna, og við gætum grátið alla gönguna á enda. Ég gæti líka haldið Anti-Photoshop pride, göngu þeirra sem líta ekki út eins og tískutímaritafyrirsætur, eða göngu gagnkynhneigðra, bara svo hin ferkantaða lúðrasveitarstemning á 17. júní sé ekki það eina sem við fáum.

Í dag ætla ég því að rækta hommann í sjálfri mér og taka þátt í göngunni góðu. Þar ætla ég að fagna því að vera sú sem ég er, vel klæddur gagnkynhneigður blaðamaður, klökk yfir eigin æðislegheitum à la Húsfreyjutímaritið. Áfram gakk og góða skemmtun.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Af útlokun og innilokun

**Hvað má og hvað ekki í íslenskri leiklist? Hvaða vægi hefur hún í samfélaginu og er eitthvað til sem heitir góð eða vond leiklist?**



**SVIÐSLISTAHÓPURINN E.L.A FRUMSÝNIR Á ART FART** Friðgeir Einarsson og Karl Ágúst Þorbergsson rannsaka vægi leiklistar á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Þessar stóru spurningar eru á vörum tveggja leikhúsmanna sem vinna að rannsókn, tilraun og sýningu sem verður frumsýnd á sviðslistahátíðinni Art Fart í kvöld. Friðgeir Einarsson og Karl Ágúst Þorbergsson eru forsprakkar listahópsins E.L.A og aðstandendur rannsóknarinnar, sem hefur þegar borið ríkulegan ávöxt.

„Við höfum staðið fyrir vinnustofum í sumar þar sem listamenn og listnemar hafa tekið þátt og saman höfum við prófað okkur áfram með leiklistarformið,“ segir Friðgeir, „við höfum gert tilraunir með spuna, leiktækni og aðrar listgreinar og miðla.“ Afraksturinn er meðal annars fólginn í sýningunni „Lebanon is a good place for rebirth“ sem verður frumsýnd kl. 20 í kvöld. „Verkið er nokkurs konar tilraun en það fjallar um þrjá einstaklinga sem verða innlyksa á hótelbar þegar styrjöld brýst út í Beirút í Líbanon. Gestirnir fara að spyrja sig tilvistarlegra spurninga og síðan leysist barinn upp og þau lenda í fleiri ævintýrum,“ segir Friðgeir en vill samt lítið láta uppi með framvindu verksins enda myndi það ef til vill spilla fyrir upplifun áhorfenda og eins er atburðarásin nokkuð flókin. „Verkið tekur óvænta stefnu og persónurnar reyna að fóta sig í síbreytilegum veruleika þess,“ segir Friðgeir og þar við situr.

Leikritið er tilraunakennt en aðstandendurnir útskýra að það sé þó „með léttu ívafi“ og þó það sé illflokkanlegt segir Friðgeir að verkið sé máski lengst frá því að vera stimplað hádramatískt. „Við erum bæði að reyna að fóta okkur á eigin braut í forminu og jafnframt að reyna að laga formið að þeim hugmyndum sem við viljum koma á framfæri. Við þátttakendurnir höfum lagt stund á ýmis mannvísindi í háskólum og við höfum notað okkur það í vinnuferlinu og reynum að gera þau aðgengileg fyrir leikhúsgesti,“ segir hann.

Rannsóknin, sem unnin er með stuðningi Nýsköpunarsjóðs, heldur áfram en sýningarnar eru fyrirhugaðar nú um helgina og þá næstu. Á Menningarnótt, hinn 19. ágúst, verður opin sýning eða innsetning á vinnuferli verksins og rannsóknarinnar í húsi Ó. Jónssons & Kaaber þar sem gestir geta kynnt sér aðstæður og hugmyndafræði verkefnisins. **- khh**

## Jaðrar og mæri



**PÉTUR MÁR GUNNARSSON** Sýnir afskræmdan einfaldleika í Nýló. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Myndlistarsýningin „Sögur neðan jarðar“ verður opnuð í Nýlistasafninu kl. 16 í dag en þar sýna myndlistarmennirnir Pétur Már Gunnarsson, Johann Maheut frá Frakklandi og Toshinaro Sato frá Japan verk sín sem vísa til hinna margræðu hugtaka „þröskuldur“ og „mæri“. Annar hluti sýningarinnar fer fram í Frakklandi 2007 og munu þá fleiri íslenskir listamenn slást með í förina. Sýningin er opin til 3. september. **- khh**

PENETREITOR
Þri. 15 ágúst
Mið. 16 ágúst
Sun. 20 ágúst
allra síðustu sýningar
**** Glæsilegur Penetreitor - Dv
Hvergi að finna veikan punkt - Mbl
miðapantanir í síma:699-0913
vermordingjar.blogspot.com

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

KRINGLU KRÁIN
Sixties
í kvöld
Stór og fjölbreyttur sérréttamatseðill öll kvöld vikunnar



Aðsóknarmesta sýning síðasta leikárs!
Drepfyndinn gamanleikur í Reykjavík!
Miðasala er þegar hafin!

| | | |
|---|---|---|
| Laugardaginn | 12. ágúst | kl. 20:00 |
| Föstudaginn | 18. ágúst | kl. 20:00 |
| Laugardaginn | 19. ágúst | kl. 20:00 |
| Laugardaginn | 26. ágúst | kl. 19:00 |
| Laugardaginn | 26. ágúst | kl. 22:00 |

Á ÞAKINU
LEIKFÉLAG AKUREYRAR
Miðasala í síma 551 4700 // opið 13:00-17:00 // www.midi.is //Austurbæjarbíó – Snorrabraut 37







Sýnt í Landnámssetri í Borgarnesi
Sýningar í ágúst og september

Laugardagur 19. ágúst kl. 20 uppselt
Sunnudagur 20. ágúst kl. 15 örfá sæti laus
Sunnudagru 20. ágúst kl. 20 örfá sæti laus

Föstudagur 25. ágúst kl. 20 örfá sæti laus
Laugardagur 26. ágúst kl. 15 uppselt
Laugardagur 26. ágúst kl. 20 uppselt

Laugardagur 2. sept kl. 20
Sunnudagur 3. sept kl. 15
Sunnudagur 3. sept kl. 20

KVÖLDVERÐARTILBOÐ
Tvíréttaður matur og leikhúsmiði 4300 - 4800
Pantið miða tímanlega í síma 437 1600 Staðfesta þarf miða með greiðslu viku fyrir sýningardag.







AFSLÁTTUR 30 % AFSLÁTTUR

**DAVID leðurstóll**
Litir: Brúnn
Verð áður 28.500
**Verð nú 19.950**

AFSLÁTTUR 40 % AFSLÁTTUR

**COCO borð og 6 PORTOBELLO leðurstólar**
Stærð borðs 180x80
Verð áður 133.000
**Verð nú 79.800**





AFSLÁTTUR 40 % AFSLÁTTUR

**LOFT eikarborð og 6 ALCATRAZ stólar**
Stærð borðs 180x90
Verð áður 155.000
**Verð nú 93.000**

AFSLÁTTUR 60 % AFSLÁTTUR

**MAGGIORE leðurstóll**
Litir: Brúnn
Verð áður 39.000
**Verð nú 15.600**



AFSLÁTTUR 30 % AFSLÁTTUR

**TUTTI**
**húsgagnalínan**
**30% afsláttur**

AFSLÁTTUR 40 % AFSLÁTTUR

**40% afsláttur af smávöru**




AFSLÁTTUR 40 % AFSLÁTTUR

**PRINCESS borð og 6 LEA stólar**
Stærð borðs 200x90
Verð áður 124.000
**Verð nú 74.400**

FABRIKAN





50 % AFSLÁTTUR

**PISA leðursófi**
Litir: Brúnn
4ra sæta
Áður 148.000
**Nú 74.400**

30 % AFSLÁTTUR

**PISA leðurskemill**
Litir: Brúnn

| | | |
|---|---|---|
| 60x60 | Áður 28.000 | **Nú 19.600** |
| 40x40 | Áður 18.000 | **Nú 12.600** |

50 % AFSLÁTTUR

**LAGO leðurstóll**
Litir: Brúnn I Svartur
Verð áður 39.000
**Verð nú 19.950**

TEKK COMPANY
ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR
ÓTRÚLEGT VÖRUÚRVAL
BÆJARLIND 14-16

# ÚTSALAN ER HAFIN





30 % AFSLÁTTUR

**LISBOA baststóll**
Leðursessa
Verð áður 28.500
**Verð nú 19.800**

40 % AFSLÁTTUR

**ADAGIO leðursæti**
Litir: Ljós I Brúnn

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 4ra sæta | Áður | 159.000 | **Nú** | **95.400** |
| 3ja sæta | Áður | 133.000 | **Nú** | **79.800** |
| 2.5 sæta | Áður | 123.000 | **Nú** | **73.800** |
| Stóll | Áður | 79.000 | **Nú** | **47.400** |
| Tungusófi | Áður | 198.000 | **Nú** | **118.800** |

TEKK COMPANY

OPIÐ LAUGARDAG 10-18 OG SUNNUDAG 13-18

BÆJARLIND 14 -16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS



**> Við mælum með ...**

*... fjólubláum lit. Þessi litur hefur ekki verið áberandi upp á síðkastið en kemur sterkur inn í haustt ískuna.*

# útlit

utlit@frettabladid.is

## SMEKKURINN KOLFINNA MJÖLL ÁSGEIRSDÓTTIR KENNARI

# *Elskar að gera góð kaup og Kisan í uppáhaldi*



**Spáir þú mikið í tískuna?** Bara svona passlega mikið. Ég hef vissulega gaman af því að spá í og klæðast fallegum flíkum.
**Hvernig myndirðu lýsa stílnum þínum?** Litríkur, blanda af gömlu og nýju, kvenlegur,glys og glamúrskotinn. Breytilegur eftir dögum og tilefni.
**Uppáhaldshönnuðir eða fatamerki:** Ég á mér í raun engan uppáhaldshönnuð sem slíkan, ég spái frekar í falleg efni og snið.
**Flottustu litirnir:** Fjólublár, grænn, brúnn, appelsínugulur og gylltir tónar. Litir eru af hinu góða.
**Hverju ertu veikust fyrir:** Fallegum fylgihlutum, skarti, töskum og skóm. Setja algjörlega punktinn yfir i-ið.
**Hvaða flík keyptir þú þér síðast?** Nokkrar vel valdar flíkur á útsölu, þeirra á meðal grænan kjól á spottprís. Ég elska að gera góð kaup.
**Hvað finnst þér flottast í tískunni núna?** Fjölbreytileikinn.
**Hvað ætlarðu að kaupa þér fyrir sumarið?** Ég keypti mér nokkra kjóla, hálsmen og armbönd.
**Uppáhaldsverslun:** Gyllti kötturinn, Spútnik, Kolaportið og Kisan.
**Hvað eyðir þú miklum peningum í föt á mánuði?** Mjög misjafnt. Stundum engu en aldrei hættulega miklu. Það er helst að maður missi sig í útlöndum. Mér finnst líka mjög gaman að breyta gömlum fötum og sauma ný.
**Hvaða flíkur gætir þú ekki verið án?** Ekkert er algjörlega ómissandi en svartar þykkar leggings og hettupeysan mín eru ofarlega á listanum þessa dagana.
**Uppáhaldsflík:** Ljós kápa úr fataskáp tengdamömmu minnar er mjög vel heppnuð flík, vel sniðin og klæðileg.
**Hvert myndir þú fara í verslunarferð?** Kaupmannahöfn er kósí en ég væri líka alveg til í að skreppa til New York.
**Ljótasta flík sem þú hefur keypt þér:** Buffaloskórnir eru klassísk mistök sem fjöldi fólks þarf að horfast í augu við.En svo verð ég kannski búin að grafa þá upp eftir nokkur ár og spranga stolt um á þeim. Hver veit?



## MÓÐUR VIKUNNAR

### > ÁLFRÚN FER YFIR MÁLIN

# Máttur eftirlíkinganna

Við lestur á helstu tískuritum heimsins sér maður gjarnan eitthvað sem hugurinn girnist. Sérstaklega núna þegar allar nýju tískubólurnar fylla síðurnar og maður gjörsamlega slefar yfir nýjustu uppfinningum helstu fatahönnuða. En oftast eru þetta bara draumórar því það liggur við að það kosti morðfjár að bara horfa á flíkina hún er svo dýr.

En þess vegna eru búðir eins og Hennes & Mauritz, Topshop og 17 svo hentugar því þær gera fólki eins og mér kleift að eiga nýjustu tískuflíkurnar án þess að þurfa að lýsa sig gjaldþrota við kaup á einu Chanel belti eða klút frá Alexander McQueen. Þessar búðir eru snöggar að finna út hvaða litir og hvaða snið eru heitust þá stundina. Eini gallinn er samt sá að til þess að geta haft vöruna jafn ódýra og H&M og Topshop þarf að panta vörurnar í milljónatali, sem þýðir að maður situr alls ekki einn að gössinu. Aldeilis ekki, heldur á fatnaður Reykjavíkurmeyja það til að einkennast af nákvæmlega sömu litum og sniðum. En gott er að gera góð kaup þótt því fylgi vissulega gallar. Ef maður vill kaupa sjaldgæfar flíkur er nauðsynlegt að borga fyrir þann munað.

Frænka mín, sem hefur mikinn áhuga á tísku og öllu sem því tengist, sagði einu sinni við mig að það að eiga eftirlíkingu eða „fake" merkjavöru væri eins og að vera með sílíkonbrjóst. Að reyna að vera eitthvað sem maður er ekki. Þykjast hafa efni á einhverju sem maður hefur ekki efni á.

Mér finnst þetta vera merkilegt því ég hafði aldrei hugsað út í málið frá þeirri hlið. Er maður virkilega gervilegur þegar maður sprangar um göturnar með „fake" Chaneltösku og í eftirlíkingunni af Burberry-kjólnum sem Sienna Miller klæddist í Vogue og fæst fyrir smápeninga í Kringlunni? Ég virkilega vona ekki því að þangað til ég hef efni á hinum raunverulegu merkjavöru klæðist ég eftirlíkingum með glöðu geði. Þannig get ég tollað í tískunni án þess að fara á hausinn.




*Aðalvinningar dregnir út úr öllum innsendum skeytum. Vinningar verða afhentir í BT Smáralind, Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 99 kr/skeytið. Þú færð 5.mín til að svara spurningu.




**HIN NÝJA PEACHES GELDOF** Lily Allen er hressandi söngkona með frábæran fatastíl. Með litagleði sinni og tilraunakennds fatastíl er hún ferskur blær inní tískuheiminn.



**HIN NÝJA NAOMI WATTS** Kate Bosworth kemur sterk inn sem nýtt tískutákn. Hefur vakið athygli undanfarið fyrir geggjaða kjóla á rauða dreglinum.

**NAOMI WATTS** Þessi ástralska leikkona er mikið fyrir fallega kjóla og er með hið týpíska sætu stelpu útlit. Önnur leikkona hefur nú tekið yfir þann stall.



**PEACHES GELDOF** Hefur efni á því að ganga um í nýjustu hönnunarvörunum og hefur vakið athygli fyrir ferskan og rokkaðan stíl. Nú er önnur búin að taka við.



**HIN NÝJA DITA VON TEESE** Alison Goldfrapp er þekkt fyrir flottan stíl. Hún kemur oft fram í undirfötum einum klæða ásamt því að vera dúkkuleg í útliti eins og Dita Von Teese.



**DITA VON TEESE** Þessi skemmtilegi strippari og fyrirsæta er með alveg svakalega góðan smekk og svipar til gamallar kvikmyndastjörnu frá fjórða áratuginum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Leiðandi í tískuheiminum

Hvernig kæmust við af án þess að hafa ákveðnar konur til að leiða okkur í gegnum hina varfærnu stíga tískunnar. Það eru nefnilega ákveðnar konur sem geta klæðst hverju sem er og verið flottar. Oftar en ekki leggja þær línurnar fyrir komandi tískutíma. Allt fer þessum konum vel og þær hafa efni á að klæðast dýrustu hönnunarvörum á meðan við hinar verðum oftar en ekki að láta okkur linda eftirlíkingarnar sem fylla hillur tískuvöruverslana.

Ofurfyrirsætan Kate Moss og leikkonan Siennna Miller hafa verið góðar og flottar tískufyrirmyndir síðustu ára en auðvitað eldast þær eins og venjulegt fólk. Því erum konar nýjar og ferskar hugmyndir um arftaka þeirra og annarra kvenna sem hafa verið áberandi síðastliðin ár vegna fatastíls þeirra.

alfrun@frettabladid.is



**MAGGIE GYLLENHALL** Þessi unga leikkona hefur vakið mikla athygli fyrir stíl sinn. Hún er mikið fyrir second hand kjóla og „babydoll" kjóla. Nú er hins vegar önnur búin að taka yfir stíl Gyllenhall.



**HIN NÝJA MAGGIE GYLLENHALL** Abi Harding úr hljómsveitinni The Zutons er með flotta sviðsframkomu og nýtur þess að klæðast barnalegum og notuðum kjólum á tónleikum. Hún á fyllilega skilið að verða tískutákn framtíðarinnar.



**DROTTNINGIN** Kate Moss hefur ávallt trónað á toppnum hvað varðar fatasmekk og stíl. Nú telja spekingar hins vegar að hún sé að verða eldri og nýtt andlit verði að taka við.



**SIENNA MILLER** Hefur gert mikið fyrir tískuheiminn síðan hún skaust upp á stjörnuhimininn og hún á heiðurinn af mörgum tískubylgjum síðasta árs. Nú telja spekingar hins vegar að önnur sé að fara að velta henni af stalli.

**HIN NÝJA SIENNA MILLER** Natalie Press er ung leikkona á uppleið og hefur nú þegar vakið athygli fyrir afbragðsgóðan fatastíl. Það verður gaman að fylgjast með henni í framtíðinni.



**JENNIFER ANISTON** Þessi fallega leikkona hefur ekki síst lagt línurnar fyrir okkur hinar í fatastíl og þá sérstaklega í hárklippingum. Klipping hennar í Friends-þáttunum vakti mikla athygli í þá daga.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES



**HIN NÝJA ANISTON** Leikkonunni Ellen Pompeo svipar mjög til Aniston að því leyti að hún er mjög klassísk og mikið fyrir jarðliti og hinn klassíska svarta lit.



**HIN NÝJA KATE MOSS** Fyrirsætan Gemma ward er þrátt fyrir ungan aldur búin að vera lengi í bransanum og er því ekki amalegt að spekingar telja hana erfa flottan fatastíl Kate Moss.

# Klassísk og flott



Það er örugglega ekki auðvelt að vera yngri systir Parisar Hilton. Systurnar hafa verið mikið í sviðsljósinu undanfarið og þá sérstaklega partíljónið Paris. Litla systirin Nicky Hilton hefur því fallið í skuggann á Paris enda ekki jafn mikið fyrir sviðsljósið og rauða dregilinn og djammdrottningin stóra systir.

En Nicky er að springa út um þessar mundir og ber meira á henni núna en oft áður. Hún er byrjuð að láta meira á sér bera og orðin djarfari í klæðaburði. Nicky er með klassískan og flottan smekk sem sjaldan klikkar og virðist hún frekar kjósa að klæðast léttum kjólum en buxum. Hún á örugglega eftir að láta betur á sér kræla í framtíðinni. - áp

**HÁRAUTT** Hér sést Nicky í fallegum stuttum rauðum kjól sem fer henni vel.



**DISKÓKÚLA** Þessi fallegi silfurlitaði kjóll er eitthvað sem Paris mundi velja en hann fer Nicky einstaklega vel. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY-IMAGES





**KYNÞOKKAFULLT** Þessi klæðnaður er ekki hefðbundinn fyrir Nicky er hún tekur sig vel úr í háum hælum og niðurmjóum svörtum buxum.

**FLEGIÐ** Svartur kjóll klikkar aldrei og alltaf inn.



**SCARLETT JOHANSON** Þessi unga leikkona klæddist kjól eftir Ferretti á óskarsverðlaunahátíðinni og uppskar mikið hrós fyrir.



**KVENLEGUR** Flottur kjóll úr haustlínu Ferretti með tjulli og kvenlegu formi.



**SÆT** Falleg hvít kápa sem mundi sóma sér vel í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

# Kjólameistari

Hin ítalska Alberta Ferretti er þekkt í tískuheiminum. Hún er fædd árið 1950 og aldist hjá móður sinni sem var kjólahönnuður og því er hún búin að lifa og hrærast í þessu allt sitt líf. Ferretti opnaði sína eigin búð aðeins átján ára gömul og var þar með merki eins og Versace, Armani og Krizia. Þegar hún var 24 ára stofnaði Ferretti sitt eigið merki og í dag eru það 2 línur sem heita Alberta Ferretti og Philosophy.

Þessi kvenskörungur hefur einnig hannað kjóla fyrir önnur tískuhús á borð við Jean Paul Gaultier og Moschino. Aðalsmerki hennar er eins og fyrr segir kjólar úr léttum og fallegum efnum sem eru einstaklega vel sniðnir og draga það besta fram við hverja konu. Stjörnurnar eru mjög hrifnar af hönnun Ferretti og eru kjólar hennar vinsælir á rauða dreglinum. - áp



**FERRETTI** Hér er Alberta sjálf í öllu sínu veldi.


ÚTSALA 30 - 60% AFSLÁTTUR

Komið um helgina og gerið bestu kaupin




Sófasett svart hamrað leður 3+1+1
Verð áður: 241.670
Tilboðsverð nú: 129.000




Hægindasófasett Bycast leður. Svart/dökkbrúnt 3+1+1
Verð áður: 359.070
Tilboðsverð nú: 189.000




Tungusófi
Verð áður: 141.570
Tilboðsverð nú: 99.000




Borðstofuborð 200x100x72 Litur: Eik Natur
Verð áður: 84.370
Tilboðsverð nú: 49.000
Borðstofustóll PU - litir: svartur, hvítur og dökkbrúnn
Verð áður: 14.157
Tilboðsverð nú: 8.900
Borð og 6 stólar
Tilboðsverð nú: 95.000

Sjón er sögu ríkari




Sjónvarpsskenkur 220x58x50,5 Litur: Eik Natur
Verð áður: 97.955
Tilboðsverð nú: 59.000




Stofuskenkur 200x46x85 Litur: Eik Natur
Verð áður: 112.970
Tilboðsverð nú: 69.000

Komið og skoðið frábært úrval af glæsilegum húsgögnum nú með **30 - 60% afslætti.**
Seljum einnig minniháttar útlitsgallaðar vörur á enn lægra verði




Svefnsófi. Litir: ljós, dökkur og svartur
Verð áður: 69.900
Tilboðsverð nú: 49.000

BOHEMIA vöruhús

Askalind 2 - 201 Kópavogur
S: 544 2290 - www.bohemia.is
Opið Laugardag og Sunnudag 10 - 18

LAZBOY®

# ALLIR LAZBOY: VAXTA-LAUSAR GREIÐSLUR Í 12 MÁNUÐI*

* + lántökugjald og stimpilgjald

Dæmi:




GENOVA 2 sæta sófi
49.980

**GENOVA** 2 sæta leðursófi B150 x D78 x H80/43 cm.
Verð áður kr. **99.980.** Verð nú kr. **49.980**

Dæmi:




EVEDENCE 2 sæta sófi
49.980

**EVEDENCE** 2 sæta leðursófi. B145 x D90 x H95 cm.
Litur: Drappaður
Verð áður kr. **99.980.** Verð nú kr. **49.980**

Dæmi:




RUGBY 2 sæta sófi
29.980

**RUGBY** 2 sæta. B166 x D98 x H80 cm.
Litur: Ljósbrúnt.
Verð áður kr. **59.980.** Verð nú kr. **29.980**



**BENNET** LA-Z-BOY stóll klæddur **svörtu leðri** á slitflötum. Ruggustóll, hægt er að halla baki, þrjár stillingar á skemli. B 90 x D 95 x H 48/95 cm
kr. **70.800**

**VAXTALAUST Í 12 MÁNUÐI**

**5.900**
**á mánuði***

MasterCard VISA

## Gæða fataskápar á frábæru verði!



SPEED fataskápur
49.980

**SPEED** 4 hurða fataskápur með spegli. Kirsuber eða beyki.
B: 181 x D: 63 x H: 225 cm. Verð kr. **49.980.**

**OPIÐ ALLA DAGA** Mánudaga - Föstudaga 10-19 • Laugardaga 10-18 • Sunnudaga 12-18

# HÚSGAGNAHÖLLIN

Dæmi:



50% afsláttur

**TOSCANA** sensation áklæði sem hægt er að taka af og þvo í þvottavél.
**TOSCANA** 2 sæta sófi með viðarfótum. B155 x D93 x H49/83 cm.
Verð áður kr. **69.980.** Verð nú kr. **34.980**

**TOSCANA**
2 sæta sófi
**34.980**

# 50% afsláttur af völdum 2 sæta sófum

# 30-50% afsláttur

## af ÖLLUM garðhús-gögnum







**KENT** 5 hurða fataskápur með spegli. Kirsuber eða beyki.
B: 260 x D: 63 x H: 225 cm. Verð kr. **54.980.**

**KENT**
fataskápur
**54.980**







## FRÉTTIR AF FÓLKI



Ærslabelgurinn Jack Black hefur gert Óskarsverðlaunaleikarann Philp Seymour Hoffman að helsta óvini sínum í Hollywood. Black sakar nefnilega Hoffman um að stela öllum draumahlutverkunum sínum en sá síðastnefndi hefur farið á kostum í Capote og Cold Mountain. „Hoffman er kannski aðeins betri leikari en ég en hann getur aldrei stolið af mér gríninu,“ sagði Black en hann var á dögunum ráðinn sem kynnir á verðlaunahátíð MTV í New York.



Paul McCartney fer reglulega til læknis og lætur athuga „stressið“ á sér en mikið gengur á hjá honum enda er fyrir höndum erfiður skilnaður við fyrirsætuna Heather Mills. McCartney hefur verið umhugað um heilsu sína síðan að hann hætti að nota öll vímuefni og eru ferðirnar til læknisins hluti af forvörnum svo að allt þetta stress skaði ekki heilsuna. McCartney mætti á heilsugæslustöð í London ásamt dóttur sinni Mary og þótti sjónarvottum sem bítillinn fyrrverandi væri full fölur. McCartney kvartaði undan verkjum í brjósti og fór í kjölfarið í allsherjar læknisskoðun en niðurstöðurnar bentu til þess að hann þyrfti ekki að hafa áhyggjur.




# Ekki netinu að kenna

Michael Moore segir það vera vitleysu hjá stóru kvikmyndaverunum í Hollywood að niðurhal af netinu hafi stórvægileg áhrif á miðasölu á stórmyndirnar. „Myndirnar eru einfaldlega ekki nógu góðar um þessar mundir,“ sagði Moore en kvikmyndahátíð hans, Traverse City Films Festival, sló heldur betur í gegn og var uppselt á nánast allar sýningar. „Þetta sýnir að fólk vill ennþá fara í bíó en það vill sjá góðar kvikmyndir,“ bætti Moore við.

Árið 2005 var sögulegt því þá dróst miðasalan saman um 240 milljón færri miða en árið áður og hagnaður af miðasölu dróst saman um sex prósent. Kvikmyndaverin töldu ástæðuna vera þá að netverjar væru duglegri en áður að hala niður myndum af internetinu en kvikmyndahúsin óttuðust samkeppni frá stórbættum dvd-útgáfum kvikmyndaveranna. Moore segir það fásinnu að skella skuldinni á netið og dvd heldur eigi kvikmyndaverin að einbeita sér að framleiðslu betri kvikmynda.

Árið í ár hófst heldur ekki með neinum glæsibrag því stórmyndir á borð við Poseidon og Mission: Impossible stóðu engan veginn undir þeim væntingum sem til þeirra voru gerðar. Hins vegar rættist verulega úr sumrinu þegar þriðja myndin í X Men-flokknum leit dagsins ljós auk þess sem The Da Vinci Code naut mikillar hylli þrátt fyrir misjafna dóma. Superman Returns og Pirates of the Caribbean hafa síðan haldið miðasölunni uppi auk Miami Vice sem hefur fengið afbragðs aðsókn.



**MICHAEL MOORE** Hvetur kvikmyndaverin til að framleiða betri kvikmyndir í stað þess að skella skuldinni alltaf á netið þegar dræm miðasala er annars vegar.






# Skáld, rappari og draggkóngur



**DRAGGKÓNGUR ÍSLANDS 2006** Halldór Jónsson Maack deildi pólitískum ástarljóðum sínum með áhorfendum Draggkeppni Íslands og uppskar sigur í keppninni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Ég ákvað að lesa upp úr ljóðabókinni minni sem á að koma út um jólin," segir Halldór Jónsson Maack, draggkóngur Íslands 2006. Ljóðabókin ber heitið Ástin/One more time og endurspeglar þannig það sem Halldór er, nefnilega ljóðskáld/rappari. „Ég hef verið að vinna sem næturvörður á Mogganum en svo flutti Mogginn svo ég kemst ekki lengur í vinnuna," segir Halldór, sem lætur vinnuleysið þó ekki á sig fá heldur hefur nýtt frítímann síðan Mogginn flutti í að einbeita sér að ljóðaskrifunum.

Pólitísk ástarljóð eru sérkenni Halldórs, sem vill þó ekki skipa sér í fylkingar á stjórnmálaásinum. „Ég reyni að standa í miðjunni til að ná til allra," bætir hann við.

Halldór er ekki óvanur því að koma fram og hefur verið með strákunum í Pörupiltum á Kringlukránni. Þrátt fyrir sigurinn í gær ætlar hann að halda því áfram en vonast þó til að fá eitthvað smávægilegt upp úr sigrinum. „Ég er enn að leita eftir samningi og áhugasamir mega hafa samband við mig," segir draggkóngur Íslands 2006.

- at

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Leikararnir Scarlett Johansson og Josh Hartnett eiga í leynilegu ástarsambandi. Fjölmiðlar vestanhafs greina nú frá því að parið ætli að færa sambandið upp á næsta stig með því að kaupa sér saman hús í New York. Áður en þau geta flutt inn verða þó gerðar endurbætur á húsinu. Til að mynda verða öll svefnherbergin hljóðeinangruð.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**ÁGÚST**

9 10 11 **12** 13 14 15

### Laugardagur

### TÓNLEIKAR

- 21.00 Tékkneski tónlistarhópurinn **Musica ad Gaudium** mun halda tónleika í **Reykjahlíðarkirkju** í **Mývatnssveit**.
- 21.30 Hljómsveitin **Fræ** heldur tónleika í **Ketilhúsinu** á Akureyri Upphitun verður í höndum **Sadjei**, sem einnig er meðlimur í hljómsveitinni.
- **Kammerhátíð á Klaustri**. Fjölbreyttir tónleikar í **félagsheimilinu** á Kirkjubæjarklaustri.

### OPNANIR

- 17.00 **Arnar Ingi Gylfason** opnar málverkasýninguna **Support your local painter** á **Thorvaldsen Bar, Austurstræti 8-10.** Hljómsveitin **Jan Mayen** vermur upp gestina.
- 17.00 **Arnfinnur Amazeen** og **Gunnar Már Pétursson** opna sýninguna **VÍKINGURINN SYNGUR SÖNGVA** á Gallerí **Vesturvegg** í menningarmiðstöðinni **Skaftfelli á Seyðisfirði**.

### DANSLIST

- 18.00 **Íslenska hreyfiþróunarsamsteypan** frumsýnir Meyjarheftið á listahátíðinni **Art Fart í** húsi **Ó. Jónssons & Kaaber** við **Sætún**.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.











## Naumt tap fyrir Austurríki

Íslenska stúlknalandsliðið í körfubolta tapaði í gær fyrir Austurríki í B-deild Evrópumótsins sem fer fram þessa dagana í Finnlandi. Stúlkurnar töpuðu leiknum, 61-59, eftir að hafa lent átján stigum undir snemma leiks. Þeim tókst þó að rétta úr kútnum og voru nálægt því að vinna leikinn. Var þetta sjötta tap liðsins í jafnmörgum leikjum á mótinu.

**sport**

sport@frettabladid.is

DÓMARINN JÓHANNES VALGEIRSSON: VERÐUR EKKI LENGI FRÁ ÞRÁTT FYRIR MEIÐSLI Í BAKI

# *Málið er bara að æfa aðeins minna*

Jóhannes Valgeirsson hefur verið einn besti dómari Landsbankadeildarinnar í sumar en hann gat þó ekkert dæmt í þrettándu umferð. Hann tognaði á læri fyrir tæpum mánuði í leik Grindavíkur og Fylkis með þeim afleiðingum að það þurfti að skipta um dómara í hálfleik. Í næstu umferð þar á eftir gat hann heldur ekki klárað leikinn sem hann dæmdi vegna meiðslana og þá tók Garðar Örn Hinriksson við flautunni.

„Það hefur mikið verið gert grín að mér eftir þetta og það er bara gaman að fólk geti haft gaman að þessu," sagði Jóhannes í léttum tón en hann verður þó ekki frá út tímabilið. „Nei, sem betur fer er það ekki svo alvarlegt, ég hef bara verið slæmur í bakinu og var með klemmda taug sem orsakaði þetta. Ég vonast til að geta dæmt aftur eftir rúma viku. Ég er í fínu formi og því ætti það ekki að taka langan tíma fyrir mig að komast aftur af stað."



Jóhannes æfði af krafti fyrir tímabilið og hefur staðið sig vel í þeim leikjum sem hann hefur dæmt í sumar. „Félagar mínir hafa verið að skjóta á mig að ég sé bara búinn að æfa of mikið. Maður ætti kannski að fækka æfingunum niður í fimm sinnum í viku," sagði Jóhannes, sem hann átti að dæma landsleik Eistlands og Makedóníu í undankeppni Evrópumótsins á miðvikudag en varð að gefa það verkefni frá sér vegna meiðsla og mun Kristinn Jakobsson dæma leikinn í staðinn.

„Það er virkilega súrt að geta ekki dæmt á miðvikudaginn en ég ákvað þetta í samráði við Halldór B. Jónsson hjá KSÍ. Það er betra að gefa þetta frá sér en að mæta til leiks og vera kannski ekki tilbúinn í slaginn," sagði Jóhannes.

### > Veigar í kappi við tímann



Veigar Páll Gunnarsson er nú í kappi við tímann eftir að hafa meiðst á æfingu með liði sínu, Stabæk í Noregi, fyrr í vikunni. Stabæk mætir Lyn á sunnudag og er tvísýnt hvort Veigar, sem meiddist á hálsi, verði klár fyrir leikinn. Læknir liðsins sagði í gær að það væri mögulegt, bati hans væri það hraður. Annar Íslendingur í Noregi, Kristján Örn Sigurðsson hjá Brann, verður með liðinu á sunnudag en hann meiddist í leik með liðinu ekki fyrir löngu.



**CARLES PUYOL** Mun glíma við Eið Smára Guðjohnsen, samherja sinn hjá Barcelona, á Laugardalsvellinum. NORDICPHOTOS/GETTY

Landsleikurinn við Spán:

## Sterkasta lið Spánar mætir

**FÓTBOLTI** Luis Aragones, landsliðsþjálfari Spánar, valdi í gær 22 manna leikmannahóp sem kemur til Íslands og leikur vináttulandsleik á Laugardalsvellinum næsta þriðjudag, Einn nýliði er í hópnum, Borja Oubina sem leikur með Celta Vigo. Þetta er sterkasti landsliðshópur Spánverja og nánast sami hópur og var á heimsmeistaramótinu í Þýskalandi. Miðasala á leikinn gengur mjög vel en sala fer fram á vefsíðunni midi.is og í verslunum Skífunnar og BT. - egm

**SPÆNSKI HÓPURINN:**

| | |
|---|---|
| **IKER CASILLAS** | **REAL MADRID** |
| PEPE REINA | LIVERPOOL |
| **ANTONIO LOPEZ** | **ATLETICO MADRID** |
| PABLO IBANEZ | ATLETICO MADRID |
| **CARLES PUYOL** | **BARCELONA** |
| JUANITO | REAL BETIS |
| **MARIANO PERNIA** | **ATLETICO MADRID** |
| MICHEL SALGADO | REAL MADRID |
| **SERGIO RAMOS** | **REAL MADRID** |
| CARLOS MARCHENA | VALENCIA |
| **CESC FABREGAS** | **ARSENAL** |
| JOSE ANTONIO REYES | ARSENAL |
| **ANDRES INIESTA** | **BARCELONA** |
| XAVI | BARCELONA |
| **JOAQUIN** | **REAL BETIS** |
| LUIS GARCIA | LIVERPOOL |
| **XABI ALONSO** | **LIVERPOOL** |
| DAVID ALBELDA | VALENCIA |
| **BORJA OUBINA** | **CELTA VIGO** |
| FERNANDO TORRES | ATLETICO MADRID |
| **RAUL** | **REAL MADRID** |
| DAVID VILLA | VALENCIA |

# Hefði getað farið mun verr

**Landsliðsmaðurinn Snorri Steinn Guðjónsson meiddist á hné á æfingu með Minden í vikunni. Hann mun missa af fyrstu leikjum liðsins í þýsku deildinni.**

**HANDBOLTI** Nú eru tvær vikur í að keppni í þýsku deildarkeppninni í handknattleik fari af stað og er eftirvæntingin þar í landi að aukast jafnt og þétt. Þýskir fjölmiðlar greindu frá því í gær að Snorri Steinn Guðjónsson, sem leikur með Minden, hefði meiðst á æfingu liðsins og yrði frá í fjórar til sex vikur. Sjálfur sagðist Snorri í samtali við Fréttablaðið vonast til að komast á ról fyrr.

„Þó að læknir liðsins kalli það bjartsýni vonast ég til þess að geta spilað eftir svona þrjár vikur. Ég má ekki fara mér of hratt, mótið er ekki byrjað enn og því er nóg sem á eftir að gerast. Ef maður lítur á ljósu punktana er kannski betra að þetta komi fyrir núna frekar en seinna. Svo hefði þetta líka getað farið miklu verr," sagði Snorri, sem varð fyrir meiðslum á hné á æfingu síðasta miðvikudag,

„Ég lenti með löppina beina og þá kom samherji minn og fór beint á hnéð á mér. Þetta er eiginlega nokkurs konar tognun en sem betur fer er ekkert skemmt í löppinni. Það er allt í lagi með öll liðbönd og liðþófann og svona. Í fyrstu var óttast að eitthvað hefði slitnað en ég slapp við það og verð vonandi klár eftir svona tvær til þrjár vikur."

Minden hefur lent í miklum vandræðum vegna meiðsla nú rétt fyrir mót og mun liðið hefja tímabilið án þriggja byrjunarliðsmanna.

„Okkur hefur alla vega gengið betur á þessu undirbúningstímabili en við gerðum í fyrra. Það eru mikil meiðsli að hrjá liðið og það eru því kannski nokkuð erfiðir tímar fram undan og verður nokkurt ströggl eins og í fyrra," sagði Snorri Steinn en hann segir markmið liðsins fyrir tímabilið vera að halda sér í deildinni. „Maður verður að taka þessu þó það sé ekki það skemmtilegasta að vera í botnbaráttu."

Snorri hefur leikið frábærlega fyrir Minden á undirbúningstímabilinu og lofað góðu fyrir komandi tímabil. „Ég er búinn að æfa virkilega vel og hef verið í góðu formi svo þetta leit allt saman mjög vel út. Það er leiðinlegt að ég þurfi aðeins að staldra við núna og geti ekki komið mér í enn betra form og byrjað mótið," sagði Snorri en hann hlakkar þó mikið til að tímabilið byrji. „Eftirvæntingin hér í Þýskalandi er öll að magnast, það er handboltavænt tímabil að fara af stað því heimsmeistarakeppnin er náttúrlega haldin hér í janúar."

Auk Snorra Steins er annar Íslendingur í herbúðum Minden en hornamaðurinn Einar Örn Jónsson gekk til liðs við félagið fyrir tímabilið. „Við vorum í vandræðum með þessa stöðu í fyrra og menn eru ánægðir með hann hérna í liðinu. Hann á eftir að spila mikið, það er klárt mál," sagði Snorri Steinn. elvargeir@frettabladid.is



**Í FRÁBÆRU FORMI** Snorri Steinn Guðjónsson hefur spilað mjög vel með Minden á undirbúningstímabilinu og raðað inn mörkum. Hér er hann í landsleik gegn Noregi fyrr á árinu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Marel Baldvinsson gæti verið á leið í norsku knattspyrnuna á nýjan leik:

## Molde gerði Breiðabliki tilboð í Marel

**FÓTBOLTI** Norska úrvalsdeildarfélagið Molde vill fá Marel Baldvinsson, leikmann Breiðabliks, í sínar raðir. Marel hefur áður verið á mála hjá Stabæk í Noregi og Lokeren í Belgíu en kom heim í vetur og hugðist hætta atvinnumennsku í fótbolta og samdi við Breiðablik.

Marel hefur gengið vel í sumar og er hann markahæstur í Landsbankadeildinni með ellefu mörk. „Það hringdi í mig norskur umboðsmaður og athugaði stöðuna á mér. Ég sagði honum að ég væri samningsbundinn Breiðabliki og því þyrfti Molde að ræða málin við forráðamenn félagsins."

Norska félagið gerði svo Blikum tilboð í gær og munu forráðamenn liðsins líklega svara því eftir helgi. Þetta staðfesti Ólafur Björnsson, formaður meistaraflokksráðs karla, í samtali við Fréttablaðið í gær.

Marel hefur átt við erfið meiðsli að stríða í gegnum feril sinn og hefur sagt áður að hann ætlaði sér ekki aftur í atvinnumennsku af þeim sökum. „Ég gerði þeim grein fyrir þeirri stöðu. Ég þekki vel til norskra liða og veit að þau æfa mikið. En þeir virðast gera sér grein fyrir stöðu minni og að ég geti aðeins æft knattspyrnu einu sinni á dag. Og er það hið besta mál. Ég er tilbúinn að skoða þetta." - esá



**EKKI Í HÓPNUM** Van Nistelrooy slapp ekki inn í hóp Hollands. NORDICPHOTOS/GETTY

Landslið Hollands valið:

## Nistelrooy ekki nógu góður

**FÓTBOLTI** Hvorki Ruud van Nistelrooy né Mark van Bommel voru valdir í landsliðshóp Hollands fyrir vináttulandsleik gegn Írlandi. Landsliðsþjálfarinn Marco van Basten tilkynnti átján manna hóp í gær og kemur Klaas-Jan Huntelaar, leikmaður Ajax, inn í hópinn í stað Nistelrooys.

Van Basten og van Nistelrooy áttu í deilum í kringum heimsmeistarakeppnina og hefur það haft sitt að segja. „Ég vil meina að ég hafi valið bestu leikmennina," sagði van Basten þegar hópurinn var tilkynntur en van Nistelrooy var nýlega keyptur til Real Madrid. - egm

Beckham í kuldanum:

## Landsliðsferillinn á enda?

**FÓTBOLTI** Eftir 94 leiki með enska landsliðinu, þar af 54 sem fyrirliði, er allt útlit fyrir að landsliðsferli David Beckham sé lokið. Beckham tilkynnti eftir HM í sumar að hann ætlaði að hætta sem fyrirliði liðsins en myndi enn gefa kost á sér. Nýr þjálfari, Steve McClaren, valdi svo sinn fyrsta landsliðshóp í gær og var Beckham ekki í hópnum.

„Ég sagði David að ég hygðist breyta hlutunum og að hann væri ekki í þeim áætlunum sem ég hefði fyrir liðið," sagði McClaren. „Hann tók tíðindunum vel og sagðist ætla að berjast fyrir sæti sínu. Og það er frábært, ég mun aldrei útiloka að velja hann aftur í liðið."

John Terry, varnarmaður Chelsea, er nýr fyrirliði enska landsliðsins sem mætir Grikkjum í næstu viku. - esá

pipar / SÍA

handfrjáls búnaður í bílinn

Car kit CK-7W

* Bluetooth búnaður í bílinn
* Svarhnappur, hátalari og hljóðnemi
* Lækkar sjálfkrafa í hljómtækjum
* Sjálfvirk tenging við síma

ÚTI AÐ AKA?

Þú færð handfrjálsan búnað í bílinn í Hátækni og hjá söluaðilum NOKIA.

NOKIA

# Útsala!

*Opið í dag, laugardag kl. 11-16.*





Komdu og skoðaðu úrvalið sem að við höfum upp á að bjóða af fallegum húsgögnum og öðrum vörum með **15-50% afslætti!**

Sófasett · Stakir sófar og stólar í leður- og tauáklæði · Borðstofusett í úrvali
Skápar · Skenkar · Hillur · Skinnmottur
Speglar · Púðar · Lampar · Ljósakrónur
og ýmis smávara.

Öndvegi

HÚSGAGNAVERSLUN

Síðumúla 20 | sími 568 8799







Opið virka daga kl. 10-18, laugardaga kl. 11-16. - www.ondvegi.is / ondvegi@ondvegi.is.

## ÚR BÍÓHEIMUM

Hver mælti og í hvaða kvikmynd?

**„No, if anyone orders Merlot, I'm leaving. I am not drinking any fucking Merlot!"**

**Svar: Miles úr Sideways frá 2004**

# dagskrá

## Í TÆKINU MEL GIBSON LEIKUR Í THE PATRIOT Í SJÓNVARPINU KL. 22.30

# *Með samvaxin nýru*

Mel Columcille Gerard Gibson, eða Mel Gibson, fæddist 3. janúar árið 1956 í Peekskill í New York-ríki í Bandaríkjunum. Foreldrar hans, Hutton og Ann Gibson, fæddust í Ástralíu og var Mel sjötti af ellefu börnum þeirra.
Þó að Mel hafi fæðst í Bandaríkjunum fluttist fjölskylda hans fljótlega til New South Wales í Ástralíu. Eftir miðskóla fór Mel í háskólann í New South Wales og lærði líka í ástrólskum leiklistarskóla með leikurum eins og Judy Davis og Geoffrey Rush.
Eftir háskólann lék Mel aðeins á sviði og í nokkrum sjónvarpsþáttum. Árið 1979 var hann valinn til að leika í Mad Max og í myndinni Tim. Mad Max gerði Mel frægan um allan heim og hlaut hann ástrólsku kvikmyndaverðlaunin fyrir hlutverk sitt í Tim.
Árið 1980 giftist hann Robyn Moore en þau kynntust í gegnum stefnumótaþjónustu. Þau eru enn



saman og eiga þau sjö börn saman. Árið 1984 lék Mel fram í fyrsta sinn í amerískri mynd, The Bounty, og árið 1987 kom stóra tækifærið í Lethal Weapon. Eftir það hafa allir vegir verið greiðir fyrir Mel og vann hann til dæmis tvö Óskarsverðlaun fyrir hlutverk sitt og leikstjórn í Braveheart árið 1995 en hann ætlaði ekki að taka því hlutverki upphaflega því hann taldi sig of gamlan fyrir það.
Mel er með samvaxin nýru og heldur sig því frá áfengi, eða ætti allavega að gera. Nýlega bárust hins vegar fréttir þess efnis að hann hefði verið tekinn fyrir ölvunarakstur og sakaður um að hafa látið fúkyrði falla um gyðinga. Því verður gaman að sjá hvernig Mel vinnur úr þessu feilspori sínu.

**ÞRJÁR BESTU MYNDIR MELS:**
Lethal Weapon - 1987, Braveheart - 1995, Signs - 2002.



▶ 22.30 *Spenna*
THE PATRIOT



▶ 19.40 *Gaman*
HOT PROPERTIES



▶ 19.00 *Gaman*
SEINFELD



▶ 20.30 *Gaman*
ALL ABOUT THE ANDERSONS



▶ 10.10 *Jafnrétti*
ÓÞEKKT

## SJÓNVARPIÐ

**8.00** Morgunstundin okkar **8.01** Alda og Bára (14:26) **8.06** Bú! (1:26) **8.17** Lubbi læknir (24:52) **8.30** Bitti nú! **8.55** Sigga ligga lá (23:52) **9.07** Sögurnar okkar (6:13) **9.15** Matta fóstra og ímynduðu vinir hennar (8:26) **9.37** Gló Magnaða **9.59** Spæjarar (32:52) **10.20** Kastljós **10.50** EM í frjálsum íþróttum

**16.10** Íþróttakvöld **16.25** Mótorsport **16.55** Fótboltakvöld **17.15** Ævintýri á Atlantshafi **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Hope og Faith (61:73) **18.25** Búksorgir (4:6)

**18.54** **Lottó**
**19.00** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.40** **Kvöldstund með Jools Holland (5:6)**
**20.50** **Tilhlökkun** (Can't Hardly Wait) Bandarísk bíómynd frá 1998 um unglinga sem sletta úr klaufunum þegar skóla lýkur. Meðal leikenda eru Jennifer Love Hewitt, Ethan Embry, Charlie Korsmo, Lauren Ambrose, Peter Facinelli og Seth Green.
▶ **22.30** **Föðurlandsvinurinn** (The Patriot) Bandarísk spennumynd frá 2000 um bónda sem fer fyrir her nýlendubúa í frelsisstríðinu gegn Bretum á seinni hluta 18. aldar eftir að breskur hermaður drepur son hans. Meðal leikenda eru Mel Gibson, Heath Ledger, Joely Richardson og Tom Wilkinson. Kvikmyndaskoðun telur myndina ekki hæfa fólki yngra en 16 ára.

**1.10** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## STÖÐ 2

**7.00** Andy Pandy **7.05** Kærleiksbirnirnir (e) **7.15** Töfravagninn **7.40** Engie Benjy **7.50** Ruff's Patch **8.00** Gordon the Garden Gnome **8.35** Animaniacs **8.55** Leðurblökumaðurinn **9.15** Kalli kanína og félagar **9.25** Kalli kanína og félagar **9.40** Titeuf **10.05** The Man With One Red Shoe **11.35** S Club 7

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Bold and the Beautiful **12.45** Bold and the Beautiful **13.05** Bold and the Beautiful **13.25** Bold and the Beautiful **13.50** Idol – Stjörnuleit **15.10** Monk **15.55** Hrein og bein **16.30** The Apprentice **17.15** Örlagadagurinn **17.45** Martha

**18.30** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00** **Íþróttir og veður**
**19.05** **Lottó**
**19.10** **My Hero** (Hetjan mín) Breskir gamanþættir fyrir alla fjölskylduna.
▶ **19.40** **Hot Properties (2:13)** (Funheitar framakonur) Frá höfundum gamanþáttanna Frasier.
**20.10** **Það var lagið** .
**21.20** **Confessions of a Teenage Drama Queen** (Játningar gelgjudrottningar) Bráðfjörug og meinfyndin unglingamynd. Aðalhlutverk: Glenne Headly, Adam Garcia, Lindsay Lohan. Leikstjóri: Sara Sugarman. 2004. Leyfð öllum aldurshópum.
**22.50** **The Bride of Chucky** (Brúður Chuckys) 1998. Str. bönnuð börnum.

**0.20** Hart's War (Stranglega bönnuð börnum) **2.20** Face Off (e) (Stranglega bönnuð börnum) **4.35** My Hero **5.05** Hot Properties (2:13) **5.35** Fréttir Stöðvar 2 **6.15** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SIRKUS TV

**18.30** **Fréttir NFS**
▶ **19.00** **Seinfeld (11:22)** (The Conversion)
**19.30** **Seinfeld (12:22)** (The Stall)
**20.00** **Fashion Television (e)** Í þessum frægu þáttum færðu að sjá allt það heitasta og nýjasta í tískuheiminum í dag.
**20.30** **Sirkus RVK (e)**
**21.00** **Ghost Whisperer (4:22) (e)**
**21.45** **Falcon Beach (10:27) (e)** (Papa Was A Rolling Stone) Falcon Beach er sumarleyfisstaður af bestu gerð. Þangað fer fólk til að slappa af og skemmta sér í sumarfríinu sínu enda snýst allt þar um sumar og frelsi. En þar mætast líka tveir heimar – sumarleyfisgestirnir og íbúar bæjarins. Hvað gerist þegar einstaklingar sem eiga ekkert sameiginlegt verða á vegi hvers annars?
**22.30** **Invasion (19:22) (e)** (Son Also Rises)

**23.15** X-Files (e)

## SKJÁREINN

**11.30** Dr. Phil (e)

**13.45** The Bachelor VII (e) **14.45** Point Pleasant (e) **15.35** Trailer Park Boys (e) **16.00** Parental Control – NÝTT! (e) **16.30** Rock Star: Supernova – raunveruleikaþátturinn (e) **17.00** Rock Star: Supernova – tónleikarnir (e) **18.00** Rock Star: Supernova – úrslit vikunnar (e)

**19.00** **Beverly Hills 90210**
**19.45** **Melrose Place**
▶ **20.30** **All About the Andersons** Þegar Joe og Flo gagnrýna Anthony sem föður þá tilkynnir hann að hann þurfi ekki lengur á þeirra hjálp að halda. Anthony gerir sér grein fyrir því að Tuga þarf á honum að halda en að það sé kannski best að ala Tuga upp saman.
**21.00** **Run of the House** Þegar Kurt finnur að hann hefur ekki eytt nógu miklum tíma með Brooke ákveður hann að þjálfa boltaliðið hennar, en endar með því að verða of harður við hana.
**21.30** **Pepsi World Challenge**
**22.20** **Parkinson** Micheal Parkinson er ókrýndur spjallþáttakonungur Breta og er hann nú mættur á dagskrá SkjásEins.

**23.15** The Contender (e) **0.10** Sleeper Cell (e) **1.00** Law & Order: Criminal Intent (e) **1.50** Beverly Hills 90210 (e) **2.35** Melrose Place (e) **3.20** Tvöfaldur Jay Leno (e) **4.50** Dagskrárlok

## NFS

**10.00** Fréttir
▶ **10.10** Óþekkt
**11.00** Fréttavikan

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Skaftahlíð **13.00** Dæmalaus veröld – með Óla Tynes **13.10** Óþekkt **14.00** Fréttir **14.10** Fréttavikan **15.10** Skaftahlíð **15.45** Hádegisviðtalið **16.00** Fréttir **16.10** Vikuskammturinn **17.10** Óþekkt **18.00** Veðurfréttir og íþróttir

**18.30** **Kvöldfréttir**
**19.10** **Fréttavikan**
**20.10** **Kompás (e)** Íslenskur fréttaskýringaþáttur í umsjá Jóhannesar Kr. Kristjánssonar. Í hverjum þætti eru tekin fyrir þrjú til fjögur mál og krufin til mergjar. Eins og nafnið gefur til kynna verður farið yfir víðan völl og verður þættinum ekkert óviðkomandi. Kynnar eru þulir NFS: Sigmundur Ernir Rúnarsson Logi Bergmann Eiðsson, Edda Andrésdóttir o.fl.
**21.00** **Skaftahlíð** Maður vikunnar. Viðtal í umsjá fréttastofu NFS.
**21.35** **Vikuskammturinn** Samantekt með áhugaverðasta efni NFS frá vikunni sem er að líða.
**22.30** **Kvöldfréttir**

**23.10** Síðdegisdagskrá endurtekin

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Mon Pere, ma mere, mes freres et mes soeurs **8.00** Finding Graceland **10.00** Win A Date with Ted Hamilton! **12.00** Seabiscuit **14.15** Mon Pere, ma mere, mes freres et mes soeurs **16.00** Finding Graceland **18.00** Win A Date with Ted Hamilton! **20.00** **Seabiscuit** Sannsöguleg stórmynd sem var tilnefnd til sjö Óskarsverðlauna. Sagan gerist í Bandaríkjunum á kreppuárunum og segir frá þremur ólíkum samstarfsmönnum með eitt sameiginlegt markmið. Aðalhlutverk: Jeff Bridges, Tobey Maguire, Chris Cooper. Leikstjóri: Gary Ross. 2003. Leyfð öllum aldurshópum. **22.15** **Speed** (Leifturhraði) Sígild háspennumynd með Keanu Reeves og Söndru Bullock í aðalhlutverkum. Leikstjóri: Jan De-Bont. 1994. Stranglega bönnuð börnum. **0.00** Cradle 2 the Grave (Stranglega bönnuð börnum) **2.00** Malicious Intent (Civility) (Stranglega bönnuð börnum) **4.00** Speed (Stranglega bönnuð börnum)

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! News **12.30** The Daily 10 **13.00** Child Star Confidential **13.30** 10 Ways **14.00** E! Entertainment Specials **15.00** THS Jennifer Lopez **17.00** Child Star Confidential **17.30** 10 Ways **18.00** E! News Weekend **19.00** Beyonce Revealed **21.00** Sexiest Latin Lovers **22.00** Girls of the Playboy Mansion **22.30** Girls of the Playboy Mansion **23.00** Wild On Tara **23.30** Wild On Tara **0.00** Beyonce Revealed **2.00** Wild On Tara

## AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15



## VIÐ MÆLUM MEÐ ...

Confessions of a Teenage Drama Queen Kl. 21.20

### *Gelgjumynd af bestu gerð*



Bráðfjörug og meinfyndin unglingamynd sem gefur skemmtilega og glettilega sanna innsýn í líf og angist unglinganna. Lindsay Lohan, sem er orðin ein af stærstu stjörnum Hollywood, leikur ofdekraða unglingsstelpu sem heldur að heimurinn snúist í kringum hana. En þegar foreldrar hennar skilja og móðir hennar flytur með hana úr stórborginni í úthverfið þarf stúlkan í fyrsta sinn að keppast um athyglina við aðrar unglingsstelpur sem ekki eru tilbúnar að segja já og amen við öllu því sem hún segir og gerir. Með önnur stór hlutverk í myndinni fara meðal ananrs þau Glenne Headly og Adam Garcia.

## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | | | | 6 | | | | 7 |
| | | | 2 | | 3 | | | 4 |
| 4 | 5 | | | | | | | |
| 3 | | 2 | | | 9 | | | |
| | | 7 | | | | 6 | | |
| | | | 4 | | | 3 | | 5 |
| | | | | | | | 4 | 3 |
| 8 | | | 1 | | 5 | | | |
| 6 | | | | 2 | | | | 9 |

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 6 | 2 | 4 | 1 | 5 | 9 | 3 | 7 |
| 9 | 1 | 5 | 8 | 3 | 7 | 6 | 4 | 2 |
| 3 | 4 | 7 | 2 | 6 | 9 | 8 | 5 | 1 |
| 6 | 2 | 9 | 1 | 4 | 3 | 7 | 8 | 5 |
| 1 | 3 | 4 | 5 | 7 | 8 | 2 | 6 | 9 |
| 7 | 5 | 8 | 9 | 2 | 6 | 3 | 1 | 4 |
| 2 | 7 | 3 | 6 | 5 | 1 | 4 | 9 | 8 |
| 5 | 8 | 6 | 7 | 9 | 4 | 1 | 2 | 3 |
| 4 | 9 | 1 | 3 | 8 | 2 | 5 | 7 | 6 |



▶ 19.00
*Golf*

THE INTERNATIONAL

### SÝN besta sætið

**9.50** KB banka mótaröðin í golfi 200 **10.50** Ensku mörkin 2006-2007 **11.20** Enska deildin 2006-2007 (Stoke – Birmingham)

**13.20** Samfélagsskjöldurinn 2006 – upphitun **13.50** Meistaradeild Evrópu 2006 (Dynamo Zagreb – Arsenal) **15.30** Kraftasport **16.00** Pro Bull Riders **17.00** Kóngur um stund (5:16) **17.30** President Cup – 2005

**18.30** **US PGA í nærmynd** (Inside the PGA) Vikulegur fréttaþáttur þar sem fjallað er um bandarísku mótaröðina í golfi á nýstárlegan hátt.

▶ **19.00** **PGA-golfmótaröðin: The International** (The International) Bein útsending frá þriðja degi International mótsins á bandarísku PGA mótaröðinni í golfi. Retief Goosen frá Suður Afríku sigraði á mótinu í fyrra sem fram fer á Castle Pines vellinum í Colorado. Efsta manni heimslistans Tiger Woods hefur aldrei tekist að sigra á þessu móti.

**22.00** **Enska deildin 2006-2007** (Stoke – Birmingham) Útsending frá leik Stoke City og Birmingham City í 1. deild ensku knattspyrnunnar. Mikilvægt er að byrja vel í upphafi leiktíðar og hart verður barist um stigin.

**23.40** Box – Asturo Gatti v. Carlos B

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.50** Bæn **8.05** Músík að morgni dags **9.03** Út um græna grundu **10.05** Veðurfregnir **10.15** Sameinuð stöndum vér **11.00** Vikulokin

**12.00** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Laugardagsþátturinn **14.00** Teygjan **14.40** Fararheill **15.10** Með laugardagskaffinu **16.10** Sakamálaleikritið

**17.20** Lokkandi ljóð og lítil lína **18.00** Kvöldfréttir **18.28** Besti tíminn **19.00** Kringum kvöldið **19.30** Stefnumót **20.15** Sögur af sjó og landi **21.05** Djassgallerí New York **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Flakk **23.10** Danslög

### RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **9.03** Helgarútgáfan **10.05** Helgarútgáfan **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Helgarútgáfan

**16.08** Geymt en ekki gleymt **18.00** Kvöldfréttir **18.28** Tónlist að hætti hússins **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** PZ **22.10** Næturvörðurinn **2.03** Næturtónar

### BYLGJAN FM 98,9

**9.00** Gulli Helga

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Rúnar Róbertsson **16.00** Ragnar Már

**18.30** Kvöldfréttir **19.00** Ívar Halldórsson

### AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt Bylgjan** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 97,7 X-ið** / Enginn viðbjóður


HVÍTA HÚSIÐ / SÍA





## HRÓSIÐ...

*fær Tinna Pétursdóttir, sem hannaði vatnsflösku fyrir stærsta vatnsframleiðandann á Ítalíu.*

# Samþykkt af sænska kónginum

Einn yngsti ræðismaður landsins er að setja sig í stellingar í starfi. Þórunn Harðardóttir var nýverið skipuð heiðursræðismaður Svíþjóðar með aðsetur á Húsavík. Hún er 28 ára starfsmaður hvalaskoðunarfyrirtækisins Norðursiglingar.

„Þetta kom til að frumkvæði sendiherra Svíþjóðar hér á landi," segir Þórunn glaðlega þegar hún gefur sér tíma til að spjalla milli hvalaskoðunarferða. Sendiherrann og Þórunn hafa starfað saman í hópi að undirbúningi verkefnisins Garðarshólma en það er tileinkað Garðari Svavarssyni, Svíans sem fann Ísland á undan Hrafna-Flóka og sjálfum Ingólfi Arnarsyni. „Þessi sænska tenging er mjög sterk hérna á Húsavík," segir Þórunn, sem vill gera Húsavík að sænska bænum á Íslandi.



**VIKTORÍA SVÍAPRINSESSA** Hringir í Þórunni ef hún lendir í vandræðum á Húsavík.

Ræðismennska er unnin í sjálfboðavinnu og hefur Þórunn alla trú á að starfið við Norðursiglingu fari vel saman við að vera heiðursræðismaður. „Stór hluti starfsins verður að vera til upplýsingagjafar fyrir Svía sem hugsanlega lenda í einhverjum vanda og vera með upplýsingagjöf um Svíþjóð á svæðinu," segir Þórunn.

Setning ræðismanns þarf að fara eftir sérstökum leiðum. „Sendiherrann sækir um þetta til utanríkisráðuneytisins í Svíþjóð. Þar fer umsóknin í gegnum eitthvert ferli sem mér er ekki kunnugt um, þar sem hún fer meðal annars inni á borði hjá kónginum."

Þórunn er yngsti ræðismaður Svíþjóðar en alls starfa um 380 ræðismenn landsins víðs vegar um heiminn. „Ég veit satt að segja ekki til þess hvort það eru margir í þessu starfi hér á landi sem eru á mínum aldri eða af mínu kyni," segir Þórunn Harðardóttir. -at



**ÞÓRUNN HARÐARDÓTTIR HEIÐURSRÆÐISMAÐUR** Umsókn ræðismanna þarf að fara í gegnum ferli hjá utanríkisþjónustunni og fer meðal annars inn á borð til sænska kóngsins.



**LÁRÉTT** 2 viðskipti 6 klaki 8 angra 9 á nefi 11 hröð 12 ávöxtur eikartrés 14 lyftitæki 16 í röð 17 niður 18 fæða 20 ónefndur 21 gróft orð.

**LÓÐRÉTT** 1 gapa 3 samtök 4 umhirða 5 samstæða 7 undirstaða 10 planta 13 flan 15 dugnaður 16 hald 19 skyldir.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2 kaup, 6 ís, 8 ama, 9 nös, 11 ör, 12 akarn, 14 krani, 16 tu, 17 suð, 18 ala, 20 nn, 21 klám.

**LÓÐRÉTT:** 1 gína, 3 aa, 4 umönnun, 5 par, 7 sökkull, 10 sar, 13 ras, 15 iðni, 16 tak, 19 aá.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. Chippendales-danshópurinn.
2. Salalaug, Kópavogi.
3. Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra.

Stórmarkaður í stofunni heima
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ

RAGNAR KJARTANSSON: FETAR Í FÓTSPOR FÖÐUR SÍNS

# Annar ættliðurinn í búningamálum Stuðmanna

„Nei, við erum ekki arftakar Stuðmanna," segir Ragnar Kjartansson, söngspíra glysrokksveitarinnar Trabant, en í kvöld verður æði sérstakt sveitaball í reiðhöll sem staðsett er milli Hveragerðis og Selfoss og hefur hlotið nafnbótina Suðurlandsskjálftinn 2006. Hljómsveitirnar Stuðmenn og Trabant taka þar höndum saman og skella upp miklum dansleik en tónleikarnir eru lokahnykkurinn á ferð Stuðmanna um landið. „Þeir eru auðvitað stórkostlegir og ein besta íslenska stofnunin," lýsir Ragnar yfir og bætir því að Trabant sé vissulega undir áhrifum frá gömlu „Stuðmannarugli" eins og hann kemst að orði. „Stuðmenn eru áhrifamikil hljómsveit," segir Ragnar og bætir því að nokkur spenningur ríki í herbúðum hljómsveitarinnar enda eru þeir ekki vanir að spila á alvöru sveitaballi. Herlegheitin hefjast á miðnætti og hafa Stuðmenn brugðið á það ráð að bjóða íbúum norðaustur- og vestur kjördæmi frítt á tónleikana en það eina sem þeir þurfa að gera er að framvísa skilríkjum sem sanna búsetu þeirra þar.

Stuðmenn hafa vakið þó nokkra athygli fyrir þá gestasöngvara sem hafa fylgt þeim á leið um landið og nægir þar að nefna Valgeir Guðjónsson og Stefán Karl Stefánsson. Ragnar ber þann draum með sér í brjósti að þeir Trabant-liðar geti einnig boðið gestum dansleiksins upp á viðlíka stjörnur. „Kannski tekur Íþróttaálfurinn eða Magni lag með okkur," segir Ragnar og hlær en útilokar ekki að hann muni stíga á stokk með Stuðmönnum seint um kvöldið. „Það getur allt gerst," segir hann.

Þótt Trabant og Stuðmenn hafi ekki komið fram saman áður eru Ragnar og fjölskylda hans ekki alls ókunnug hljómsveit Íslands. Ragnar hannaði búninga og sviðsmynd Stuðmanna en faðir hans, Kjartan Ragnarsson, er ansi nátengdur Stinna stuð sem flestir Íslendingar ættu að kannast við úr kvikmyndinni Með Allt á hreinu. Stinni klæddist þar ansi skrautlegum búningum en þeir voru allir fengnir frá Þjóðleikhúsinu og eiga ættir sínar að rekja til Kjartans, sem hafði klæðst þeim á sviði. Það má því með sanni segja að hringurinn lokist í kvöld þegar Trabant og Stuðmenn trylla Sunnlendinga.

freygigja@frettabladid.is



**FARIÐ Á KOSTUM** Birgitta Haukdal hefur farið létt með að fylla skarð þeirra Hildar Völu og Ragnhildar Gísladóttur sem söngkona Stuðmanna. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



**RAGNAR KJARTANSSON** Hannar búninga fyrir Stuðmenn og leikur á dansleik með þeim í kvöld.



**KJARTAN RAGNARSSON** Faðir Ragnars sem tengist Stinna stuð á sérstakan hátt. Kjartan hafði leikið í öllum búningum Stinna stuð, sem hann klæddist í Með allt á hreinu, í Þjóðleikhúsinu áður.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Meistari Morrissey er kominn til Íslands og heldur tónleika í Laugardalshöll í kvöld. Söngvarinn margfrægi spókaði sig í Kringlunni í gær með konu sinni og barni. Meðal þeirra verslana sem hann lét sjá sig í var 17 og þar mun hann hafa keypt sér jakkaföt til að líta sem best út á tónleikunum. Þrátt fyrir að hafa verið vinsæll söngvari í aldarfjórðung þurfti Morrissey ekki að hafa áhyggjur af því að vera ónáðaður í Kringlunni. Starfsfólk flestra verslana hafði ekki hugmynd um hver hann væri og mun söngvarinn hafa kunnað þessu ágætlega.



Og meira af Morrissey því skipuleggjendur Gay Pride göngunnar í miðborg Reykjavíkur í dag gera sér miklar vonir um að hann láti sjá sig í göngunni. Margir hafa viljað túlka texta söngvarans á þann veg að þeir fjalli um ástir samkynhneigðra en sjálfur hefur hann aldrei ljáð máls á því að hann sé samkynhneigður. Ekkert hefur heyrst um hvort Morrissey láti sjá sig svo göngufólk verður einfaldlega að hafa augun opin.



Töluverð eftirsjá er að stórtónleikum Rásar 2 á Miðbakka á Menningarnótt sem verða ekki í ár vegna framkvæmda á hafnarsvæðinu. Björgólfur Guðmundsson og hans fólk í Landsbankanum ætla þó að gera sitt til að fylla upp í tómarúmið. Smekkleysinginn Einar Örn Benediktsson hefur verið ráðinn til að skipuleggja tónleika með fjölmörgum hljómsveitum af yngri kynslóðinni. Stórt svið verður sett upp fyrir framan útibú Landsbankans á Laugavegi 77 þar sem yngri kynslóðin fær að rokka frá hádegi og fram á kvöld. - hdm





Stór humar, túnfiskur og úrval fiskrétta á grillið
FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, sími 588 8686
opið alla laugardaga 11-14

# Spila hvernig sem viðrar

„Við höfum aðeins einu sinni sleppt úr fimmtudegi frá árinu 2001," segir Guðjón Árnason, einn liðsmanna félagsskapar sem ber hið mjög svo hógværa nafn Meistarar! en það er hópur góðra félaga sem spila golf á hverjum fimmtudegi á Keilisvellinum í Hafnarfirði. „Þetta eru allt saman strákar sem tengjast FH á einn eða annan hátt," útskýrir Guðjón en þeir hafa vakið mikla athygli fyrir mikla hörku og spila átján holur uppi á Keili, nánast hvernig sem viðrar. „Við byrjuðum nokkrir saman árið 2001 með fasta tíma á fimmtudögum og við erum orðnir 16 í dag," útskýrir Guðjón og bætir við að félagið sé fullmannað. „Menn geta svo sem sótt um aðild ef þeir vilja fá formlega neitun," segir hann.

Þegar ljóst var að þessi félagsskapur væri að verða að formlegum „klúbbi" settust vinirnir niður og lögðust í mikla hugmyndavinnu með nafnið. „Fyrst komu hugmyndir eins og „Kapla-kempur" eða „Krika-karlar" með tilvísun til heimavallar Hafnarfjarðarstórveldisins," segir Guðjón en svo fengu þeir þá flugu í hausinn að kalla sig Meistarar!. „Þetta er komið frá Birgi Björnssyni, vallarverði hjá Keili, og félögum sem skipuðu meistaraflokk FH á árunum 1960 til 1970 og unnu allt sem hægt var að vinna," útskýrir Guðjón. „Þeir höfðu þann háttinn á að kasta kveðjunni „Sæll, meistari" á hvorn annan enda höfðu þeir svo sem efni á því," heldur hann áfram. „Við fórum þess því á leit við Birgi að fá að nota þetta nafn og hann gaf að sjálfsögðu góðfúslegt leyfi sitt," segir Guðjón. - fgg



**MEISTARAR!** Meðal þeirra sem eru hluti af þessum frækna félagsskap eru Hálfdán Þórðarson, Guðjón Árnason og Bergsveinn Bergsveinsson sem allir léku stórt hlutverk í meistaraliði FH í upphafi tíunda áratugarins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# LAGER SALA

TÓNLIST · TÖLVULEIKIR · DVD

OPIÐ 11-19 ALLA DAGA!

ÞÚSUNDIR GEISLADISKA, DVD
OG TÖLVULEIKJA Á ÆVINTÝRALEGU VERÐI!

# FRÁ 199,-

EKKI MISSA AF ÞESSU!

LAGERSALA FELLSMÚLA 28
(GAMLA WORLD CLASS HÚSINU)

...GERÐU BESTU KAUPIN ▶

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**







**BAKÞANKAR**

GUÐMUNDAR STEINGRÍMSSONAR

## Ofurlaun

Það er staðreynd, sem stundum er vanmetin, að sumir hafa meiri áhuga á peningum en aðrir. Margt fólk leitar annars í lífinu en að eiga ofsalega mikið fé, þótt flestir vilji jú eiga nóg að bíta og brenna. Sumir telja veraldlegan auð mikinn hégóma. Aðrir eru kapítalistar. Kapítalisti er samkvæmt minni skilgreiningu manneskja sem á nóga peninga, en vill samt alltaf meira. Þannig eru sumir kapítalistar, en aðrir ekki. Nákvæmlega eins og sumir eru alkóhólistar, en aðrir ekki. Alkóhólisti drekkur alltaf meira en hann þarf.

**EINHVERJIR** kunna að lesa úr þessari skilgreiningu ákveðið virðingarleysi gagnvart auðmönnum, líkt og ég telji auðsöfnun þeirra bera vitni um fíkn. Kannski er það of langt gengið, en þó ekki fjarri lagi. Einu sinni sá ég viðtal við auðmann. Hann var spurður hvað drifi hann áfram. Hvers vegna vildi hann alltaf meira? Átti hann ekki nóg? Hann svaraði með því að líkja sér við íþróttamann. Hann vildi alltaf stökkva hærra. Hlaupa hraðar.

**Á** ákveðnu stigi hætta peningar að vera peningar. Venjulegt fólk notar peninga sem gjaldmiðil. Maður fær þá fyrir að gera eitthvað ákveðið. Og maður notar þá til þess að kaupa sér eitthvað ákveðið. Á vissu stigi auðsöfnunar hættir þetta að vera svona. Magn peninganna verður slíkt að tilvist þeirra er ekki lengur fyrst og fremst spurning um að geta keypt eitthvað – það er orðið aukaatriði – heldur eru peningarnir orðnir að tákni um vissa tegund af afmarkaðri velgengni. Sumir eru góðir í bridge. Aðrir eru góðir í að kaupa og selja.

**ÞETTA** er þó aðeins önnur hliðin á peningnum. Í umræðu um ofurlaun forstjóranna undanfarið hafa margir hlaupið til og fordæmt misskiptingu auðsins. Launabilið er orðið tvöhundruðfalt. Nú er ég einn af þeim sem telja ekkert sérstaklega eftirsóknarvert að eiga skrilljón trilljónir, átta einkaþotur og fimmtíuogfimm sportbíla. Hver á að fara með alla þessa bíla í smurningu? Aukinheldur tel ég að það sé ekki eftirsóknarvert að sitja heima hjá sér með fimm tölvuskjái og fylgjast með þróun markaða í því augnamiði að græða sem mest fé. Betra er að vera hamingjusamur með minna fé en stressaður með mikið.

**EN** þó vil ég segja eftirfarandi: Misskiptingin er áhyggjuefni. Ekki vegna þess að sumir eru orðnir ofsalega ríkir, heldur vegna þess hversu margir eru fátækir. Það er ekki ástæða til að fordæma há laun ef þeirra er réttlátlega aflað – sem er reyndar ekki alltaf raunin – heldur er meiri ástæða til að fordæma það að fátækt líðist í landinu. Þá fordæmingu skortir stundum og aðgerðir að sama skapi. Niðurstaðan er þessi: Ef enginn þarf að búa við skort og ef allir eiga jöfn tækifæri á því, ef þeir svo kjósa með mikilli vinnu og menntun að verða ríkir, þá er mér slétt sama um það í hversu mörgum heimsálfum sumir eiga hús. Nokkuð skortir hins vegar upp á að þessum skilyrðum sé fullnægt.


